


**ARNDÍS MOGENSEN**

*Kennir ófrískum konum magadans*

Heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

**ARI ALEXANDER**

*Sýnir tvær stuttmyndir í Háskólabíói*

Fjallar um stríðið í Írak og þátttöku Íslendinga

**FÓLK 34**








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. mars 2006 — 65. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

### Hættir vegna fuglaflensu



Hamskerinn Haraldur Ólafsson ætlar að hætta að stoppa upp fugla af ótta við hina skæðu fuglaflensu.

FÓLK 34

### Móðurmálið

„Það er lágmarkskrafa að menn sem hafa atvinnu af skrifum beri skynbragð á atvinnutækið sitt, þ.e. tungumálið og bregði t.d. ekki fyrir sig máltækjum og orðtökum án þess að vita nokkurn veginn hvað þau merkja," segir Inga Rósa Þórðardóttir.

Í DAG 18

### Nýr sóknarprestur í Hallgrímskirkju



Séra Birgir Ásgeirsson þekkir sérstöðu Hallgrímskirkju og veit að hann á eftir að hafa í nógu að snúast í nýju starfi.

TÍMAMÓT 20

### Sverrir fer á kostum



Sverrir Björnsson hefur bundið saman varnarleikinn hjá toppliði Fram það sem af er tímabilsins á sínu fyrsta tímabili eftir þriggja ára hvíld frá handboltanum.

ÍÞRÓTTIR 30

### VEÐRIÐ Í DAG




**ÁFRAM VÆTA** Í dag verður stíf suðaustlægt átt á landinu sunnan- og vestanverðu, annars heldur hægari. Rigning eða skúrir, fyrst um sunnan og vestanvert landið en víðar í kvöld. Hiti 3-6 stig.

VEÐUR 4






# Elding gerði gat á flugvélina

**Farþegar Icelandair fengu áfallahjálp eftir að eldingu sló niður í vél sem var nýlögð af stað til Bandaríkjanna. Henni var snúið og lenti giftusamlega á Keflavíkurflugvelli. Gat kom á nefhlíf vélarinnar.**

**SAMGÖNGUR** Flugvél frá Icelandair var snúið til Keflavíkur eftir að eldingu sló í nef hennar tíu til fimmtán mínútum eftir flugtak rétt rúmlega sex í gærkvöldi. Leiðin lá til New York í Bandaríkjunum. Ekki urðu skemmdir á tæknibúnaði en radar vélarinnar sló út og skipta verður um nefhlíf sem á kom gat við eldinguna. Leiðin lá til New York með 180 farþega, flestir Íslendingar, Danir og Bandaríkjamenn.

Pálmi Gestsson var ásamt konu sinni á leið í stutt frí. „Höggið var mikið og hávær og mikill hvellur heyrðist. Maður vissi ekki hvað hafði gerst en vélinni fipaðist ekki flugið." Pálmi segir að hann hafi ekki orðið smeykur og að farþegar hafi haldið ró sinni. „Viðbrögð áhafnarinnar voru fagleg og góð. Flugstjórinn tilkynnti strax hvað hefði gerst og að þeir hefðu fulla stjórn á vélinni. Áhöfnin róaði farþegana, sem þurfti nú varla því ég sá ekki að nokkur missti stjórn á sér."



**FLUGVÉL ICELANDAIR Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI** Engum farþeganna snerist hugur um að halda til Bandaríkjanna þó flugvél sem þeir voru í hefði verið snúið til lendingar með gati á nefhlíf eftir eldingu. Hávær hvellur heyrðist og blossi sást er eldingunni laust í nef vélarinnar. Vélinni fipaðist ekki flugið þrátt fyrir eldinguna. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Hilmar Baldursson, flugrekstrarstjóri Icelandair, segir um eina flugvél frá félaginu verða fyrir eldingu á ári. „Öll kerfi virkuðu eðlilega í vélinni og var lendingin því sem hver önnur." Radarinn sem sló út hafi ekki áhrif á flugeiginleika véla. Hann sé fyrst og fremst notaður til að fylgjast með veðri. Ekki var vitað í gærkvöldi hvort hann skemmdist.

Icelandair leitaði til Rauða krossins, sem sendi fjóra fulltrúa til að veita áfallahjálp. Karl Georg Magnússon, formaður neyðarnefndar Rauða krossins á Suðurnesjum, segir áhöfnina hafa brugðist hárrétt við og aðstoðað þau fjögur frá hjálparsamtökunum við að veita fólki áfallahjálp eftir að komið var inn í flugstöðina. Fólk hafi verið rólegt og enginn hætt við flugið síðar um kvöldið.

Jóhann R. Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, segir engan umframviðbúnað hafa verið við lendingu vélarinnar. Atvikið hafi borið brátt að og hættan engin verið. - gag



**KÁTT Á HJALLA Á ALÞINGI** Ekki er alltaf alvörunni fyrir að fara á Alþingi. Þeir kollegarnir Árni Mathiesen fjármálaráðherra og Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra skemmtu sér að minnsta kosti konunglega yfir einhverju spaugilegu í þingsal í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Íslenskur eldfjallafræðingur:

## Grefur upp Pompei Asíu

**FORNLEIFAR** Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur vinnur að því ásamt hópi vísindamanna að grafa upp bæ við eldfjallið Tambora á Indónesíu sem varð undir árið 1815 í einu aflmesta eldgosi sögunnar.

Stórkostleg menningarverðmæti hafa komið í ljós sem Haraldur segir að geti þjónað svipuðum tilgangi fyrir Asíu og ítalska þorpið Pompei fyrir Evrópu. „Aðstæður við Tambora eru svipaðar og í Pompei eftir því sem rannsóknir okkar hafa sýnt. Í báðum tilfellum gróf ust bæirnir undir á svipstundu í kraftmiklum eldgosum og varðveisla á stórkostlegum menningarverðmætum er að koma æ betur í ljós." Fjölmiðlar hafa sýnt rannsóknum Haraldar mikinn áhuga, meðal annars breska ríkisútvarpið. - mh/sjá nánar síðu 14






Siv Friðleifsdóttir segir einingu í ráðherraliði Framsóknarflokksins:

# Öll togstreita er að baki

**STJÓRNMÁL** Sif Friðleifsdóttir tekur við embætti heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í dag af Jóni Kristjánssyni, sem færir sig yfir í félagsmálaráðuneytið. Jón tekur við af Árna Magnússyni, sem hefur ákveðið að draga sig í hlé af persónulegum ástæðum.

Aðdragandi breytinganna var mjög stuttur að sögn Sivjar, sem var kunnugt um að breytingar stæðu til en vissi ekki hvaða.

Siv, sem er sjúkraþjálfari að mennt, hefur setið í heilbrigðisnefnd Alþingis allan þann tíma sem hún hefur setið á þingi utan ráðuneytis og vann á heilbrigðissviði í tæpan áratug áður en hún lagði sig. Ríkisstjórn og þing hafa forgangsraðað í heilbrigðisáætlun til ársins 2010 og mun Siv fylgja henni eftir. Aðspurð um áherslubreytingar segist hún ætla að skoða öldrunarmál sérstaklega ásamt lífsháttartengdum sjúkdómum.



SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR

Siv telur umræðu um hugsanlegan arftaka Halldórs Ásgrímssonar algerlega ótímabæra og segir flokkinn standa þétt við bakið á honum í hans störfum. Umræðu sem hafi skapast um erfðaprinsa segir Siv koma frá stjórnarandstöðu til að koma höggi á Framsóknarflokkinn en mikill stuðningur sé við þessar breytingar innan flokksins og öll togstreita að baki.

- sdg



## SPURNING DAGSINS

*Vernharð, ertu ekki lengur í eldlínunni?*

„Það er alltaf brennandi heitt í kringum slökkviliðsmenn.“

Vernharð Guðnason er formaður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Hann hefur staðið í ströngu að undanförnu í viðræðum við Launanefnd sveitarfélaganna. Nú hafa samningar náðst og verkfalli hefur verið afstýrt.

Tengill á tölvupósta Jónínu Benediktsdóttur á Málefnin.com:

# Neyddist til að loka vefnum

**TÖLVUSKEYTI** Stefán Helgi Kristinsson, eigandi vefsins malefnin.com ákvað í gær að loka vefnum vegna tengils sem vísaði á tölvubréf Jónínu Benediktsdóttur.

Stefán segir birtingu tölvuskeytanna á bandarísku vefsvæði ekki koma sér neitt við. „Birting þessara bréfa er alls ekki á mínum vegum. Það birtist tengill inn á bréfin í skilaboðum frá notanda á vefnum.“

Jónína Benediktsdóttir hringdi síðan í Stefán og óskaði eftir því að tengillinn yrði umsvifalaust tekinn útaf vefnum.

Stefán segist hafa brugðist skjótt við beiðninni og ekki hafa getað gert neitt annað en að loka vefnum. „Það er í raun hægt að setja inn tengil á hvaða efni sem er. Mér skilst að lagaleg ábyrgð mín taki gildi um leið og tengillinn hefur birst á vefnum og því reyndi ég að bregðast eins fljótt við og ég gat.“

Hróbjartur Jónatansson, lögmaður Jónínu Benediktsdóttur, segir það áhyggjuefni að fólk geti birt ærumeiðandi ummæli í skjóli nafnleyndar. „Það er auðvitað slæmt ef hægt er að komast upp með að brjóta ákvæði hegningarlaganna um ærumeiðingar og upplýstranir á einkahögum fólks, í skjóli nafnleyndarinnar. Þessu atriði í lögunum þarf að breyta.“

**magnush@frettabladid.is**



**JÓNÍNA BENEDIKTSDÓTTIR OG HRÓBJARTUR JÓNATANSSON** Eigandi malefna.com lokaði vefnum eftir að tengill inn á tölvuskeyti Jónínu Bendiktsdóttur var birtur í vefnum. Lögmaður hennar krefst þess að brugðist verði við ærumeiðingum sem birtast á vefnum undir nafnleynd. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Hafrannsóknastofnunin:

# Sjávarhiti yfir meðallagi

**SJÁVARHITI** Sjávarhiti og selta sjávar eru áfram yfir meðallagi umhverfis landið, samkvæmt nýjum niðurstöðum sjórannsóknaleiðangurs Hafrannsóknastofnunar.

Þannig mældist hitastig vel yfir meðallagi úti fyrir Suður- og Vesturlandi. Sömu sögu var að segja af sjávarhitastigi fyrir norðan landið, sem reyndist yfir meðallagi síðustu þrjátíu ára, en norðaustan- og austanlands reyndist hitastig í meðallagi. Rannsóknirnar sýndu enn fremur að botnhiti umhverfis landið var svipaður og síðasta vetur. **- aöe**

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

# Annar arftakinn sem fer

**STJÓRNMÁL** „Ég veit ekkert hvað býr þarna að baki. En það liggur ljóst fyrir að brotthvarf Árna Magnússonar veikir auðvitað Framsóknarflokkinn,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar. „Það vekur athygli að Árni er annar maðurinn í röð sem orðaður hefur verið við það að verða arftaki Halldórs Ásgrímssonar á formannstóli en hverfur á braut úr stjórnmálum. Hinn fyrri var Finnur Ingólfsson. En það er vandamál Halldórs en ekki mitt,“ segir Ingibjörg Sólrún. **- jh**



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**



**LÖGREGLAN AÐ STÖRFUM Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR** Tveir særðust í hnífstunguárásum í Reykjavík með stuttu millibili um síðastliðna helgi.

# Lögregla vill banna fólki að bera hnífa

## Geir Jón Þórisson hefur áhyggjur af vaxandi vopnaburði. Steinunn Valdís Óskarsdóttir vill löggæslu til sveitarfélaga en Vilhjálmur Þ. segir þess ekki þörf.

**VOPNABURÐUR** Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, vill að íslensk stjórnvöld fari að fordæmi Norðmanna og banni alfarið hnífaburð á meðal almennings og beiti við því hörðum viðurlögum.

Geir segir vopnaburð hafa færst í vöxt og lýsir hann yfir áhyggjum sínum með þá þróun. „Mér finnst liggja í augum uppi að það þurfi að banna hnífaburð. Í Noregi er tekið á vopnaburði með strangari viðurlögum en hér á landi. Háum fjársektum er beitt fyrir hnífaburð á almannafæri. Þetta er orðið alvarlegt vandamál hérlendis og það þarf að taka á þessum vanda með ákveðnum aðgerðum. Ég sé ekkert áhrifaríkara heldur en bann.“

Tveir ungir karlmenn slösuðust nokkuð í slagsmálum í miðbæ Reykjavíkur um helgina og í báðum tilfellum beittu árásarmennirnir hnífum. Í fyrra tilvikinu var piltur stunginn inni á skemmtistað við Tryggvagötu eftir að sló í brýnu milli tveggja manna inni á staðnum.

Sólarhring síðar brutust út hópslagsmál skammt frá Grillhúsinu við Tryggvagötu og enduðu deilur tveggja manna með því að annar maðurinn var stunginn ítrekað í bakið. Árásarmaðurinn reyndi að flýja á bíl sínum af vettvangi en lögreglumenn stöðvuðu hann skömmu seinna. Bæði málin eru í rannsókn en að sögn lögreglu er enn óljóst hver var kveikjan að hópslagsmálunum sem leiddu til þess að maður á tvítugsaldri var stunginn í bakið. Annar árásarmannanna hefur játað verknaðinn.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri segir það vera ríkisins að svara fyrir löggæslumál en henni finnst þó vera umhugsunarefni hvort ekki sé rétt að færa störf lögreglunnar til sveitarfélaganna. „Ég hef haldið því fram í næstum tíu ár að störf lögreglunnar eigi að vera á forræði sveitarfélaganna. Öryggismálin standa sveitarfélögunum að mörgu leyti nærri.“



**GEIR JÓN ÞÓRISSON** Vill að vopnaburður í miðbæ Reykjavíkur verði tekinn fastari tökum.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn, hefur áhyggjur að því að vopnaburður í Reykjavík sé orðið stórt vandamál. „Björn Bjarnason dómsmálaráðherra setti á laggirnar nefnd til þess skoða hina ýmsu samskiptaþætti borgarinnar og lögreglunnar og hefur starfað mjög vel. Ég tel ekki þörf á því að færa lögregluna frá ríki til sveitarfélaga, en varðandi vopnaburð og fíkniefnaneyslu þá er ljóst að sveitarfélög og ríki verða að taka höndum saman um að taka á þeim mikla vanda.“

**magnush@frettabladid.is**

Árni Mathiesen:

# Gott að vinna með Árna

**STJÓRNMÁL** „Ég mun sakna Árna Magnússonar. Það hefur verið gott að vinna með honum,“ segir Árni Mathiesen fjármálaráðherra. „Ég hef einnig góða reynslu af því að vinna með Siv Friðleifsdóttur. Það kemur alltaf maður í manns stað. Það er hins vegar nýlunda að sóst skuli vera eftir starfskröftum stjórnmálamanna í einkabönkunum. Það er skemmtileg vending í þessum máli. Ég er viss um að Íslandsbanki verður ekki svikinn af því að fá Árna Magnússon til verka,“ segir Árni Mathiesen. **- jh**



**ÁRNI MATHIESEN**

Guðni Ágústsson:

# Efnilegur maður kveður

**STJÓRNMÁL** „Ég sé eftir Árna því hann er efnilegur stjórnmálamaður og hefur áorkað mörgu í félagsmálaráðuneytinu,“ segir Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra. „Það er út af fyrir sig erfitt að missa efnilegan mann út úr flokknum. En það er nú einu sinni þannig að það kemur maður í manns stað. Siv Friðleifsdóttir fer í heilbrigðisráðuneytið. Hún þekkir þann málaflokk vel og þar liggur tækifæri rétt eins og fyrir Jón Kristjánsson í félagsmálaráðuneytinu. Ég mun sakna Árna,“ segir Guðni Ágústsson. ■



**GUÐNI ÁGÚSTSSON**

Ögmundur Jónasson:

# Ekki efni til fagnaðarláta

**STJÓRNMÁL** „Það er að mörgu leyti eftirsjá af Árna Magnússyni úr stjórnmálunum. Honum voru mislagðar hendur en hann gerði margt vel,“ segir Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna. Hann kvaðst vilja bíða með að fella dóma um ráðherra heldur dæma þá af verkunum. „Jón Kristjánsson hefur staðið vaktina gegn einkavæðingu í heilbrigðismálunum eins vel og honum var unnt. Ég vona að Siv Friðleifsdóttir geri það einnig. Hins vegar hefur ekki verið tilefni til mikilla fagnaðarláta yfir frammistöðu ráðherra Framsóknarflokksins til þessa,“ segir Ögmundur. **- jh**



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**






Snarpur jarðskjálfti varð austan við Kleifarvatn um miðjan dag í gær:

# Engin slys eða eignatjón

**JARÐSKJÁLFTI** Snarpur jarðskjálfti upp á 4,6 á Richter-kvarða reið yfir austan við Kleifarvatn klukkan 14:30 í gær og fannst hann vel á höfuðborgarsvæðinu og víðar.

Engar fregnir bárust af slysum eða skemmdum af völdum skjálftans né tuga minni eftirskjálfta sem fylgdu í kjölfarið. Brá þó eðlilega mörgum við og nötraði til að mynda allt í Krísuvíkurskóla meðan stærsti skjálftinn reið yfir. Engar skemmdir urðu þó á byggingunni sjálfri.

Samhæfingarmiðstöðin í Skógarhlíð var mönnuð fljótlega eftir skjálftann til öryggis en fljótlega var gengið úr skugga um að tjón hefði ekki orðið neins staðar.

Tugir eftirskjálfta mældust fram á kvöld í gær, sá stærsti þeirra 2,5 á Richter, en slíkt er eðlilegt og töldu starfsmenn jarðskjálftadeildar Veðurstofu Íslands litla ástæðu til að ætla að stóri skjálftinn væri fyrirboði einhverra sérstakra atburða. Svipaður skjálfti varð á sömu slóðum í ágúst í fyrra og einnig í kjölfar fyrri Suðurlandsskjálftans fyrir sex árum síðan. **- aöe**




**SKJÁLFTASVÆÐIÐ** Skjálftinn mældist 4,6 á Richter og mældist á tólf kílómetra dýpi átján kílómetrum norðvestur af Þorlákshöfn. Rauði punkturinn sýnir upptök hans.


Þetta kalla ég „meira“
Þeir sem eru í Vexti fá ...
• Frítt kreditkort hjá KB banka
• 50% afslátt af debertkortafærslum
• 5% endurgreiðslu af greiddum vöxtum almennra skuldabréfalána
• 5% viðbótarafslátt af öllum tryggingum VÍS
• Fría innbúskaskótryggingu í fjölskyldutryggingum VÍS
• Vátryggingaupphæð innbús í fjölskyldutryggingum hækkaða um milljón kr.
• 5% afslátt af líftryggingu hjá KB lífi eða Lífís
• 5% afslátt af sjúkdómatryggingu hjá KB lífi eða Lífís
• 25-30% afslátt af stofngjaldi bílasamnings og bílalána hjá Lýsingu
• 25% afslátt af heimagæslu Öryggismiðstöðvarinnar
• 0,5% lægri vextir og 50% lægra tryggingafé í Einkaleigu Lýsingar
Nánari upplýsingar um Vöxt á voxtur.is, í þjónustuveri KB banka í síma 444 7000
eða þjónustuveri VÍS í síma 560 5000.
FJÁRMÁL OG TRYGGINGAR
VÍS
KB BANKI
www.voxtur.is
Skráðu þig á voxtur.is
og slástu í hópinn!
VÖ XT UR
– þú færð meira

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 6.3.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 65,87 | 66,19 |
| Sterlingspund | 115,63 | 116,19 |
| Evra | 79,26 | 79,7 |
| Dönsk króna | 10,619 | 10,681 |
| Norsk króna | 9,917 | 9,975 |
| Sænsk króna | 8,374 | 8,424 |
| Japanskt jen | 0,5616 | 0,5648 |
| SDR | 95,06 | 95,62 |

*Gengisvísitala krónunnar*
111,1007

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fyrsti þingfundur nýkjörins Palestínuþings:

# Endaði með handalögmálum

**VESTURBAKKINN, AP** Fyrsti þingfundur nýkjörins löggjafarþings Palestínumanna endaði í rifrildi í gær. Ástæðan var tilraun þingmanna Hamas-hreyfingarinnar til að fella úr gildi ákvarðanir fyrri heimastjórnar landsins sem Fatah-hreyfingin fór fyrir, en þeim var ætlað að minnka vald þingmeirihluta Hamas.

Talið er að þetta dragi enn úr líkum á því að Fatah-hreyfingin, sem Mahmoud Abbas forseti Palestínu tilheyrir, fallist á stjórnarþátttöku með Hamas. Forystumenn Hamas gera sér samt vonir um að ljúka stjórnarmyndunarviðræðum í vikunni.



**ISMAIL HANIYEH** Væntanlegur forsætisráðherra palestínsku heimastjórnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talsmenn Hamas afþökkuðu um helgina stuðning al-Kaída hryðjuverkasamtakanna. Í ræðu sem sjónvarpsstöðin al-Jazeera sjónvarpaði á laugardag gaf Ayman al-Zawahri, annar æðsti yfirmaður samtakanna, í skyn stuðning við Hamas og klappaði hreyfingunni lof í lófa fyrir að neita að viðurkenna tilverurétt Ísraels.

Ónafngreindur talsmaður Hamas-hreyfingarinnar tjáði fréttamönnum AP að hreyfingin hefði ákveðið að bregðast ekki formlega við orðum al-Zawahri, en bætti við að hugmyndafræði Hamas væri mun mildari en al-Kaída. - smk

Guðjón A. Kristjánsson:

# Vandræði Framsóknar

**STJÓRNMÁL** „Ég vona að þetta verði þjóðinni til góðs en ég held hins vegar að þetta sé hluti af talsverðum vandræðagangi innan Framsóknarflokksins,“ segir Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, um brotthvarf Árna Magnússonar úr stjórnmálum. „Ég hygg að framsóknarmenn hafi viljað gera breytingar og Árni segir að hann fari út af persónulegum ástæðum. Þarna verða breytingar innan ríkisstjórnarinnar og það hefur sjálfsagt verið mat þeirra að þörf væri á því í aðdraganda kosninga,“ segir Guðjón A. Kristjánsson. ■



**DÍANA PRINSESSA** Ný skýrsla sýnir að ekkert bendi til morðs. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dauði Díönu prinsessu:

## Banaslysið var ekki samsæri

**LONDON, AP** Ekkert bendir til þess að brögð hafi verið í tafli í bílslysinu sem varð Díönu Bretaprinsessu að bana árið 1997. Þetta kemur fram í rannsókn sem breska ríkið hefur látið gera á dauða prinsessunnar. Bráðabirgðaniðurstöður rannsóknarinnar samræmast því franskri rannsókn sem gerð var eftir dauða prinsessunnar. Hún, unnusti hennar Dodi Fayed og bílstjórinn, Henri Paul, létust öll þegar Paul, sem var drukkinn, missti stjórn á bílnum í París. Faðir Fayeds hefur löngum sagst gruna bæði Karl Bretaprins og föður hans, Filippus drottningarmann, um að hafa ákveðið að láta ráða prinsessuna og unnusta hennar af dögum. - smk

### LÖGREGLUFRÉTT

**Ofsahraði á Reykjanesbraut** Lögreglan á Keflavíkurflugvelli stöðvaði bifreið sem mældist á rúmlega 200 kílómetra hraða á Reykjanesbrautinni um hálftólfleytið í fyrrakvöld. Ökumaðurinn, sem er 22 ára gamall, var á kraftmiklum fólksbíl og með tvo farþega í bílnum þegar lögreglan stöðvaði hann.

### EVRÓPA

**Snjóflóðahætta** Skíðafólk var varað við mikilli snjóflóðahættu á skíðasvæðum í Ölpunum í gær, eftir gríðarmikla snjókomu síðustu daga. Að minnsta kosti fjórir skíðamenn hafa beðið bana í snjóflóðum í Ölpunum síðan um helgina.

# ElBaradei bjartsýnn á sátt

**Á fyrsta degi spennuþrungins stjórnarfundar Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar í gær lýsti yfirmaður stofnunarinnar yfir bjartsýni á að samkomulag væri mögulegt á næstu dögum án afskipta öryggisráðs SÞ.**

**VÍNARBORG, AP** Yfirmaður Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, Mohamed ElBaradei, sagði í gær að alþjóðlegt samkomulag um kjarnorkuáætlun Írana gæti náðst á næstu dögum og það án afskipta öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Bjartsýni ElBaradeis var talin byggjast á viðræðum Rússa og Írana bak við luktar dyr í höfuðstöðvum stofnunarinnar í Vínarborg í gær, en heimildarmenn AP-fréttastofunnar hermdu að Rússar hefðu boðið Írönum að stunda tilraunir með auðgun úrans í Rússlandi en halda samt áfram minni háttar starfsemi við það sama heima í Íran.

„Ég er enn mjög vongóður um að samkomulag geti náðst í næstu viku,“ tjáði ElBaradei fréttamönnum, án þess að skýra þessi orð sín frekar.

Hins vegar var fastlega búist við því að þessi málamiðlunartillaga Rússa félli í grýttan jarðveg hjá Bandaríkjastjórn þegar rússneski utanríkisráðherrann Sergei



**MOHAMED ELBARADEI** Yfirmaður Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**LANDFLÓTTA ÍRANAR MÓTMÆLA** Landflótta Íranar mótmæltu kjarnorkuáformum klerkastjórnarinnar hástöfum fyrir utan höfuðstöðvar IAEA í Vín í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lavrov fer til að ræða hana við ráðamenn í Washington síðar í vikunni. Bandaríkjastjórn óttast að slík málamiðlun myndi gera Írönum kleift að framleiða á laun efni í kjarnorkuvopn.

Samkvæmt rússnesku tillögunni er gert ráð fyrir að Írönum verði heimilað að auðga úran upp að marki sem Alþjóðakjarnorkumálastofnunin ákveddi og fylgdist með að yrði virt. Þannig yrði Írönum gert kleift að framleiða eldsneyti til raforkuframleiðslu, en ekki upp að því marki sem nýtanlegt væri í kjarnorkusprengju.

Þessi nýja tillaga Rússa virtist ætla að valda nokkurri sundrungu í röðum annarra helstu aðila deilunnar. Þýska stjórnin lýsti varkárum stuðningi við hana, en Frakkar og Bretar voru óhaggaðir í andstöðu ásamt Bandaríkjamönnum.

Deilan um kjarnorkuáætlun Írana verður áfram efst á dagskrá stjórnarfundar IAEA fram eftir vikunni, en fundurinn hófst í Vínarborg í gær. 35 ríki eiga fulltrúa á fundinum.

Íranar hafa hótað því að hefja skefjalausa auðgun úrans ef mál þeirra kemur til kasta öryggisráðsins. Það getur ákveðið þvingunaraðgerðir gegn Íran.

audunn@frettabladid.is

www.expressferdir.is

FÓTBOLTAFERÐ TIL LONDON
READING–STOKE

16.–18. APRÍL

Lið Reading hefur farið á kostum á þessu tímabili og eru á hraðri leið upp í ensku úrvalsdeildina.

Ívar Ingimarsson og Brynjar Gunnarsson leika báðir með liði Reading og nú er það Íslendingaliðið Stoke sem kemur í heimsókn.

Hörkuspennandi Íslendingaslagur!

VERÐ
39.900 kr.

INNIFALIÐ: Flug og flugvallaskattar, 2 nætur á hóteli með morgunverði og VIP-miði á leikinn. Miðað er við að tveir séu saman í herbergi.

» Nánar á www.expressferdir.is

Express Ferðir, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100

Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HLÝINDI Í DAG** Jæja, þá er þau komin hlýindin sem margir biðu eftir. Sá böggull fylgir skammrifi á þessum árstíma að hlýindum fylgir oftar en ekki vætutíð með vindi, í það minnsta sunnan og vestan til.
Í dag gengur enn eitt úrkomusvæðið yfir okkur en vindur verður þó heldur skaplegri en í gær. Á morgun eru horfur á hæglætisveðri.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG** Suðaustan 8-13 m/s. Rigning eða skúrir. Hiti 4-6 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*



Hæg suðlæg átt.

*» fimmtudagur*



Yfirleitt hæg austlæg átt.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 0°C hálfskýjað | París | 6°C hálfskýjað | Alicante | 20°C hálfskýjað |
| Osló | -5°C hálfskýjað | Berlín | 0°C alskýjað | Mílano | 5°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | -10°C hálfskýjað | Frankfurt | -1°C alskýjað | New York | 6°C léttskýjað |
| Helsinki | -7°C alskýjað | Madríd | 9°C hálfskýjað | San Francisco | 14°C skúrir |
| London | 12°C hálfskýjað | Barcelona | 11°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 23°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

## Opin íbúðalán




# Eiga ekki allir að njóta frelsis?

Íslendingar hafa náð glæstum sigrum í þágu frelsisins á mörgum sviðum lífsins.
Draugar fortíðarinnar eru þó skammt undan. Sem dæmi um þá fjötra, sem nú eru við lýði í íslensku samfélagi, má nefna að hjá ýmsum bankastofnunum tíðkast að setja fram þvingandi skilyrði um önnur viðskipti í allt að 40 ár vilji menn taka hjá þeim íbúðalán.

**Opin íbúðalán SPRON eru án slíkra skilyrða.**
Fórnaðu ekki frelsinu, kynntu þér málið á **spron.is**

spron

Íbúðalán SPRON eru háð útlánareglum SPRON.
Upplýsingar í næsta útibúi SPRON, í síma 550 1200, 550 1400 eða á spron.is



## KJÖRKASSINN

*Á að heimila stækkun álversins í Straumsvík?*

| | |
|---|---|
| Já | 40% |
| Nei | 60% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Er eftirsjá að Árna Magnússyni af Alþingi?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Alþjóðleg skákhátíð í Reykjavík hófst í gær:

# Skákhátíð fjölbreytileikans

**SKÁK** Alþjóðleg skákhátíð verður haldin á vegum Skáksambands Íslands dagana 6.-18. mars. Af þessu tilefni koma margir sterkir skákmenn til landsins til að tefla á 22. Alþjóðlega Reykjavíkurskákmótinu sem stendur til 14. mars en viðburður þessi er einnig hugsaður sem hátíð fjölbreytileika og fjölmenningar og er því haldinn undir yfirskriftinni „Skákin brúar bil“. Vegna skákhátíðarinnar koma til landsins skákmeistarar frá öllum heimsálfum.

Alþjóðlega Reykjavíkurskákmótið byggir á ríkri hefð og var fyrst haldið 1964. Flestir sterkustu skákmenn heims hafa komið til landsins til að tefla á mótinu en fyrir fjörutíu árum varð Reykjavíkurskákmótið fyrsti viðburðurinn sem á alþjóðavísu kenndi sig við höfuðborgina.

Mótið í ár hófst í Skákhöllinni Faxafeni 12 í gær og teflt verður daglega næstu níu daga, á virkum dögum frá 17.00 og um helgar frá 14.00.

Alþjóðlegt hraðskákmót í minningu Haraldar Blöndal, lögfræðings og eins stofnenda skákfélagsins Hróksins, verður haldið dagana 15.-16. mars í Ráðhúsinu í Reykjavík en þar mega allir spreyta sig sem kunna mannganginn.

- shá



**ALÞJÓÐLEGA REYKJAVÍKURSKÁKMÓTIÐ** Færeyski unglingameistarinn Helgi Dam Ziska gerði sér lítið fyrir og sigraði hollenska ofurstórmeistarann Jan Timman í fyrstu umferð mótsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Steig í hver á Nesjavöllum:

## Brenndist á öðrum fæti

**SLYS** Tólf ára drengur brenndist á fæti þegar hann steig ofan í hver á Nesjavöllum á laugardag.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu var drengurinn á göngu ásamt föður sínum um jarðhitasvæðið þegar jarðvegur gaf sig og undir reyndist sjóðheitur hver. Drengurinn brenndist nokkuð á fæti en sjúkraflutningamenn og lögregla komu til móts við þá feðga við Nesbúð.

Drengurinn var fluttur á sjúkradeildina í Fossvogi þar sem hann fékk þá aðhlynningu sem hann þurfti. Hann er á batavegi.

- pss

Bandaríkjaher svarar orðrómi:

## Hersveitirnar verða um kyrrt

**ÍRAK** Bandaríkjaher hefur vísað á bug sögusögnum þess efnis að hann ætli að draga allt herlið sitt frá Írak í byrjun næsta árs. Breska blaðið The Sunday Telegraph sagði frá því á sunnudag að flytja ætti allar hersveitir Bandaríkjamanna og Breta heim fyrir þann tíma þar eð hersveitirnar stæðu í vegi fyrir friðarumleitunum í landinu.

Talsmenn Bandaríkjahers hafa þvertekið fyrir það að eitthvað sé hæft í fréttinni og ítreka að hersveitirnar verði um kyrrt í landinu þar til Írakar teljist færir um að stjórna landinu sjálfir. ■

Heimilisstörfin í Evrópu:

## Ítalskir karlmenn latir

**BRUSSEL** Ítalskir og spænskir karlmenn standa sig verst allra karlmanna við að aðstoða maka sína við heimilisstörfin samkvæmt nýrri könnun Eurostat.

Eyða ítalskir karlmenn þannig aðeins 95 mínútum á dag við matseld, uppvask, þrif eða annað það sem telst öllu jöfnu til heimilisverka. Spænskir karlmenn eru vart hótinu betri með aðeins 97 mínútur að meðaltali daglega en það er tæplega klukkustund skemur en til að mynda karlmenn í Noregi og Svíþjóð segjast gera.

- aöe



**SMITKISA?** Köttur í Graz í Austurríki, þar sem tveir eða þrír lifandi kettir hafa greinst með fuglaflensu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fuglaflensa í Austurríki:

## Veiran finnst í lifandi köttum

**FUGLAFLENSA, AP** Fuglaflensa hefur fundist í nokkrum köttum í Austurríki, á svæði þar sem hún hefur áður greinst í fuglum. Þetta er í fyrsta sinn sem flensan greinist í dýrum öðrum en fuglum þar í landi. Mannskæði veirustofninn H5N1 fannst í tveimur eða þremur köttum sem allir voru enn á lífi síðdegis í gær, að sögn yfirdýralæknisembættis Austurríkis. Engar frekari upplýsingar voru veittar.

Þýsk yfirvöld hafa skipað gæludýraeigendum nærri sýktum svæðum í Þýskalandi að halda köttum sínum inni og hafa hunda í ól. Ekki er vitað hvort kettir geti smitað fólk af fuglaflensu.

- smk

# Bauhaus missti áhuga á að fá lóð í Garðabæ

**Framkvæmdastjóri Urriðaholts sem á landið sem Bauhaus sóttist eftir í Garðabæ segir að fyrirtækið hefði fengið lóð hefði það viljað. Samið hafði verið um verð en forsvarmenn Bauhaus höfðu ekki samband meir. Lóðin sé minni en borgin bjóði.**

**LÓÐAÚTHLUTUN** Búið var að semja um verð á lóðinni sem byggingafyrirtækið Bauhaus ætlaði að fá í Garðabæ þegar fjaraði undan samningnum. Þetta segir Jón Pálmi Guðmundsson, framkvæmdastjóri Urriðaholts ehf. eiganda að landinu sem Bauhaus sóttist eftir í Garðabæ. Bauhaus hefði fengið lóðina hefðu forsvarsmenn þess viljað það.

„Eftir á að hyggja held ég að forsvarsmenn Bauhaus hafi misst áhugann á lóðinni,“ segir Jón Pálmi og bendir á að hún hafi hugsanlega verið of lítil fyrir fyrirtækið. Lóðin sem því standi til boða í Úlfarsfelli sé mun stærri.

Bæjarstjórar Garðabæjar og Kópavogs bera af sér að hafa bolað Bauhaus frá bæjunum og benda á að byggingafyrirtækið hafi verið í samningaviðræðum við einkaaðila. Bæjarfélögin skipulögðu einungis svæðin.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ, segir bæjarfélagið ekki skipta sér af því hverjir komi inn í bæjarfélagið svo framarlega sem byggingarskilmálum sé fylgt: „Við skiptum okkur ekki af því hverjir koma inn á svæðið, myndum aldrei gera og viljum ekki.“

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, segir að eftir sinni bestu vitund hafi Bauhaus aldrei sóst eftir aðstoð bæjarstjórnarinnar við að fá lóð úthlutað.

Uppi hafa verið sögusagnir um að BYKO hafi bolað Bauhaus frá í Garðabæ. Jón Pálmi segir að ekki sé fótur fyrir því. BYKO hafi fengið lóðina eftir ítrekaðar tilraunir við að koma á viðskiptum við Bauhaus. „Þessi lóð var til sölu og þegar upp var staðið báru þeir sig ekki eftir henni.“

BYKO vill lóð þeim megin sem Bauhaus fær úthlutað í borgarráði í vikunni.

Ásdís Halla Bragadóttir, forstjóri BYKO, segir aðgengi að verslunum skipta máli. Það sé betra austan við Vesturlandsveg en vestan við, þar sem Byko hafi ásamt Mata og Rúmfatalagernum þegar fengið lóð. Hún gagnrýnir borgina fyrir að skipta um stefnu í málinu. Byko hafi ítrekað sóst eftir lóð austan megin en verið sagt að þar væri ekki gert ráð fyrir byggingavöruverslun. „Þeir geta ekki sagt við Byko eins og þeir hafa gert að svæðið við Úlfarsfell sé ekki til ráðstöfunar fyrir stóra byggingarvöruverslun og síðan breytt því á einni nóttu án þess að Byko fái neina aðkomu að málinu.“ Byko óskar þess að borgin fari eftir stjórnsýslulögum og tryggi jafnræði fyrirtækjanna.

gag@frettabladid.is



**BYKO VESTAN VIÐ VESTURLANDSVEG OG BAUHAUS AUSTANMEGIN** Forstjóri Byko segir aðgengi að verslunum skipta máli. Það sé betra austan við Vesturlandsveg. Hús Byko, Mata og Rúmfatalagersins á að rísa aftan við Egilshöll og Bauhaus við hlíðar Úlfarsfells.



**GUNNAR EINARSSON** Bæjarstjóri í Garðabæ.



**ÁSDÍS HALLA BRAGADÓTTIR** Forstjóri BYKO.


# TILBOÐ



FAGOR ÞVOTTAVÉL

1300 SNÚNINGA

Verð kr. 49.900

Áður kr. 78.000

RÖNNING

Borgartúni 24 | Reykjavík | Sími: 562 4011 | Óseyri 2 | Akureyri | Sími: 460 0800

hausverk / SÍA


Mikill hiti í mönnum vegna ummæla lækningaforstjóra Landspítalans:

# Unglæknar kæra forstjórann

**HEILBRIGÐISMÁL** Félag ungra lækna hefur ákveðið að vísa ummælum sem Jóhannes Gunnarsson, lækningaforstjóri Landspítalans, lét falla í viðtali í Fréttablaðinu þann 2. mars síðastliðinn, til siðanefndar lækna.

„Við erum búnir að kæra hann til siðanefndar vegna þessa,“ segir Bjarni Þór Eyvindsson, formaður Félags ungra lækna, sem kveður almenna hneykslan ríkja meðal starfsmanna á spítalanum, annars vegar vegna ummælanna og hins vegar vegna þess að unglæknar eigi ekki sæti í svokölluðum notendahópum.

Í yfirlýsingu sem Félag ungra lækna sendi blaðinu í gær segir: „Það er sorglegt að heyra hann lýsa ungum læknum sem þröngsýnum og með skort á heimssýn. Að yfirmaður stórrar ríkistofnunar sjái ástæðu til að tala um unglækna með þessum hætti opinberlega hlýtur að teljast einsdæmi og vart til að auka ánægju ungra lækna í störfum sínum hjá LSH.

Það er rétt að ungir læknar hafa ekki farið í gegnum þá lífsreynslu að fara til útlanda að mennta sig til sérnáms en við lifum á upplýsingatækniöld þar sem hægt er að fylgjast með öllu því nýjasta sem er að gerast erlendis.

Svo virðist sem lækningaforstjórinn sé með orðum sínum einnig að gjaldfella aðra starfsmenn en unga lækna sem ekki hafa sótt framhaldsnám á erlendri grundu. Hann telur ekki not fyrir unga lækna nema að mjög takmörkuðu leyti í þeirri undirbúningsvinnu sem nú fer fram fyrir komandi hátæknisjúkrahús og það þykir okkur miður.“

- jss



**JÓHANNES M. GUNNARSSON** Lækningaforstjóri Landspítalans.



**BJARNI ÞÓR EYVINDSSON** Formaður Félags ungra lækna.



# Hive Lite

NÚNA FÆRÐU 8Mb TENGINGU, 4GB NIÐURHAL, OG ÞRÁÐLAUST INTERNET Á AÐEINS

**3.990**

**Á MÁNUÐI?***

*M.v. 12 mánaða samning.

Hive

**Það er ekkert mál að skipta.**

Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is



## VEISTU SVARIÐ

1 Hjá hvaða fyrirtæki hefur Árni Magnússon ráðherra ráðið sig til starfa?

2 Hvaða fyrrum tennisstjarna ætlar að selja verðlaunagripi sína?

3 Með hvaða fótboltaliði mun Jóhannes Karl Guðjónsson leika næsta vetur?

SVÖR Á BLS. 34

Áætlanir Ísraela eftir komandi þingkosningar:

# Ákveða ný landamæri einhliða

**ÍSRAEL, AP** Yfirmenn landvarna í Ísrael hafa gert áætlun um að draga stórlega úr samskiptum við Palestínumenn, einangra Gazasvæðið enn frekar og loka fleiri landtökubyggðum á Vesturbakkanum. Þetta sögðu ísraelskir embættismenn í gær og staðfestu með því frásagnir í ísraelskum fjölmiðlum síðustu daga.

Embættismennirnir létu þetta uppi eftir að Avi Dichter, einn helsti öryggismálaráðgjafi Ehuds Olmerts, starfandi forsætisráðherra Ísraels, sagði að ynni Kadima-flokkur Olmerts kosningarnar til ísraelska þingsins sem fram fara í lok mánaðarins yrðu einangraðar landtökubyggðir á Vesturbakkanum rýmdar og Ísraelar myndu einhliða ákveða ný landamæri Ísraels og yfirráðasvæðis Palestínumanna. Kadima-flokkurinn, sem Ariel Sharon stofnaði, nýtur yfirburðafylgis kjósenda ef marka má síðustu skoðanakannanir.

Stuðningur við einhliða aðgerðir hefur aukist meðal Ísraela eftir að hin herskáu Hamas-samtök unnu meirihluta á palestínska löggjafarþinginu. **- aa**



**ÁTÖK Á VESTURBAKKA** Ísraelskur hermaður bendir út um op á brynvagni í átökum við Palestínumenn á Vesturbakkanum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hjálparsími Rauða krossins:

# Átak fyrir ungt fólk í vanda

**FÉLAGSMÁL** Alls bárust um 300 símtöl í hjálparsíma Rauða krossins, 1717, á síðasta ári vegna sjálfsvígshugsana og var fimmtungur þeirra frá ungu fólki.

Er það ein ástæða þess að Rauði krossinn stendur fyrir sérstöku átaki í þessari viku þar sem sjónum verður sérstaklega beint að unga fólkinu og réttindum þess og unglingar um leið minntir á að margs konar ráðgjöf og aðstoð má fá í hjálparsímanum 1717. Undanfarin ár hafa borist allt að 3.000 símtöl árlega frá ungu fólki, mest vegna þunglyndis, einmanaleika og fíkniefnavandamála. ■



**RÁÐHERRABÍLL** VÍS tryggir ráðherrabíla jafnt sem önnur ökutæki ríkisins.

VÍS gerir samning við ríkið:

# Tryggir 1.250 bíla ríkisins

**TRYGGINGAR** Vátryggingafélag Íslands og Ríkiskaup hafa samið um að VÍS tryggi ökutæki ríkisins næstu tvö árin. Nær samningurinn yfir 1.250 bíla, sem eru í rekstri hjá um hundrað stofnunum ríkisins.

Bílatryggingar voru boðnar út á Evrópska efnahagssvæðinu fyrr í vetur og átti Vátryggingafélag Íslands lægsta tilboðið. **- pss**

Skýrsla lögreglunnar í Árnessýslu:

# Fleiri og fleiri aka hratt eða drukknir

**LÖGREGLUMÁL** Kærumálum lögreglunnar á Selfossi vegna ölvaðra ökumanna og hraðaksturs hefur fjölgað verulega á fyrstu mánuðum þessa árs. Líklegasta skýringin er talin vera hert eftirlit lögreglu fremur en raunveruleg fjölgun brota.



**AÐ STÖRFUM** Hert eftirlit lögreglunnar á Selfossi hefur leitt til fleiri kæra vegna ölvunaraksturs.

Þannig voru tíu ökumenn kærðir vegna ölvunar fyrstu tvo mánuði síðasta árs en 23 á yfirstandandi ári.

Hraðaksturskærum fjölgaði mun meira frá ári til árs. Alls var 341 ökumaður kærður fyrstu tvo mánuði ársins 2006 en þeir voru 103 á sama tímabili í fyrra.

Þykir þetta merkilegra fyrir þær sakir að stöðugildum innan lögreglunnar í Árnessýslu fækkaði um tæp fjögur milli áranna 2005 og 2006. **- aöe**





**Ríkulegur staðalbúnaður**

17" álfelgur, litað gler, 6 diska geislaspilari, 3 drifstillingar, loftkæling, sjálfskipting, útvarpsfjarstýring í stýri, sóllúga.

Meðal ótal verðlauna og viðurkenninga:
„Bestur“ – Fifth Gear
„Best recreational 4x4“ – Auto Express
„Best compact 4x4“ – What Car?
„Best in class“ – Channel 4
„Best Small Wagon“ – Overlander Magazine

Nissan X-Trail Sport 2.690.000 kr.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16




**SYKURSÝKI** Níu af hverjum tíu sykursýkissjúklingum hér eru með tegund 2. Sú tegund er lúmskari en tegund 1 og fylgikvillar alvarlegir.

# Sykursýki 2 ógn við börn

**Hætta er talin á að börn og unglingar hér á landi fari að þróa með sér fullorðinssykursýki, það er sykursýki af tegund 2, ef lífshættir þeirra færast ekki til betri vegar. Sykursýki tvö getur verið banvæn.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það er vissulega hætta á að börn og unglingar hér á landi fari að þróa með sér sykursýki af tegund 2 ef við höldum áfram að fitna eins og við höfum gert.“

Þetta segir Rafn Benediktsson, sérfræðilæknir í innkirtla- og efnaskiptasjúkdómum á Landspítalanum. Niðurstöður nýlegrar rannsóknar í Bretlandi hafa leitt í ljós að fjöldi barna sem hafa þróað með sér „fullorðinssykursýki“ eða sykursýki 2 hefur tífaldast á síðastliðnum fimm árum. Ástæðan er sögð vera offita sem stafar af ruslfæði og hreyfingarleysi barnanna. Rafn segir að íslensk börn og unglingar hafi enn sem komið er ekki greinst með sykursýki 2.

„Hjá miðaldra fólki hefur algengi sykursýki 2 farið úr tveim prósentum í fjögur að meðaltali á árabilinu 1967 til 2002,“ segir Rafn. „Aukin þyngd og mataræði spila þar inn í. Erfðir eru stór þáttur, eins og nýlegar greinar frá Hjartavernd og Íslenskri erfðagreiningu bera með sér. Hins vegar kemur sykursýkin miklu fyrr í ljós vegna lífshátta okkar og þar skiptir þyngdin höfuðmáli.“

Rafn bendir á að forvarnir séu mikilvægar í baráttunni gegn óhollum lífsháttum barna og unglinga. Sykursýki 1, sem þessi aldurshópur getur fengið, er með þeim hætti að briskirtillinn bilar og insúlínframleiðsla hættir á nokkrum vikum. Einkennin eru mikil strax í upphafi. Sykursýki 2, sem miðaldra fólk fær, lýsir sér í hægfara bilun á briskirtli. Einkenni eru minni framan af en geta orðið þeim mun verri af völdum fylgikvilla. Þeir eru hjarta- og æðasjúkdómar, bilun í nýrum og blinda.

„Sykursýki 2 er lúmskari en sykursýki 1 og oft fær fólk ekki einkenni fyrr en nokkuð seint. Það er algengara að fólk sé komið með fylgikvilla þegar það greinist. Einn af hverjum fimm greinist vegna fylgikvillanna.“

Rafn segir að stærsta vandamál þjóðfélagsins hvað varðar sjúkrakostnað og dánartíðni sé af völdum hjarta- og æðasjúkdóma. Fjögur til fimm prósent þjóðarinnar séu með sykursýki af tegund 2. Um áttatíu prósent af þeim deyi vegna framangreindra sjúkdóma. Vandamálið sé því stórt. Hann bendir enn fremur á að þriðjungur til helmingur þeirra sem hverju sinni eru á hjartadeild Landspítalans séu þar vegna þess að þeir séu með sykursýkigrunninn og hafi fengið fylgikvilla sykursýki.

jss@frettabladid.is

# Eitthvað annað en Toyota?

Þú vilt nýjan bíl, japönsk gæði og öruggt bílaumboð. Toyota? Nú er annar góður kostur í boði fyrir þig: Nýr Mazda frá Brimborg. Japönsk gæði Mazda keppa við hvern sem er. Helst Toyota. Gerðu samanburð. Markmið Mazda um að vera betri en aðrir kalla á kröfur um annan stíl, aðra eiginleika, önnur þægindi og annað öryggi. Nýtt verður til. Veldu öruggan stað að vera á. Komdu í Brimborg. Veldu annan stíl. Núna Mazda.

## Gerðu samanburð á japönskum gæðum

Berðu saman verð og búnað Mazda6 Touring 4 dyra, sjálfskiptum, og Toyota Avensis Sedan Sol, sjálfskiptum. Mazda6 kostar núna aðeins frá 2.190.000 kr. á sérstöku tilboði til þín. Að auki færðu vetrardekkin þér að kostnaðarlausu undir bílinn (verðmæti allt að 60.000 kr.) og sumardekkin í skottið. Verð á sjálfskiptum Toyota Avensis Sedan Sol er frá 2.400.000 kr.* Veldu annan stíl. Núna Mazda.

**Það sem er umfram í Mazda6 Touring:**

- *2,0 lítra vél*
- *5 þrepa sjálfskipting*
- *Álfelgur*
- *Hraðastillir*

Brimborg Bíldshöfði 8
Brimborg Bíldshöfði 6
MAX1 Bílavaktin

**Komdu í nýjan sýningarsal Mazda hjá Brimborg - Bíldshöfða 8**



**Mazda er besta merkið - Toyota næst besta..!**

**Mazda er með mestu heildargæðin, samkvæmt gæðakönnun þýska bílablaðsins Auto Bild. Toyota nr. 2.**

AUTO BILD, 5 TBL. 3. FEBRÚAR 2006 OG MBL 17. FEBRÚAR 2006

Nánar á www.mazdabrimborg.is

## Ný heimkynni - Nýtt verð!

# Kr. 2.190.000

**Mazda6 Touring 2,0i**
4 dyra, sjálfskiptur*




## Sérstakt tilboð!

**Kauptu! Leigðu! Fáðu lán!**

**Frábær tilboð í tilefni nýrra heimkynna Mazda á Íslandi.**
Lægra verð en kynningarverð. Vetrardekkin færðu þér að kostnaðarlausu undir bílinn (verðmæti allt að 60.000 kr.) og sumardekkin í skottið.
Betri kjör hjá Lýsingu.
**Veldu annan stíl. Núna Mazda.**

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Mazda í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda.



Aflaðu þér frekari upplýsinga www.mazdabrimborg.is

LÝSING — Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör vegna nýrra heimkynna Mazda á Íslandi.

Skoðaðu úrval Mazda í nýjum húsakynnum

Nýttu þér sérstakt tilboð á Mazda

Gildir aðeins til 11. mars!



GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



**Mazda2**
Væntanlegur í maí



**Mazda3 Touring 1,6i**
5 dyra, 5 gíra*
**Besta verð 1.690.000 kr.**
Bílasamningur 22.945 kr.
Rekstrarleiga 30.414 kr.



**Mazda3 Touring 1,6i**
4 dyra 5 gíra*
**Besta verð 1.720.000 kr.**
Bílasamningur 23.353 kr.
Rekstrarleiga 32.140 kr.



**Mazda5 Touring 2,0i**
7 manna, 5 gíra*
**Besta verð 2.190.000 kr.**
Bílasamningur 29.422 kr.
Rekstrarleiga 39.990 kr.



**Mazda6 Touring 2,0i**
4 dyra, sjálfskiptur*
**Besta verð 2.190.000 kr.**
Bílasamningur 29.422 kr.
Rekstrarleiga 39.990 kr.



**Mazda6 Touring 2,0i**
5 dyra, sjálfskiptur*
**Besta verð 2.240.000 kr.**
Bílasamningur 30.093 kr.
Rekstrarleiga 41.100 kr.



**Mazda6 Touring 2,0i**
Wagon, sjálfskiptur*
**Besta verð 2.290.000 kr.**
Bílasamningur 30.764 kr.
Rekstrarleiga 42.700 kr.



**Mazda MX-5 Sport 2,0i**
2 dyra, 6 gíra*
**Besta verð 2.750.000 kr.**
Bílasamningur 36.944 kr.



**Mazda RX-8 High**
4 dyra 6 gíra*
**Besta verð 3.290.000 kr.**
Bílasamningur 44.669 kr.



**Mazda6 MPS AWD 2,3i**
4 dyra, 6 gíra*
**Besta verð 3.390.000 kr.**
Bílasamningur 45.543 kr.

**brimborg**
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Umfelgun, smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd: sóllúga. Skv. verðlista Toyota febrúar 2006. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



**SNJÓR Í KAUPMANNAHÖFN** Enn er langt til vors í Danmörku og spá veðurfræðingar áframhaldandi vetrarhörkum þar í landi. Danir láta þó ekki bugast og halda áfram að hjóla í snjókomunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leiga félagsheimilis undir veitingarekstur í Fjarðabyggð gagnrýnd:

# Fimmtíu kall á fermetrann

**HÚSNÆÐISMÁL** Þorfinnur Hermannsson, sem rekur gisti- og veitingahús í Neskaupstað, gagnrýnir bæjaryfirvöld fyrir að leigja félagsheimilið Egilsbúð á rúmlega fimmtíu krónur á hvern fermetra til áþekks rekstrar og hann stundar.

Þorfinnur og kona hans gerðu upp gamalt hús undir rekstur sinn- og lögðu í þá framkvæmd um tuttugu milljónir króna. Þorfinni finnst blóðugt að reka fyrirtæki í samkeppnisumhverfi „þegar einhver getur gengið inn í Egilsbúð fyrir sama og ekki neitt. Það væri eðlilegt að borga 800 til 1000 krónur á fermetrann.“ Þorfinnur segir að allt lífsstarf þeirra hjóna sé bundið í fyrirtækinu og ef þau neyðist til að hætta rekstri missi þau aleiguna enda mjög erfitt að selja reksturinn eins og staðan sé núna.

Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar í Fjarðabyggð, segir að félagsheimilin í sveitarfélaginu séu leigð út samkvæmt gildandi lögum og reglum. Reksturinn sé boðinn út en alltaf sé hægt að deila um leigugjaldið sjálft. Hann segir að leigugjaldið ráðist af framboði og eftirspurn. Smári segir það mjög miður ef Þorfinnur neyðist til að hætta rekstri en jafnframt að það sé mikil krafa til sveitarfélagsins um að fasteignir þess séu nýttar í þágu samfélagsins. - shá



**EGILSBÚÐ Í NESKAUPSTAÐ** Leigan á Egilsbúð er 50 krónur á fermetrann. Veitingamaður á staðnum segir erfitt að keppa við forskotið sem gefið er af bæjaryfirvöldum. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN KNÚTUR

Olmert ósáttur við Rússa:

# Viðræður við Hamas mistök

**JERÚSALEM, AP** Ehud Olmert, starfandi forsætisráðherra Ísraels, sagði við Vladimír Pútín Rússaforseta um helgina að viðræður Rússa við leiðtoga Hamas-samtakanna hefðu verið mistök.

Leiðtogar Hamas voru í Moskvu um helgina og ræddu meðal annars við utanríkisráðherra Rússlands. Vladimír Pútín samþykkti þó ekki að hitta þá.

Stefna Rússa er að ræða við alla hlutaðeigandi en í yfirlýsingu sagðist Olmert vera ósammála þeirri stefnu. Samskipti Rússa við Hamas yrðu aðeins til þess að letja Hamas til breytinga sem alþjóðasamfélagið krefðist. ■

## ÍTALÍA

**Norðmaður fórst í skriðu** Norskur ferðamaður lést á sunnudag á Norður-Ítalíu þegar snjóskriða féll á hann. Mikill snjór á norðanverðri Ítalíu undanfarna daga hefur valdið fjölda skriða og snjóflóða og hafa ferðamenn oft verið hætt komnir.

## FÉLAGSMÁL

Nýr formaður BSRB, Garðar Hilmarsson, var kjörinn formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar á aðalfundi félagsins síðastliðinn laugardag, 4. mars. Hann tekur við af Sjöfn Ingólfsdóttur en henni var þakkað gott starf í þágu félagsins. Félagið er áttatíu ára um þessar mundir.

Mál Tessu Jowell:

# Blair ítrekar stuðning

**LUNDÚNUM, AP** Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, lýsti fullu trausti til menningarmálaráðherrans Tessu Jowell í gær, er þrýstingur fór vaxandi á að hún segði af sér vegna rannsóknar sem stendur yfir á fjármálaviðskiptum eiginmanns hennar.



**TESSA JOWELL** Berst fyrir pólitísku lífi sínu.

Eiginmaðurinn, lögmaðurinn David Mills, er flæktur í rannsókn ítalskra saksóknara sem gæti leitt til spillingarákæru á hendur ítalska ríkisstjórnarleiðtoganum og auðkýfingnum Silvio Berlusconi. Mills er sakaður um að þiggja mútur frá Berlusconi. Jowell og Mills skildu að borði og sæng um helgina.

Jowell mætti í fyrirspurnatíma á breska þinginu í gær og fékk þar óáreitt að svara spurningum sem til hennar var beint sem fagráðherra menningarmála. - aa



**KJÚKLINGAR** Alifuglabændur færa nú fugla sína inn fyrir hússins dyr víða um Evrópu, af ótta við fuglaflensu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ríki heims bæti viðbúnað

**Fuglaflensan breiðir enn úr sér og finnst í sífellt fleiri Evrópuríkjum. Seinagangur ríkari landa heimsins varð yfirmanni matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna að ádeiluefni í gær.**

**FUGLAFLENSA, AP** Yfirmaður matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, Jacques Diouf, ásakaði Vesturlönd í gær um seinagang í viðbrögðum við fuglaflensu. Ráðamönnum á Vesturlöndum hefðu að hans sögn fundist upphaf síðasta faraldursins, í Asíu árið 2003, vera langt í burtu og því hefðu þeir trassað að grípa til viðeigandi ráðstafana vegna yfirvofandi faraldurs. Diouf lét þessi ummæli falla í viðtali við franska blaðið Liberation.

Flensan hefur haft áhrif á líf yfir 300 milljón bænda og hefur kostað landbúnað í þeim löndum þar sem hún hefur fundist gríðarlegar fjárhæðir. Þetta kom fram í máli Margaret Chan, yfirmanns fuglaflensuviðbragða Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, WHO, á ráðstefnu sérfræðinga í Genf í gær.

Fuglaflensa er fyrst og fremst fuglasjúkdómur en óttast er að veiran sem veldur honum stökkbreytist og geti þá smitast frá manni til manns og valdið heimsfaraldri, en þeir ganga yfir nokkrum sinnum á öld. Á 20. öldinni urðu heimsfaraldrar árin 1918, 1957 og 1968. Þetta er í fyrsta sinn sem reynt er að sporna við faraldri áður en hann hefst.

Samkvæmt tölum WHO hafa 94 manns látist úr H5N1-veirunni síðan árið 2003, allir í Asíu eða Tyrklandi. Á sama tíma hefur milljónum fugla verið slátrað víða um heim vegna flensunnar.

Að sögn talsmanna WHO er ekkert bóluefni til við vírusnum, en vísindamenn víða um heim keppast nú við að þróa virkt bóluefni.

Heilbrigðisyfirvöld í Bandaríkjunum tilkynntu í gær að þau hefðu samþykkt þróun annars bóluefnis en þess sem rannsóknarmenn þar í landi hafa unnið að síðan árið 2004. Þau telja sig eiga nokkrar milljónir skammta af bóluefni gegn fuglaflensuvírus sem fannst í Víetnam árið 2004, en vísindamenn telja veiruna hafa þróast síðan svo það bóluefni myndi hvort sem er ekki virka, kæmi til þess að það yrði notað. Þar af leiðandi hafa milljónir dollara verið eyrnamerktar til rannsókna og þróunar á bóluefni gegn þessum breytta vírus.

smk@frettabladid.is


*Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna*



*Konur og hnattvæðing – er heimurinn eitt atvinnusvæði?*

**Fundur á Grand Hótel – Hvammi 8. mars 2006 kl. 11.45–13.00**

- ***Hnattvæðing, konur og vinnumarkaðir – Gömul þemu í nýju þjóðfélagsumhverfi?***
  *Kolbeinn H. Stefánsson, doktorsnemi í félagsfræði*
- ***Ást til sölu: Staða farandverkakvenna í hagkerfi alþjóðavæðingar***
  *Ásbjörg Una Björnsdóttir, nemi í meistaranámi í alþjóðasamskiptum*
- ***Eru erlendar konur velkomnar á íslenskum vinnumarkaði?***
  *Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, 1. varaformaður Eflingar-stéttarfélags*
- ***Hvernig er að vera pólsk kona á Íslandi?***
  *Wieslawa Vera Lupinska, túlkur hjá Alþjóðahúsinu*

*Fundarstjóri: Sabine Leskopf frá Alþjóðahúsinu*

*Í upphafi fundar er framreitt gratinerað brauð og kaffi. Verð 1.500 kr.*

Bandalag háskólamanna BSRB KRFI SÍB Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja JAFNRÉTTISRÁÐ Jafnréttisstofa

*Að fundinum standa: ASÍ, BHM, BSRB, KÍ, KRFÍ, SÍB, Jafnréttisnefnd Reykjavíkurborgar, Jafnréttisráð og Jafnréttisstofa*




HÉR & NÚ / SÍA

# Accord Kraftur




**Accord** Type S 2,4i frá: 2.770.000 kr.

* Bíll á mynd er ACCORD Type S 2,4i - með aukabúnaði

2.0 lítra 155 hestafla **Accord Comfort**
á Honda-góðu verði frá:

**2.190.000** kr.

honda.is

Komdu og sannreyndu hvernig hinn nýi Honda Accord er jafnvígur í samkvæmið sem á keppnisbrautina. Með 2,0 lítra 155 hestafla standardvélinni eða 2,4 lítra og 190 hestafla eldflaug, sem þú átt val um, finnur þú kraftinn og lúxusinn sem hentar þinni akrein í lífinu. Sportleg og straumlínulöguð hönnunin umlykur Accordþægindin. Spennandi nýjungar og enn ríkulegri staðalbúnaður færir nýjan Honda Accord feti framar samkeppninni. Komdu og finndu kraftinn þinn – ræstu Accord.

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 · Sími 520 1100
www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bílavík, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535



**HUNDASLEÐAKEPPNI** Alaskabúinn Lance Mackey er einn hinna 83 hundaþjálfara sem hófu Iditarod-hundasleðakeppnina í Alaska á sunnudag. Mackey og hundar hans unnu Yukon Quest-keppnina í febrúar, sem er talin mun erfiðari keppni, og segja því sumir að teymið sé vel búið undir Iditarod-keppnina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Viðræður um myndun þjóðstjórnar í Írak enn í uppnámi:

# Forsetinn kallar þing saman

**ÍRAK, AP** Forseti Íraks, Kúrdinn Jalal Talabani, lýsti því yfir í gær að hann hygðist kalla þing landsins saman næstkomandi sunnudag, en það er síðasti dagur lögbundins frests til að halda fyrsta fund nýkjörins þings eftir kosningar. Þá hefst nýr sextíu daga frestur sem stjórnmálaleiðtogum Íraka gefst til að kjósa nýjan forseta og koma sér saman um skipun nýs forsætisráðherra og ríkisstjórnar.

Forystumenn stærstu stjórnmálafylkinga sjíamúslima skunduðu í gærkvöld á neyðarfund með Talabani í þeim tilgangi að fá hann til að falla frá óbilgjarnri afstöðu varðandi mönnun nýrrar ríkisstjórnar, til að forða því að í odda skerist milli fylkinga sem hæglega gæti endað með stjórnlausu borgarastríði.



**FRESTUR VIRTUR** Jalal Talabani Íraksforseti, í jakkafötum, ásamt fulltrúum heittrúaðra sjíamúslima í Bagdad í gær. Hann tilkynnti að nýkjörið þing kæmi saman á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Að minnsta kosti fjórtán manns fórust í nokkrum sprengjutilræðum í Bagdad og víðar um landið í gær, og yfirmaður þeirra sveita stjórnarhersins sem gæta öryggis höfuðborgarinnar var skotinn til bana af leyniskyttu.

Ofbeldið undirstrikaði hvernig togstreitan milli fylkinga veldur hættulegu valdatómi í landinu. Leiðtogar Kúrda eins og Talabani forseti, og súnní-araba þrýsta á sjíann Ibrahim al-Jaafari, núverandi forsætisráðherra, að hverfa frá þeirri kröfu sinni að verða það áfram í nýju stjórninni. Hann og aðrir leiðtogar sjía-múslima voru uppteknir af því að reyna að brúa eigin innri ágreining. **- aa**

Gistinætur í janúar:

# Fjölgunin mest á Vestfjörðum

**FERÐAMENNSKA** Gistinóttum á hótelum í janúar fjölgaði um tæp þrettán prósent milli ára samkvæmt tölum Hagstofunnar. Fjölgaði þeim úr 36.000 í janúar í fyrra í 40.600 á sama tíma í ár.

Fjölgunin var hlutfallslega mest á Suðurnesjum, Vesturlandi og Vestfjörðum, þar sem gistinóttum fjölgaði um áttatíu prósent. Á Norðurlandi fjölgaði gistinóttum um 600, sem er tæplega fimmtíu prósenta aukning frá ári til árs.

Á höfuðborgarsvæðinu nam aukningin 8,5 prósentum en á Austurlandi var hún rúm þrjú prósent. Gistinóttum á Suðurlandi fækkaði hins vegar. **- pss**






**YNGVI ÖRN KRISTINSSON HJÁ LANDSBANKANUM** Yngvi Örn segir skandinavíska banka verða að fjárfesta í þeim fyrirtækjum sem þeir lána pening til. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Danir læri af Íslendingum

**Danska viðskiptablaðið Børsen var með umfangsmikla umfjöllun um íslenska banka. Gengi íslenskra fjármálafyrirtækja er líkt við rakettu. Skiptar skoðanir eru um starfsaðferðir íslensku bankanna.**

**DANMÖRK** Hætta er á því að danskir bankar missi viðskipti taki þeir ekki upp sömu starfshætti og íslenskir bankar. Þetta er meðal þess sem kemur fram í tólf síðna umfjöllun um íslensku bankanna í danska viðskiptablaðinu Børsen í gær.

Skandinavískir bankar verða í framtíðinni að fjárfesta í þeim fyrirtækjum sem þeir lána peninga. Um þetta eru þeir Yngvi Kristinsson frá Landsbankanum og Jónas Sigurgeirsson frá KB banka sammála. Benda þeir á að sú aðferð hafi gefið góða raun fyrir íslensku bankana sem og stóra alþjóðlega banka. Bankastjórar dönsku bankanna eru hins vegar ekki sannfærðir um ágæti aðferðarinnar. Segja þeir það ekki í verkahring banka að skipta sér af rekstri fyrirtækja enda kunni það að valda hagsmunaárekstrum. Tíminn verði að leiða í ljós hvort íslenska leiðin virki til lengri tíma.

Gengi íslensku fjármálafyrirtækjanna er líkt við rakettu í grein Børsen og bent á að verðmæti þeirra hafi margfaldast síðustu tvö ár. Landsbankinn hafi vaxið um tæp 400 prósent á meðan stærstu bankar Dana, Nordea og Danske Bank, hafi á sama tíma vaxið um sextíu prósent. Stærð dönsku bankanna skýrir reyndar að hluta til þennan mun enda erfiðara fyrir þá að vaxa jafn hratt.

Rætt er við danska fjármálasérfræðinga um þennan mikla vöxt og koma fram skiptar skoðanir. Einn viðmælandi blaðsins segir þær eðlilegar enda hafi rekstur bankanna skilað góðri afkomu. Annar segist sammála um að hlutirnir líti vel út á pappírnum en setur spurningarmerki við hvernig tölurnar séu fengnar og segir að verðmat á óskráðum eignum bankanna kunni að vera óraunhæft.

Niðurstaða útreikninga blaðsins er að hlutfall verðs og tekna sé álíka hjá íslensku og dönsku bönkunum. Hins vegar segir blaðið að tölurnar kunni að vera ólíkt reiknaðar hjá bönkunum og því segi þessir útreikningur ekki alla söguna. **kristjans@frettabladid.is**




## LÖGREGLUMÁL

**Datt í stiga** Maður slasaðist illa um nýliðna helgi þegar hann datt í stiga á veitingahúsinu Amsterdam í miðborg Reykjavíkur. Hann var fluttur á slysa- og bráðamóttöku Landspítala með slæman höfuðáverka.

**Bílvelta á Hellisheiði** Ökumaður fólksbíls missti stjórn á bíl sínum á leið frá Reykjavík til Selfoss í gærmorgun með þeim afleiðingum að bíllinn valt. Ökumaðurinn, sem er á sextugsaldri, slapp ómeiddur en bíllinn er óökufær.

## SVÍÞJÓÐ

**Nýtt í Palme-málinu** Sænska lögreglan hefur fengið í hendur byssuhlaup sem hugsanlega tengist morðinu á Olof Palme fyrir tuttugu árum. Hlaupið er af byssu af gerðinni Magnum 357, sams konar byssu og notuð var við morðið.

**Fleiri dauðir fuglar** Sænsk stjórnvöld tilkynntu í gær um fjögur ný H5-tilfelli í dauðum fuglum við Oskarshamn í Suður-Svíþjóð, en enn er verið að kanna hvort dauðir fuglar sem þar fundust í síðustu viku hafi drepist úr H5N1-veiruafbrigðinu. Það þykir þó líklegt.

Íbúar Seltjarnarness ánægðir:

# Engin innbrot síðan í október

**HVERFAGÆSLA** Öflug hverfagæsla á Seltjarnarnesi hefur orðið til þess að engin innbrot hafa verið tilkynnt síðan bærinn hóf átak sitt í október á síðasta ári.

Lúðvík Hjalti Jónsson hjá Seltjarnarnesbæ er að vonum ánægður með árangurinn. Innbrotaalda hafði geisað áður en átakið hófst og er því ljóst að ávinningur verkefnisins er mikill.

Hverfagæsla er hugsuð sem stuðningur bæjarfélagsins við störf lögreglunnar en hún felst í því að bílar frá öryggisgæslufyrirtæki aka um hverfi bæjarins eftir ákveðnu skipulagi og líta eftir eigum bæjarbúa. - pss

Fyrrverandi leiðtogi Króatíu-Serba sviptir sig lífi í fangelsi í Hollandi:

# Annað sjálfsvíg fanga í Haag

**HAAG, AP** Milan Babic, fyrrverandi leiðtogi Króatíu-Serba, svipti sig lífi í fangelsi í Hollandi á sunnudagskvöld, að því er Stríðsglæpadómstóll Sameinuðu þjóðanna greindi frá í gær.

Babic, sem afplánaði þrettán ára fangelsisdóm fyrir glæpi gegn mannkyni, fannst andaður í klefa sínum í fangelsi dómstólsins í Scheveningen, útbæ Haag.

Þetta er í annað sinn sem fangi Stríðsglæpadómstóls SÞ fremur sjálfsmorð. Það fyrsta átti sér stað árið 1998, en sá sem það framdi hét Slavko Dokmanovic, sem var líka einn af leiðtogum Króatíu-Serba.



**MILAN BABIC** Fyrrverandi leiðtogi Króatíu-Serba fyrir réttinum í Haag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Babic lýsti sig sekan af ákæru um að kynda undir þjóðernishreinsunum gegn Króötum í Krajína-héraði, en fyrir vikið voru aðrar ákærur látnar niður falla. Við dómsuppkvaðningu lýsti Babic iðrun og bað „króatíska bræður“ sína afsökunar. Hann áfrýjaði hinum þunga dómi en áfrýjuninni var hafnað í júlí síðastliðnum. Babic gaf sig sjálfur fram á sínum tíma, ólíkt mörgum löndum hans sem dómstóllinn hefur ákært fyrir stríðsglæpi. Fréttin af andláti hans er sögð til þess fallin að auka enn á vantraust Serba til dómstólsins. - aa



**VEIÐIMAÐUR** Þessi veiðimaður sat í makindum undir regnhlíf í sólskini við Ascarate-vatnið í Texas fyrr í vikunni og veiddi sér til matar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ástand sjávar í febrúar:

# Hiti og selta yfir meðallagi

**RANNSÓKNIR** Vetrarmælingar rannsóknarskipsins Bjarna Sæmundssonar hafa leitt í ljós að hiti og selta sjávar eru áfram yfir meðallagi umhverfis landið. Helstu niðurstöður sýna að hlýsjórinn að sunnan var með svipaðan styrk og verið hefur síðustu ár þó að hiti hans hafi lækkað.

Fyrir Norðurlandi var útbreiðsla hlýs sjávar svipuð og síðasta vetur. Hiti og selta hafa hækkað og eru nú yfir meðallagi samkvæmt rannsóknum síðustu þrjátíu ára. Norðaustan- og austanlands var hiti á bilinu 1,7 til 3,2 gráður á celsíus yfir landgrunninu, sem er í meðallagi. Hitastig við botn á landgrunninum umhverfis landið var 4-7 gráður á celsíus. ■



**ÓVANIR HÁLKU** Snjó hefur kyngt niður í landinu og búist er við miklu hvassviðri næstu sólarhringana. AFP.NORDICPHOTOS

Óvanalegt veðurfar á Íberíu:

# Veður válynd um allan Spán

**MADRÍD** Spænska veðurstofan hefur gefið út viðvaranir vegna áframhaldandi snjóa og hvassviðris um allan Spán næstu dagana en meiri snjó hefur kyngt niður þennan veturinn á landsvísu en áður hefur gert í langan tíma.

Gildir viðvörun veðurstofunnar um öll héruð landsins að Galisíu og Kanaríeyjum undanskildum. Er búist við enn meiri snjókomu og hálku á vegum, en tæplega 200 manns létust í umferðarslysum í febrúar sem flest mátti rekja til slæmrar færðar. Hefur þurft að loka mörgum hraðbrautum ítrekað síðustu vikurnar og verður svo líklega áfram næstu daga. - aöe

Nemar mótmæla:

# Ósáttir við styttingu náms

**MENNTAMÁL** Framhaldsskólanemar ætla að fjölmenna á Austurvöll á morgun til að mótmæla „ólýðræðislegum vinnubrögðum og meingölluðum áætlunum“ menntamálaráðherra um styttingu framhaldsnáms, eins og segir í tilkynningu frá Hagsmunaráði framhaldsskólanema.

Undanfarna daga hefur menntamálaráðherra fengið fjöldann allan af póstkortum frá nemendum þess efnis að draga skerðingaráform sín til baka.

Menntamálaráðherra hefur ekki brugðist við þeim kröfum og þar af leiðandi ætla nemendur að mótmæla. - pss



## „ORÐRÉTT“

*Mikið á sig lagt fyrir bílinn*

**„Það var nú einkum til að fá góðan bílskúr sem við fórum að byggja...“**

ALDA INDRIÐADÓTTIR, ÍBÚI Í KÓRAHVERFI, Í FRÉTTABLAÐINU.

*Ekki fyrir teprur*

**„Ég reyndi bara að taka af mér tepruhettuna og gera þetta og fannst það bara skemmtilegt.“**

KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR, ÞINGKONA SAMFYLKINGARINNAR, Í FRÉTTABLAÐINU UM ÞÁTT SINN Í UPPSETNINGU PÍKUSAGNA.

*nær og fjær*
**tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR SÖNGKONA

# *Undirbýr tónleika í Fríkirkjunni*



Ellen Kristjánsdóttir söngkona hefur í nógu að snúast þessa dagana en hún undirbýr nú tónleika með manni sínum, Eyþóri Gunnarssyni píanóleikara, og einnig tónleikaferð til Kanada með bróður sínum, Kristjáni Kristjánssyni. Þau hafa oft leikið saman á tónleikum en dagskrá ferðarinnar til Kanada er þó ekki alveg ljós ennþá. „Ég og Kristján bróðir verðum með tónleika í Kanada í apríl. Það verður örugglega voðalega skemmtilegt.“

Fjölskylda Ellenar er mikil tónlistarfjölskylda, svo ekki sé meira sagt. Bæði eiginmaður hennar og bróðir starfa sem tónlistarmenn og þá er Þorsteinn Einarsson, söngvari og gítarleikari Hjálma, tengdasonur hennar. Dóttir Ellenar og Eyþórs, Sigríður, eignaðist fyrir tveimur mánuðum dóttur með Þorsteini og var hún skírð í höfuðið á ömmu sinni. „Litla Ellen er auðvitað alveg dásamleg. Tónlistin virðist ætla að haldast í fjölskyldunni um ókomna tíð, sem er auðvitað ánægjulegt. Það er aldrei að vita nema við Kristján gefum aftur út plötu, hver veit. Ég hef annars alveg nóg að gera þessa dagana og ætla mér að velja úr þeim verkefnum sem berast til mín.“

Ellen og Eyþór eru þegar farin að undirbúa sálmatónleika í Fríkirkjunni hinn 9. apríl en Eyþór kom í gær heim úr vel heppnaði tónleikaferð til Indónesíu. „Við munum halda tónleika um páskana þar sem við flytjum sálma sem ég gef einnig út á plötu.“

Ellen fékk listamannalaun til gerðar sálmaplötunnar á sínum en hún færði gamla sígilda sálma í fallegan og látlausan búning. Platan hefur selst afar vel og virðast vinsældir plötunnar ekkert vera að dvína.

Ellen og Kristján bróðir hennar munu hita upp fyrir tónleika Lizu Ekdal hinn 24. mars í Háskólabíói.

## SJÓNARHÓLL

KJARABARÁTTA SLÖKKVILIÐSMANNA



BJARNI ÞÓR EYVINDSSON
FORMAÐUR FÉLAGS UNGLÆKNA

### *Eiga hrós skilið*

„Það er greinilegt að kjör þeirra hafa dregist verulega aftur úr eða þeir eru ekki metnir að verðleikum,“ segir Bjarni Þór Eyvindsson, formaður félags unglækna, um kjarabaráttu slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Bjarni segir margt hafa breyst hjá þessari stétt. Áður fyrr komu margir að þessu starfi í hlutastarfi en nú vinna þessi störf sérmenntaðir einstaklingar. „Þeir eiga hrós skilið fyrir störf sín dags daglega þar sem þeir leggja sjálfa sig í hættu við að bjarga lífi og eignum annarra og það hefur sýnt sig að þjóðfélagið metur störf þeirra mun meira en samninganefnd sveitarfélaganna. Ég held að ef fólkið í landinu fengi að ráða væri þessi stétt á mun betri launum.“

Bjarni segir að meta verði þá áhættu sem þeir setji sig í og því eigi að vera sanngjarnt að meta framlag þeirra í hlutfalli við það. Hætta á alvarlegum slysum sé hlutur sem verði að meta að verðleikum.






# Pompei austursins kemur í ljós

**Rannsóknir eldfjallafræðingsins Haraldar Sigurðssonar hafa leitt í ljós ótrúleg menningarverðmæti við eldfjallið Tambora í Indónesíu. Fjöldi sjónvarpsstöðva og framleiðenda setti sig nýlega í samband við Harald vegna rannsóknanna.**



**UNNIÐ AÐ UPPGREFTRI** Aðeins fjórir bæjarbúar af tíu þúsund lifðu af eldgosið í Tambora árið 1815. Tambora-ríkið hafði sérstakt tungumál en eftir eldgosið eru aðeins til varðveitt 48 orð úr tungumálinu. Margra ára frekari rannsóknarvinna bíður nú Haraldar Sigurðssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR

Tíu erlendar sjónvarpsstöðvar og kvikmyndaframleiðendur hafa sett sig í samband við Harald Sigurðsson, prófessor í eldfjallafræði við Rhode Island-háskóla í Bandaríkjunum, með ósk um að fá að búa til heimildarmynd um rannsóknarvinnu hans við rætur eldfjallsins Tambora í Indónesíu.

Haraldur hefur stýrt fimm manna rannsóknarteymi fræðimanna sem hefur ásamt aðstoðarfólki unnið að því að grafa upp þorp sem varð undir í einu aflmesta eldgosi sögunnar árið 1815.

Þorpið hefur þegar verið kallað „Pompei austursins“ eftir hinu fornfræga þorpi í sunnanverðri Ítalíu, sem gróf undir í eldgosi í eldfjallinu Vesúvíusi hinn 24. ágúst árið 79 eftir Krist. Stórfenglegar fornleifar komu í ljós eftir að Pompei var grafin upp og er staðurinn í hópi mest sóttu ferðamannastaða á heimsvísu.

Miklar vonir eru bundnar við rannsóknirnar og hafa stjórnvöld í Indónesíu sýnt þeim mikinn áhuga.

Haraldur segir menningarsögu smáríkja sem grófust undir í gosinu í Tambora merkilega. „Í hlíðum Tambora-eldfjallsins voru tvö ríki. Í vesturhlutanum var Tambora-ríkið, þar sem um tíu þúsund manns bjuggu. Í austurhluta fjallsins var síðan ríkið Sanggar og í gosinu lifði hluti kóngafjölskyldunnar af. Nýlega hitti ég afkomendur þessa fólks í Indónesíu. Ég átti með þeim ánægjulega stund.“

Áhugi á rannsóknunum hefur verið gríðarlegur og segir Haraldur þann áhuga aukast dag frá degi. „Meðal þeirra framleiðenda sem sett hafa sig í samband við mig eru breska ríkisútvarpið og fræðslusjónvarpsstöðin Discovery Channel, svo einhverjar séu nefndar. En sú síðarnefnda hefur þegar unnið eina heimildarmynd um rannsóknir okkar.“

Sérstaða fyrirbæris eins og þess sem Haraldur rannsakar nú við Tambora felst í fullkominni varðveislu á menningu og lífsháttum fólks. „Ég tel að það séu miklar líkur á því að Tambora geti í framtíðinni þjónað sama hlutverki og Pompei.“

Haraldur segir menningu Tambora-ríkis koma æ betur í ljós. „Sérstaða þessara staða felst í ótrúlegri varðveislu á öllu því sem er í bæjunum sem grófust undir í eldgosunum. Að hádegi 24. ágúst 79 eftir Krist grófst Pompei undir í eldgosi, þar með taldir allir bæjarbúar og eigur þeirra. Þarna varðveitist algjörlega menning og list, jafnvel krot á veggjum. Aðstæður við Tambora eru svipaðar eftir því sem rannsóknir okkar hafa leitt í ljós.“

Rannsóknir Haraldar við Tambora halda áfram í sumar.

**magnush@frettabladid.is**



**HARALDUR AÐ STÖRFUM** Mikið verk bíður nú Haraldar og aðstoðarfólks hans við Tambora, en stórkostleg menningarverðmæti hafa fundist við uppgröft á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Metþátttaka á Íslandsmóti skákfélaga:

# Tæplega 400 skákmenn öttu kappi í Hamrahlíðinni

**ÍÞRÓTTIR** A-sveit Taflfélags Reykjavíkur bar öruggan sigur úr býtum í efstu deild á Íslandsmóti skákfélaga sem lauk á sunnudaginn. Metþátttaka var á mótinu, sem var haldið í Menntaskólanum í Hamrahlíð, og hátt í 400 skákmenn tefldu. Taflfélag Reykjavíkur var sigursælt á mótinu en B-lið þess sigraði í annarri deild með miklum yfirburðum. Verða því tvær sveitir frá Taflfélagi Reykjavíkur í efstu deild á næsta ári. Í þriðju deild sigraði Skákdeild Fjölnis og uppskar þar árangur gróskumikils starfs undanfarin ár í Grafarvogi. Sama má segja um sigurvegara fjórðu deildar, B-sveit Taflfélags Vestmannaeyja, en skáklífið í Vestmannaeyjum hefur verið sérstaklega þróttmikið undanfarin ár. Þess má geta að A-sveit Taflfélags Vestmannaeyja hafnaði í öðru sæti í efstu deild.

- sdg



**A-SVEIT TAFLFÉLAGS REYKJAVÍKUR**
Sigurvegarar Íslandsmóts skákfélaga hampa hér verðlaunabikarnum.



# ORMSSON

SKRIFSTOFU- OG HLJÓMTÆKJADEILD
ORMSSON ER FLUTT ÚR LÁGMÚLA 8
Í SÍÐUMÚLA 9

**SÍÐUMÚLI 9**
SÍMI 530 2800

**SMÁRALIND**
SÍMI 530 2900

# BROT AF ÞVÍ BESTA

12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR




**PIONEER PDP-506XDE/FDE**
**PLASMASKJÁR**
- Skjá stærð 127 cm (50 tommur). Skjáhlutfall 16:9
- Upplausn 1280 x 768 punktar
- HD Ready/2x HDMI
- Pureblack/Pure drive 2HD
- Contrast 4.000:1
- Þyngd 31,8 kg
- **Eisaverðlaun 2005-2006**

**Verð frá kr.: 499.900,-**

12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR




**PIONEER PDP-436XDE/FDE**
**PLASMA SKJÁR**
- Skjá stærð 109 cm (43 tommu). Skjáhlutfall 16:9
- Upplausn 1024 x 768 punktar
- HD ready/2 X HDMI
- Pureblack/Pure drive 2HD
- Contrast 3.000:1
- Þyngd 25,8 kg

**Verð frá kr.: 399.900,-**

12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR



**PIONEER DCS-232**
**HEIMABÍÓKERFI**
- Magnari 360 W (5x60 W) RMS
- 60 W Bassabox/Dolby Digital/DTS, MP3, JPEG og DivX
- FM útvarp með 30 stöðva minni og RDS

**Verð kr.: 33.900,-**

## HAFA SKAL ÞAÐ SEM BETUR HLJÓMAR



**PIONEER DEH-1800**
**BÍLTÆKI**
- 4 X 45 W magnari
- D4Q Digital
- FM/AM/LW útvarp með 18 stöðva minni
- RDS Móttakari
- Laus framhlið
- EEQ forstilltur tónjafnari
- RCA útgangur

**Verð kr.: 17.900,-**

12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR



**PIONEER VSX-515**
**HEIMABÍÓMAGNARI M/ÚTVARPI**
- 6.1 rása heimabíómagnari (6x100 RMS @ 8 ohm)
- Styður Dolby Digital, Dolby Digital EX, DTS, DTS-ES Discrete 6.1, DTS-ES Matrix 6.1, DTS Neo:6, DTS 96/24, ProLogic, ProLogicII og ProLogic IIx
- FM/AM útvarp með RDS
- Sjálfvirk uppsetning með Auto-MCACC (hljóðnemi fylgir)

**Verð kr.: 39.900,-**

12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR



**PIONEER DCS-333**
**HEIMABÍÓKERFI**
- Magnari 6x100 W RMS
- 100 W Bassabox/Dolby Digital/DTS, MP3, JPEG og DivX
- FM útvarp með 30 stöðva minni og RDS

**Verð kr.: 49.900,-**

## NJÓTTU ÞESS BESTA MEÐ HÆKKANDI SÓL

12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR




**PIONEER DVR-530**
**DVD SKRIFARI m/HÖRÐUM DISKI**
- DVD upptökutæki með 160GB harðum diski
- Allt að 455 klst. upptaka á harða diskinn
- Allt að 24 tíma upptaka á einn dual-layer DVD disk (12 tímar á venjulega diska)
- DV inn- og útgangur
- Spilar og skrifar DVD-Video, DVD-R/RW, DVD+R/RW, Dual-layer DVD-R, CD, VCD, SVCD, CD-R/RW,MP3, WMA og JPEG
- **Eisaverðlaun 2005-2006**

**Verð kr.: 69.900,-**

12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR



**PIONEER DVR-433**
**DVD SKRIFARI m/HÖRÐUM DISKI**
- DVD upptökutæki með 80GB harðum diski
- Allt að 270 klst. upptaka á harða diskinn
- Allt að 24 tíma upptaka á einn dual-layer DVD disk (12 tímar á venjulega diska)
- DV inn- og útgangur
- Spilar og skrifar DVD-Video, DVD-R/RW, DVD+R/RW, Dual-layer DVD-R, CD, VCD, SVCD, CD-R/RW, MP3, WMA og JPEG

**Verð kr.: 54.900.-**



**PIONEER DV-380**
**DVD SPILARI**
- Fjölkerfa DVD spilari með DivX
- Progressive scan – flöktfrí mynd
- Spilar DVD, VCD, SVCD, CD-R/RW og DVD-R/RW diska
- Spilar MP3, WMA tónlist og JPEG myndir 108Mhz/12-bit Video D/A breytir

**Verð kr.: 12.900,-**

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

Pioneer




RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

SJÁ NÁNAR Á WWW.ORMSSON.IS

## Svona erum við

**Velta kreditkorta í febrúar**




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** ARGENTÍNUMAÐURINN CHE GUEVARA

# *Árásargjarn byltingarsinni*

Andlit byltingarmannsins Che Guevara sést oft á tískufatnaði íslenskra unglinga þessa dagana. Þó er saga þessa þekktasta byltingarsinna 20. aldarinnar að verða gleymskunni að bráð og þeir sem framleiða varninginn sem andlit hans skreytir virðast oft lítið skeyta um hugmyndafræði hans.

**Hver var Che Guevara?**

Ernesto „Che" Guevara fæddist í Argentínu árið 1928 og útskrifaðist sem læknir frá Háskólanum í Búenos Aíres árið 1953. Á námsárum sínum kynnti hann sér fátækt landa Rómönsku Ameríku og gerðist mikill andstæðingur kapítalisma, Bandaríkjanna og þeirra áhrifa sem hann taldi Bandaríkin hafa á heiminn. Jafnframt hafði hann mikla trú á kommúnisma. Árið 1956 fór hann til Mexíkó og kynntist þar hópi kúbverskra byltingarsinna í útlegð. Fidel Kastró var einn þessara manna og urðu þeir Che góðir vinir og samstarfsmenn, enda skipaði Che mikilvægan sess í uppreisninni á Kúbu sem þeir félagar hófu í nóvember sama ár. Í fyrstu var Che læknir hreyfingarinnar, en tók síðan við öðrum hlutverkum innan hennar. Kastró náði fullum völdum á Kúbu árið 1959 og var Che þá gerður að bankastjóra seðlabanka Kúbu og síðar að iðnaðarráðherra. Hann var loks gerður brottrækur úr ríkisstjórn Kúbu eftir að hann missti trú á Sovétríkin og féll í ónáð félaga sinna. Hann yfirgaf Kúbu árið 1965 og næstu tvö árin helgaði hann sig þjálfun uppreisnarmanna víðs vegar um Afríku og Rómönsku Ameríku. Árið 1967 var Che handtekinn í Bólivíu, tekinn af lífi og var lík hans grafið með leynd. Þrjátíu árum síðar voru líkamsleifar hans loks fluttar til Kúbu.



**Hvernig lifa verk hans í dag?**

Andlit Che hefur verið notað á alls kyns söluvarning, allt frá lyklakippum og upp í Smirnoff vodkaflöskur. Margir, svo sem framleiðendur vodkans, virðast lítið sem ekkert hafa kannað bakgrunn Ches eða skoðanir. Til dæmis var Che bindindismaður, enda mótmælti ljósmyndarinn Alberto Korda, sem tekið hafði myndina af Che árið 1960 sem Smirnoff notaði á flöskur sínar árið 2000, harðlega notkun myndanna til að auglýsa áfengi. Jafnframt hafa ýmsir reynt að nota ímynd Che í nafni friðarbaráttu, þrátt fyrir þá staðreynd að Che var langt frá því að vera friðarsinni. Þó lifir hann enn sem frægasti byltingarsinni Rómönsku Ameríku.

## SPURT & SVARAÐ:

**ÞYRLUKAUP**



**SÆVAR GUNNARSSON FORMAÐUR SJÓMANNASAMBANDS ÍSLANDS**

### *Nota símapeningana*

Þyrlur Landhelgisgæslunnar hafa verið í umræðunni upp á síðkastið. Upp hafa komið tilvik þar sem þörf var á þyrlum gæslunnar en hvorug þeirra var þá til taks. Sjómenn eru sá hópur manna sem á hvað mest undir í þessu máli enda hafa þyrlurnar verið kallaðar sjúkrabílar sjómanna. Málið hefur verið tekið til umfjöllunar í stjórn Sjómannasambandsins, sem Sævar Gunnarsson veitir forstöðu.

**Þarf Landhelgisgæslan að hafa þrjár þyrlur til umráða?**

Í ljósi reynslunnar undanfarið tel ég svo vera, já. Það er alveg ljóst að nauðsynlegt er að bæta við þyrlu.

**Hvernig ætti að fjármagna kaupin?**

Ég er þeirrar skoðunar að það komi til greina að nota Símapeningana til þess.

**Hefur þú heyrt í sjómönnum um þessi mál nýlega?**

Nei, ekki alveg nýlega, en ég veit hug þeirra hvað þetta mál varðar. Þetta er mikið hagsmunamál fyrir sjómenn.



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR VERÐANDI HEILBRIGÐISRÁÐHERRA** Siv tekur nú við ráðuneytinu sem sogar til sín fjörutíu prósent ríkisútgjaldanna

# Árni fer út og Siv kemur inn

**Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, tekur aftur sæti í ríkisstjórninni á ríkisráðsfundi dag, nú í ráðuneyti Halldórs Ásgrímssonar. Hún varð að standa upp úr stól umhverfisráðherra þegar Halldór tók við embætti forsætisráðherra árið 2004 og ráðherrum framsóknarmanna fækkaði um einn.**

Siv er talin metnaðarfullur stjórnmálamaður og hefur því illa sætt sig við að standa upp úr ráðherrastólnum á sínum tíma. Margir telja sig hafa sé þess glögg merki í framgöngu hennar í ýmsum málum. Hafi Siv fjarlægst flokksformann sinn eftir útgönguna úr ríkisstjórninni 2004 eru órækt merki þess nú að hún hafi undanfarið nálgast Halldór og flokksforystuna á ný.



**ÓLAFUR Þ. HARÐARSON PRÓFESSOR** „Það lá beint við að taka Siv aftur inn í ráðherrahópinn."

Fyrir fram mátti heita gefið að kona úr fjölmennasta kjördæminu yrði fyrir valinu ef nýr ráðherra kæmi inn í ríkisstjórnina af hálfu framsóknarmanna. Fylgisvandi Framsóknarflokksins er mikill í höfuðborginni eins og skoðanakannanir hafa sýnt og ekki vanþörf á þeim stuðningi sem Reykjavíkurráðherra gæti hugsanlega veitt framboðslista flokksins í höfuðborginni. Úr því Siv varð að víkja á sínum tíma úr ríkisstjórninni, beinlínis vegna embættistöku Halldórs, voru líkurnar á því að hún tæki aftur sæti æði miklar.

### Erfið mál

Fram hefur komið að Árni Magnússon hafi tekið þá ákvörðun fyrir nokkrum vikum að bjóða sig ekki fram í þingkosningunum á næsta ári. Ástæður þeirrar ákvörðunar og síðar hinnar að standa upp úr ráðherrastólnum eru að hans eigin sögn persónulegar. En fleira kann þó að koma til. Bent hefur verið á erfiða stöðu Árna í máli Valgerðar Bjarnadóttur, fyrrverandi jafnréttisstýru, en í Hæstarétti tapaði Árni máli gegn henni og var ríkið dæmt til að greiða Valgerði skaðabætur. „Í því máli var krafist afsagnar Árna af ýmsum, og hann fékk ótrúlega lélegan stuðning þingmanna flokksins," segir Össur Skarphéðinsson Samfylkingarþingmaður á vefsíðu sinni.



**ÁRNI MAGNÚSSON FRÁFARANDI FÉLAGSMÁLARÁHERRA** Margir töldu leið hans beina og breiða að formannstóli Framsóknarflokksins.

Því hefur verið haldið á lofti nokkur undanfarin misseri að Árni væri næsta öruggur arftaki Halldórs sem leiðtogi Framsóknarflokksins. Verðandi leiðtogaefni stjórnmálaflokks þarf að vita hvort það eigi öruggt þingsæti og hvenær hugsanleg forystuskipti geti orðið. Svör við þessum spurningum hafði Árni væntanlega ekki. Hann varð þingmaður Norðurkjördæmis Reykjavíkur út á fáein atkvæði í alþingiskosningunum 2003, næstur á eftir Halldóri á lista. Skoðanakannanir benda ekki til þess að hann hefði átt öruggt þingsæti að óbreyttu. Halldór hefur opinberlega sagt að hann sé ekki á leið út úr pólitík. Raunar er talið óviturlegt af stjórnmálaforingjum að gefa til kynna með löngum fyrirvara að þeir ætli að stíga af valdastóli, því að með þeim hætti dragi þeir um leið úr áhrifavaldi sínu.

### Siv sjálfsagður kostur

„Árni Magnússon hefur virst einn öflugasti forystumaður Framóknarflokksins. Brotthvarf hans hlýtur því að teljast nokkurt áfall fyrir flokkinn," segir Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Hann bendir þó á að það hafi valdið umtalsverðri óánægju þegar Siv Friðleifsdóttir var látin víkja fyrir Árna 2004. „Það vegur því á móti að hún skuli koma aftur inn í ráðherrahóp flokksins. Hrókeringarnar í ráðherrahópnum nú kunna að verka jákvætt fyrir næstu alþingiskosningar. Vera má að ráðherravalið valdi einhverjum særindum, en að mínu viti lá það beint við að taka Siv aftur inn í ráðherrahópinn," segir Ólafur.

Guðjón Ólafur Jónsson tekur við þingmennsku af Árna Magnússyni. Sem stendur er Guðjón Ólafur við framhaldsnám í Skotlandi og tekur nær örugglega ekki sæti á þingi fyrr en í haust. Annar varamaður á lista er Sæunn Stefánsdóttir, aðstoðarmaður Jóns Kristjánssonar í heilbrigðisráðuneytinu, og er við því að búast að hún taki sæti á þingi og sitji til þingloka í byrjun maí.

**johannh@frettabladid.is**


**ELDRI BORGARAR 60+**

**Byrjendur**

30 kennslustunda byrjendanámskeið. Engin undirstaða nauðsynleg, hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara.
Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færa að nota tölvuna sjálfstætt, m.a. til að skrifa texta og prenta, nota Internetið sér til gagns og gamans, taka á móti og senda tölvupóst.

Kennsla hefst 16. mars og lýkur 6. apríl.
Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13 - 16.
**Verð kr. 19.500,-** Vegleg kennslubók innifalin



**Framhald I**

30 kennslustundir. Hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu. Byrjað er á upprifjun áður en haldið er lengra í ritvinnslu í Word. Framhaldsæfingar á Internetinu og í allri meðferð tölvupósts.

Kennsla hefst 15. mars og lýkur 5. apríl.
Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 13 - 16.
**Verð kr. 19.500,-** Vegleg kennslubók innifalin.

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is

# FLÖT SJÓNVÖRP

## FRÁBÆRT ÚRVAL!
### ALLAR STÆRÐIR OG GERÐIR!




**UNITED**

**PTV42** 42" PLASMA SJÓNVARP með 852x480 upplausn (VGA, SVGA, XGA), Progressive Scan, HDTV Ready, 2x10w Nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, DVI og PC tölvutengi, mynd í mynd (2 Tunerar) textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 139.990**
FULLT VERÐ kr. 159.990

---




**UNITED** **LTV27**

27" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x768 upplausn (VGA, SVGA, XGA, WXGA) með Progressive Scan, HDTV Ready, 2x7w SRS Surround hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, Component (YPbPr) og DVI tengi, AV og heyrnartólstengi að framan, mynd í mynd - 2 tunerar, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 89.990**
FULLT VERÐ kr. 139.990




**GRUNDIG** **LXW828510**

32" LCD HD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 (VGA, SVGA, XGA, WXGA) upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 700:1 skerpu og 16ms svartíma, (H/V): 170/170° sjónsviði og 450 cd/m2 birtustigi, mynd í mynd (2 móttakarar), 2 x 28w Nicam stereó hljóðkerfi, 3 Scart tengum (með RGB) og PC tengi (DVI-D og VGA), SVHS og RCA tengi, heyrnartólstengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 149.990**
FULLT VERÐ kr. 199.990




**THOMSON** **42PB120S5**

42" ED PLASMA BREIÐJALDSSJÓNVARP með 852x480 punkta upplausn og 3000:1 skerpu,1000 cd/m2 birtu, HDTV Ready, mynd í mynd (1 móttakari), 28w Nicam Stereó hljóðkerfi, textavarp með 2100 síða minni, 2 Scart, Component, SVHS og CVBS tengjum, PC tengi (DVI), borðstandi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 169.990**
FULLT VERÐ kr. 199.990

---

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2006

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Þristur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.

# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Óvæntar breytingar á ríkisstjórninni:

## Flokkur í vanda

Eitt er skýrt við afsögn Árna Magnússonar. Ákvörðun hans kom flestum í opna skjöldu. Ráðherrann fráfarandi segir, að persónulegar ástæður liggi að baki því, að hann tekur nú hnakk sinn og hest og yfirgefur svið stjórnmálanna til þess að takast á hendur ábyrgðarmikið starf á fjármálamarkaðnum. Það er trúverðug skýring. En hún breytir ekki hinu, að þessi ákvörðun varpar kastljósi á aðstæður Framsóknarflokksins og stöðu.

Ein og sér sýnist sú breyting, sem í dag verður á ríkisstjórninni, hvorki veikja né styrkja Framsóknarflokkinn eða ríkisstjórnina í heild. En á það er að líta, að þetta er í annað sinn á fáum árum, sem krónprins í flokksforystunni yfirgefur hana með sama hætti og með sömu rökum. Þegar öllu er á botninn hvolft verður varla hjá því komist að draga aðra ályktun af þessari staðreynd en að hún bendi til viðvarandi innri veikleika í flokknum.

Þegar Árni Magnússon var tekinn fram yfir aðra til ráðherrasetu eftir síðustu kosningar leiddi það ekki einasta til þess, að hann fékk þá ímynd að vera hinn nýi krónprins. Það hlýtur beinlínis að hafa verið megintilgangur þeirrar ráðstöfunar; ella kemst hún ekki í rökrétt samhengi. Á þeim tíma benti ekkert til annars en sú leikflétta ætti eftir að ganga upp. Þessi mynd hlýtur hins vegar að hafa blasað á annan veg við Árna Magnússyni persónulega nú en fyrir tæpum þremur árum. Sú skýra mynd virtist að minnsta kosti vera orðin þokukenndari.

Það vakti athygli, að fyrr sama dag og Halldór Ásgrímsson tilkynnti um breytingar á ráðherraskipan flokksins kom fyrrverandi formaður, Steingrímur Hermannsson, fram í sjónvarpi og lagði með hinum breiðu spjótum að eftirmanni sínum með því að segja, að hann hefði sjálfur notað ákvörðun um stuðning við innrásina í Írak á sínum tíma til að rjúfa stjórnarsamstarfið. Hann kom að vísu ekki með tillögu þar um, þegar sú ákvörðun var tekin. Ef málefnið skipti ekki öllu lá formaðurinn vissulega betur við höggi nú en þá.

Á Flokksþingi fyrir ári hafði Steingrímur Hermannsson betur í átökum um Evrópustefnu flokksins og gekk jafnvel svo langt að hafna málamiðlun sem almenn sátt virtist geta orðið um. Það er úr þessu andrúmslofti eða innanflokksgerjun sem annar forystukrónprins flokksins hverfur af vettvangi á skömmum tíma.

Sú var tíð, að Framsóknarflokkurinn náði því að vera miðjuflokkur að meðaltali með því að vera ýmist til hægri eða vinstri. Hálldór Ásgrímsson braut blað í sögu flokksins að þessu leyti. Hann gerði flokkinn málefnalega að raunverulegum miðjuflokki. Fyrir vikið hefur Framsóknarflokkurinn í fyrsta skipti átt þátt í að skapa og viðhalda langvarandi stjórnmálalegum stöðugleika. Þar koma að vísu einnig til persónulegir eiginleikar eins og rótfesta og trúmennska formannsins.

Þrátt fyrir þessi jákvæðu umskipti hefur Framsóknarflokkurinn átt í vök að verjast. Þar ræður ugglaust mestu breytt stjórnmálalegt umhverfi. Ekki verður séð að afturhvarf til meðaltalsmiðjustefnunnar geti gert hann að stórum flokki á ný. Nútíma stjórnmál gera kröfu um meiri trúverðugleika forystumanna til þess að það geti talist raunhæfur kostur. Allt bendir því til þess, að Framsóknarflokkurinn verði varanlega minni flokkur en áður var. En hann getur spilað vel úr þeirri stöðu. Það hjálpar hins vegar ekki, ef efnilegustu mennirnir hverfa af vettvangi jafnharðan og þeir eru komnir til áhrifa. ■




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hótanir

Ögmundur Jónasson, þingmaður vinstri grænna, þakkaði Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra úr ræðustóli á Alþingi í gær fyrir að upplýsa þjóðina um hótanir af hálfu erlends álrisa. Átti vitanlega við Alcan og ummæli forsvarsmanna í eyru forsætisráðherra um að hugsanlega yrði að loka Straumsvíkurálverinu ef ekki fengist heimild til stækkunar. Halldór kannaðist ekki við neinar hótanir. Hér er vert að staldra við það sem Richard B. Evans, aðstoðarforstjóri Alcan, sagði á álráðstefnu hér á landi síðastliðið sumar. Vísast hér til Morgunblaðsins 15. júní í fyrra: „Við tökum okkar ákvörðun óháð öðrum, en ef tækifærið er gott viljum við taka ákvörðun sem fyrst til að komast af stað með verkið. Hér skiptir máli að Ísland hefur ákveðnar losunarheimildir í Kyoto-samkomulaginu og þar inni er áætluð stækkun hjá okkur. En ef einhver myndi stækka á undan okkur gæti það vakið upp spurningar um hvert hámarkið á losun koltvísýrings er.“ Og svo sagði Evans þetta svo eftirminnilega: „Ég held að það sé ekkert slæmt við það að stækka ekki, þó það hafi vissulega kosti að stækka. Það er búið að endurnýja mikið af tækjabúnaði og reksturinn er góður. En við reynum að ná sem bestum fjárfestingum, og ef hagnaðurinn af því að stækka er meiri höfum við augljóslega áhuga á því.“ Þessi orð ríma einhvern veginn illa við það sem Halldór sagði fyrir helgina um að forsvarsmenn Alcan vildu loka álverinu ef ekki fengist leyfi til að stækka það.



### Ferðin til Taívan

„Ég hlýt að hafa verið í lengsta blakk-áti sögunnar meðan á ferðinni stóð. Ég man bara ekkert eftir henni,“ segir Össur Skarphéðinsson á vefsíðu sinni og leggur þar út af umfjöllun Fréttablaðsins um för nokkurra þingmanna til Taívan nú fyrir helgi. Össur er hér að lýsa því að hann hafi aldrei til Taívan komið eins og blaðið hélt fram síðastliðinn laugardag, en þar mátti lesa að Össur hefði verið þar með Tómasi Inga Olrich árið 1998. Hið rétta er að Össur og Tómas hittu þingmenn frá Taívan hér á landi þetta ár og byggðist útlegging blaðsins á mislestri heimildar. Dálkahöfundur lofar hátíðlega að koma Össuri ekki aftur til Taívans og biðst auðmjúklega forláts.

johannh@frettabladid.is

## Hlúum að móðurmálinu

Í DAG
MÁLRÆKT



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

*Það er lágmarkskrafa að menn sem hafa atvinnu af skrifum beri skynbragð á atvinnutækið sitt, þ.e. tungumálið og bregði t.d. ekki fyrir sig máltækjum og orðtökum án þess að vita nokkurn veginn hvað þau merkja. Þá er betra að láta þau liggja ónotuð.*

Eitt það fyrsta sem ég segi nemendum mínum á hverju hausti er að ég ætlist til þess að hver og einn geri sitt besta. Þeir eiga að leggja sig fram, stefna að framförum og gera eins vel og þeir geta, hver og einn á hverjum tíma. Almennt finnst mér þetta eiga að vera sú grundvallarkrafa sem við gerum til okkar sjálfra og til hvers annars.

Mikið vildi ég að fjölmiðlar hefðu þetta að leiðarljósi almennt þegar þeir nota ástkæra, ylhýra móðurmálið. Ég nota reyndar fjölmiðla ekki svo reglulega að ég geti tiltekið hér sérstök dæmi og nefnt einn fjölmiðil öðrum fremur. En eftir stendur sú staðreynd að við okkur blasa stafsetningarvillur, almennar ásláttarvillur og málvillur, hvort sem við lesum eða hlustum. Sú spurning vaknar reyndar hvort fólk sé almennt farið að treysta svo á leiðréttingarforrit í tölvum að það láti texta frá sér fara án frekari yfirlestrar en þess sem leiðréttingarforritið sér um. En, svo góðra gjalda verð sem slík forrit eru, duga þau þó hvergi nærri því þau hafa t.d. enga málvitund og enga hugmynd um hvenær er rétt að skrifa himinn og hvenær himin, svo dæmi sé tekið. Né heldur gera þau greinarmun á sögnunum að tína og týna, sem hafa þó mikinn merkingarmun eins og flestir vita.

En fréttamönnum blaða og ljósvakamiðla verður aftur og aftur „fótaskortur á tungunni“. Það er lágmarkskrafa að menn sem hafa atvinnu af skrifum beri skynbragð á atvinnutækið sitt, þ.e. tungumálið og bregði t.d. ekki fyrir sig máltækjum og orðtökum án þess að vita nokkurn veginn hvað þau merkja. Þá er betra að láta þau liggja ónotuð. Og víða vantar greinilega prófarkalesara.

Alvarlegustu og meinlegustu villurnar eru þó í barnaefni ýmiskonar. Þar má nefna barnabókmenntir og þó enn frekar talsetningu barnaefnis fyrir sjónvarp og geisladiska sem gefnir eru út fyrir börn. Þar vaða ítrekað uppi málvillur og rangfærslur og auðvitað læra börnin það sem fyrir þeim er haft.

Þetta metnaðarleysi einkennir ekki bara ljósvakamiðla, dagblöð og tímarit. Skáldsögur og ævisögur eftir viðurkennda höfunda frá þekktum útgáfufyrirtækjum sleppa ekki óskaddaðar til lesandans. Þýðingarvillur eru á stundum svo meinlegar að þær gera þá kröfu til lesandans að hann hafi í huga og skilji upprunalegt mál bókarinnar svo hann skilji merkingu textans. Minnisstætt dæmi er úr annars ágætri skáldsögu, þýddri úr sænsku, þar sem söguhetja stakk upp á því við félaga sinn að þau tækju tröppuna. Ég verð að viðurkenna að þar missti ég þráð sögunnar og varð að rifja upp mína litlu þekkingu á sænsku til að ná samhenginu. Við nánari athugun var vildi söguhetjan fara stigann í stað þess að nota lyftuna.

Við mikinn og oft mjög ánægjulegan lestur bókmennta af ýmsum toga í vetur hef ég reyndar ekki bara hnotið um meinlegar villur ýmiskonar heldur hefur mér þótt nokkuð skorta á ritstjórn. Prófarkalestri hefur verið ábótavant og endurtekningar eða langlokur áberandi. Sú spurning vaknar á stundum hvort rithöfundar fái greitt fyrir hvert orð eða hverja blaðsíðu, þannig að lengri bækur gefi meira af sér en stuttar. Það hlýtur að teljast til einhvers konar ritstjórnar að benda höfundum á slíka ágalla og gefa þeim góð ráð. Þegar langlokur bætast við villur eru sögurnar farnar að gjalda metnaðarleysis, hvort sem við höfunda, útgefendur eða jafnvel prófarkalesara er að sakast. Mikið hefur verið rætt um metnað í bókaútgáfu en magn er ekki alltaf ígildi gæða. Margar góðar bækur komu út í vetur en í mörgum tilfellum hefði þó mátt gera enn betur með vandaðri yfirlestri og gagnrýni fyrir útgáfu, að ekki sé talað um góðan prófarkalestur.

Það er góð og gild regla að lesa vel yfir það sem maður lætur frá sér fara. Enn betri regla er sú að fá annan til að lesa yfir fyrir sig því betur sjá augu en auga. Góðir og gegnir stjórnendur ýmissa fyrirtækja þurfa t.d. ítrekað að senda frá sér texta af ýmsu tagi og ættu að setja sér þá sjálfsögðu vinnureglu að leita til góðs íslenskumanns um yfirlestur. Slíkir finnast í hverju fyrirtæki. Það er lágmarkskrafa að gera sitt besta hverju sinni, hvort sem verið er að skrifa stutta frétt eða pistil í dagblað, ræða við hlustendur og viðmælendur í útvarpi eða sjónvarpi, skrifa bók eða bréf í nafni stofnunar eða fyrirtækis. Okkur má ekki vera sama um meðferð móðurmálsins. ■

## Skákhátíð fjölbreytileika

UMRÆÐAN
ALÞJÓÐLEGA SKÁKHÁTÍÐIN



GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR, FORSETI SKÁKSAMBANDS ÍSLANDS

Þegar ég gekk í salinn á Ólympíumótinu í skák í fyrsta sinn varð ég snortin af þeirri sýn sem við blasti. Að sjá konur frá Íran tefla við skákkonur Ísraela, að sjá menn frá óþekktum Afríkulöndum í sínu litríkasta pússi taka í höndina á hindúum frá Indlandi - það var eitthvað magnað við að sjá þennan hóp sitja við sama borð dag eftir dag, talandi saman með því að hreyfa riddara og peð.

Í slíkum anda fjölbreytni og fjölmenningar er Alþjóðlegu skákhátíðinni, sem haldin verður frá 6.-18. mars í Skákhöllinni Faxafeni 12, m.a. ætlað að gefa Íslendingum færi á að sjá með eigin augum þá litríku flóru sem býr í heimi manntaflsins. Stefnt hefur verið saman aragrúa fólks af ólíkum þjóðarbrotum, kynþáttum, trúarbrögðum, kynslóðum og kynjum - frá öllum heimsins hornum. Skákin hefur þann sérstæða eiginleika að vera tungumál sem allir geta lært. Bil sem svo oft virðast ófyrstíganleg á milli fólks eru brúuð með einföldum og tærum hætti yfir skákborði þar sem leikgleði er í fyrirrúmi. Skákin er þannig ein af fáum keppnisgreinum þar sem fatlaðir og ófatlaðir, blindir sem sjáandi, sitja við sama borð til jafns á við aðra. En betur má ef duga skal.

Aðstæður fyrir hreyfihamlaða til að komast á skákviðburði á Íslandi eru enn ófullnægjandi og þeirri hlið mála hefur verið allt of lítið sinnt. Þetta á nú að gera að forgangsverkefni, enda í anda skákarinnar að brúa bil allra hópa eins og yfirstandandi hátíð gefur til kynna.

Lyftuop er til staðar í Skákhöllinni Faxafeni þar sem 22. Alþjóðlega Reykjavíkurmótið fer fram, en þrátt fyrir góðar tilraunir hefur enn ekki tekist að tryggja fjármagn til lyftunnar. Ég hvet yfirvöld og aðra sem vettlingi geta valdið til að hjálpa okkur að bæta úr þessu hið fyrsta. Málið er brýnt því að það eiga allir að fá að sitja við sama borð. Allir. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## SPARKVÖLLUM FJÖLGAR

Sparkvellir hafa valdið byltingu á Íslandi, bæði varðandi knattspyrnuiðkun og almenna hreyfingu. HEILSA 5



## NÁMSKEIÐ FYRIR KONUR Í ORLANDO

Lífsstíls- og heilsunámskeið er nýtt fyrirtæki sem var stofnað með það að markmiði að konur gætu látið sér líða vel og litið vel út. HEILSA 4



## ALLT HITT

[HEILSA]

**P-pillunni** er dreift ókeypis til unglingsstúlkna á aldrinum sextán til nítján ára í Noregi. Færri stúlkur í þessum aldurshópi verða nú þungaðar en áður. Ljósmæður og skólahjúkrunarfræðingar geta skrifað upp á lyfseðla fyrir stúlkurnar. Yfirvöl í Danmörku hafa lýst yfir áhuga á að skoða þetta fyrirkomulag.



**Snuðnotkun** er talin draga úr líkum á vöggudauða. Í nýjum leiðbeiningum sem Landlæknir hefur sent frá sér er mælt með snuðnotkun á svefntíma til varnar skyndidauða ungbarna. Þetta eru uppfærðar leiðbeiningar í ljósi nýrra rannsókna. Leiðbeiningarnar má nálgast á www.landlaeknir.is.

**Faghópur** iðjuþjálfa á geðsviði stendur fyrir málþingi fimmtudaginn 16. mars 2006 í hátíðarsalnum á Kleppi. Málþingið er opið öllum og ókeypis þátttaka. Dagskrá málþingsins má sjá á www.gedhjalp.is.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 7. mars, 66. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.15 | 13.39 | 19.04 |
| Akureyri | 8.02 | 13.23 | 18.46 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími **550 5000**

Auglýsingasími Allt **550 5880**

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Júlíus fer í hesthúsið alla daga vikunnar og stundum tvisvar á dag.

# Mokar skít alla daga

***Júlíus Brjánsson, sem þjóðin þekkir best sem annan af Kaffibrúsakörlunum, stundar hestamennsku og heldur sér þannig í formi.***

„Ég stunda hestamennsku og því fylgir ekki eingöngu að stíga á bak heldur hirðir maður um hrossin, ber hey og mokar skít og þetta er bara talsverð hreyfing," segir Júlíus Brjánsson, sem fer í hesthúsið alla daga vikunnar og stundum tvisvar á dag.

„Síðan er líka stórlega vanmetin sú hreyfing sem fólk fær út úr því að vera á hestbaki," útskýrir Júlíus en þeir sem fari á hestbak í fyrsta skipti verða óneitanlega varir við það. „Þetta er bara innyflaleikfimi og það skrítna er að harðsperrurnar sem fólk fær eru á mjög skrítnum stöðum," segir hann og hlær. „Þær eru í maganum og rassinum og ýmsum öðrum stöðum þar sem fólk fær yfirleitt ekki harðsperrur." Sjálfur fær Júlíus ekki lengur harðsperrur nema kannski í fyrsta sinn sem hann fer á bak á veturna þegar hestarnir koma á hús eftir sumar og haustbeit.

Þrátt fyrir þá hreyfingu sem Júlíus fær úr hestamennskunni segist hann viss um að hann hefði gott af meiri og fjölbreyttari líkamsrækt og eins og margir stefnir hann á að bæta úr því í framtíðinni. „Þessa dagana sit ég til dæmis algerlega á rassinum," segir Júlíus, sem nýverið tók við ritstjórn hestavefsins www.847.is. „Þar af leiðandi eykst þörfin á hreyfingu enn meira," áréttir Júlíus, sem ætlar næstu mánuði að einbeita sér alfarið að nýja starfinu. Öll önnur sviðsframkoma verður að bíða betri tíma.

Annars segist Júlíus mjög heilsuhraustur og er þakklátur fyrir það. „Líkamlega hef ég ekki undan neinu að kvarta. Andlega hliðin skánar hins vegar ekkert, maður er geðveikur og verður það bara áfram," segir hann glettinn.



74 prósent aðspurðra vilja banna reykingar á veitinga- og kaffihúsum. FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR

## Fleiri vilja reykleysi

FJÖLGAR UM 21 PRÓSENT Á MILLI ÁRA.

Í nýlegri könnun Gallup á afstöðu fólks til reyklausra veitinga- og kaffihúsa voru 74 prósent aðspurðra hlynnt reykingabanni á þessum stöðum.

Lýðheilsustöð fékk Gallup til að gera svipaða könnun fyrir um ári og niðurstöðurnar nú sýna að stuðningur við reykbann er aukast, því þá var um 61 prósent hlynnt reykingabanni. Fjölgunin nemur um 21 prósenti. Hafa ber þó í huga að spurningin er ekki eins orðuð í ár og í fyrra og getur það haft einhver áhrif á svörun fólks.

MARS

Kafbátur mánaðarins

Pizzabátur

með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

6 tommu bátur kr. 299

12 tommu bátur kr. 598



SUBWAY

Gildir í mars 2006 • Gildir ekki í Stjörnumáli • Gildir ekki með öðrum tilboðum

**Sundferðir** geta verið mjög hressandi á morgnana. Þegar farið er að birta fyrr er alveg tilvalið að fara í sundlaugina fyrir vinnu eða skóla og synda nokkrar ferðir.




Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

*Næstu námskeið hjá Maður lifandi*
**07. mars 2006 Þarmaflóran og heilbrigði.** Verð 1.000 kr.
Helgi Valdimarsson prófessor kl17.30-19.00
**08. mars 2006 10 grunnreglur** Verð 6.900
Þorbjörg Hafsteinsdóttir kl 19.00-23.00
**14. mars 2006 Hvað heldur þú að þú sért?** Verð 1.000 kr.
Þorvaldur Þorsteinsson kl 18.00-19.30
**15. mars 2006 Heilbrigði og hamingja** Verð 2.900 kr.
Benedikta Jónsdóttir. 18.30-22.00

Silicol Skin
vinnur gegn fílapenslum og bólum.
Bindur bakteríur og húðflögur og dregur þær til sín.
Þannig getur þú haldið húð þinni mjúkri og hreinni og komið í veg fyrir bólur.
Fæst í apótekum.

Betra úthald
Góð næring • Brennsluaukandi
Póstsendum um land allt
Heilsuhornið
S: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet.is/heilsuhorn
Útsölustaðir m.a: Yggdrasill, Fjarðarkaup, Maður lifandi í Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind í Hagkaupum, Lyfjaval í Mjódd og Hæðarsmára og Lyfja á Selfossi.

Vivag
NÝTT!
Með Vivag Control sjálfsprófinu má sjá hvort óþægindi í leggöngum stafi af of háu sýustigi.
Fáðu frekari upplýsingar í næsta apóteki.

SÓMABAKKAR
PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING*
*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr.
SÓMI
Nánari upplýsingar á somi.is




Arndís Mogensen sameinar áhuga á dansi og ljósmóðurfræðum í meðgöngumagadansi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Dansað gegnum fæðingu

***Arndís Mogensen kennir ófrískum konum magadans. Dansinn styrkir og liðkar grindarbotninn og getur hjálpað konum í fæðingu.***

„Meðgöngumagadans hefur verið stundaður í Austurlöndum nær í mörg hundruð ár. Konurnar dansa frá því þær eru litlar og þær dansa sig í gegnum meðgönguna, fæðinguna og eftir fæðingu," segir Arndís Mogensen, hjúkrunarfræðingur og ljósmóðurnemi, sem kennir þennan dans í Magadanshúsinu í Ármúla.

Flestar konurnar hjá Arndísi eru rúmlega hálfnaðar með meðgönguna og ein þeirra er komin 39 vikur á leið. Magadansinn styrkir og liðkar grindina og líkamann almennt. „Konur eru oft mjög stífar í baki en þetta liðkar allt upp, ég fann það sjálf eftir að ég byrjaði að dansa á fullu. Þetta er engin töfralausn en er þó talin geta hjálpað alveg helling við fæðinguna. Dansinn auðveldar barninu að snúa kollinum rétt ofan í grindina og grindarbotnsvöðvarnir þjálfast svo konur eiga auðveldara með að þrýsta barninu út," segir Arndís og bætir því við að dansinn hafi einnig hjálpað konum að ná sér fyrr eftir fæðingu.

Þó hugleiðsla sé ekki kennd í meðgöngumagadansi er áhersla lögð á slökun. „Hreyfingarnar eru mun rólegri en í venjulegum magadansi og við reynum að ná slökun út úr sjálfum dansinum. Einnig er tónlistin róleg og falleg og í lok tímans er slakað og teygt vel á."

Það kemur sér vel fyrir dansnemendurna að Arndís er að læra ljósmóðurfræði. Hún getur því gefið þeim ýmiss konar ráðleggingar og séð til þess að ekki sé verið að reyna mikið á viss líkamssvæði. „Ég hef rosalega gaman að þessu og vona bara að þetta sé komið til að vera," segir Arndís að lokum.

mariathora@frettabladid.is

# Notkun snuðs á svefntíma minnkar líkur á vöggudauða

***Landlæknir gefur út leiðbeiningar til varnar vöggudauða ungbarna.***



Snuddan er ekki bara róandi. Hún getur líka skipt sköpum á fyrstu mánuðum ævinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýjar rannsóknir benda til þess að notkun snuðs á svefntíma dragi úr líkum á vöggudauða. Því er mælt með henni í nýjum leiðbeiningum sem landlæknir hefur sent frá sér um aðgerðir til varnar skyndidauða ungbarna. Síðast voru slíkar leiðbeiningar gefnar út árið 1994, en í ljósi nýrrar þekkingar hafa þær nú verið endurskoðaðar og sendar öllu heilbrigðisstarfsfólki sem annast ungbarnavernd.

Skyndidauði ungbarna, öðru nafni vöggudauði, er skilgreindur þannig að ungbarn, oftast á aldrinum 2ja-4ra mánaða, deyr í svefni, án undanfarandi veikinda, og vönduð krufning með viðeigandi rannsóknum leiðir ekki í ljós dánarorsök. Tíðni vöggudauða hér á landi hefur verið með því lægsta sem þekkist í nálægum löndum.

Meginbreytingin frá leiðbeiningunum 1994 er sú að í ljósi ofannefndra rannsókna er nú mælt með notkun snuðs á svefntíma ungbarna, þó ekki fyrr en brjóstagjöf er komin vel á veg, enda er brjóstagjöfin einnig talin vera mikilvæg vörn gegn vöggudauða.

Aðrar breytingar eru að aukin áhersla er nú lögð á að ungbörn sofi á bakinu. Ef það reynist af einhverjum ástæðum erfitt er mælt með að því að gæta þess að börnin geti ekki oltið á grúfu. Að öðru leyti er foreldrum ráðlagt að ekki sé reykt á heimilum ungbarna eða þar sem þau dvelja, að ungbörn sofi jafnan í eigin rúmi og séu höfð á brjósti ef þess er nokkur kostur. Þá skal forðast að nota kodda undir höfuð ungbarna og að ofdúða þau.

*(Af www.lydheilsustod.is)*


Flott í vetur
Ný tæki - Betra verð!
VERÐ-LÆKKUN
SLENDERTONE MAX 17.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 12.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

vitamin.is
Heitustu vörurnar
Verslun Vitamin.is - Ármúla 32
s. 544 8000 • Opið mán-fös 10-18 & laug 11-15
Verslun Vitamin.is - Gránufélagsgötu 4 (JMJ Húsi)
s. 466 2100.
Opið mán-fös 16-18.30 & laug 11-13.



## Heilbrigð sál

BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR
EINKAÞJÁLFARI OG BA Í SÁLFRÆÐI

# Tengsl hreyfingar og mataræðis

Allir sem eru að byrja að hreyfa sig tala um hvað þeim líði miklu betur, séu almennt hressari og orkumeiri. Aldrei hef ég heyrt fólk segja að það finni engann mun á sér andlega eða líkamlega eða líða verr eftir að það er byrjað að hreyfa sig. Það efast því ekki nokkur maður um mátt hreyfingar á lífsgæðin almennt. Þegar fólk byrjar að hreyfa sig fer það líka ósjálfrátt að sækjast í heilsusamlegri mat. Enda eru sterk tengsl á milli þessara tveggja þátta sem hafa mikil snjóboltaáhrif. Gott mataræði verður ómeðvitað mikilvægara eftir því sem maður hreyfir sig meira og síður mikilvægt eftir því sem maður dregur úr hreyfingu. Þetta geta eflaust margir tekið undir. Þið hafið örugglega tekið eftir því hvað maður hugsar minna um hvað hvað lætur ofan í sig um leið og maður hættir að hreyfa sig, jafnvel þó að maður sé vanur að hreyfa sig mikið og spái alla jafna í hvað maður lætur ofan í sig. Þess vegna tel ég að hreyfing sé til alls fyrst. Hún verðlaunar okkur ekki aðeins strax, heldur leiðir hún okkur til betri vegar og vellíðunar. Ef aðstæður ykkar eða umhverfi er að breytast eitthvað hvet ég ykkur til að muna eftir hreyfingunni. Þá eru líka minni líkur á að breytingarnar verði erfiðar eða að við dettum úr rútínunni sem oft er svo erfitt að koma sér aftur í.

**Sætindi og ofát**

Margir finna fyrir því að þegar maður byrjar að borða einföld kolvetni, svo sem sætindi og kartöfluflögur, er stundum erfitt að hætta fyrr en maður er orðin afvelta. Auðvitað kannast flestir við það að borða stundum aðeins of mikið, en þegar hreyfing er mikilvægur þáttur af hversdagsleikanum eru minnkandi líkur á því að þetta gerist oft. Það er eins og við náum að stoppa okkur af fyrr.

**Við erum hönnuð til hreyfingar**

Líkaminn er hannaður til hreyfingar og eldsneytið á tankinn skal vera sérvalið af eigandanum. Þegar allt kemur til alls er það enginn annar en við sjálf sem ber ábyrgð á þeim líkama sem okkur hefur verið gefinn. Við fáum víst engan annan!

Með hækkandi sól hvet ég ykkur því til að finna skemmtilega hreyfingu, sem ég er ekki í vafa um að allir geti gert, til að auka og nýta þá orku sem þið hafið í dag. Því án hreyfingar gætuð þið ekki haft hana á morgun!

*Látið ykkur líða vel!*
*Borghildur*

fræðsla }



## Fróðleikur um fuglaflensu

SPURT OG SVARAÐ UM FUGLAFLENSU OG ÍSLAND.

Á vefsíðunni doktor.is er nú búið að setja upp svæði þar sem algengum spurningum og áhyggjuefnum um fuglaflensuna er svarað.
Útbreiðsla flensunnar síðustu vikur hefur valdið mörgum áhyggjum en í Evrópu hafa komið upp nokkur tilfelli á síðustu dögum. Vitneskja er sterkasta vopnið í baráttu við hvaða sjúkdóm sem er og því ættu svör sem þessi að vera fyrsta stopp hjá þeim sem vilja vita hvort þeir eigi að hafa áhyggjur eða ekki.
Á vefnum má finna upplýsingar um útbreiðslu fuglaflensunnar. Greinar um einkenni og smitleiðir og tengla við vefsíður sem tengjast fuglaflensunni á einn eða annan hátt.
Til dæmis er þar tengill inn á vefsíðu Landlæknisembættis þar sem meðal annars eru taldar upp leiðbeiningar fyrir bæði ferðamenn, áhafnid flugvéla, starfsfólk sem sér um þrif á flugvöllum og sjúkraflutningamenn.
Einnig eru tilgreind fyrstu viðbrögð á sjúkrastofnunum ef upp kemur fuglaflensufaraldur.

Sykurlaus jógúrt!
Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd án sykurs.
Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.
Bio•Bú
www.biobu.is var kosinn besti íslenski bændavefurinn
Biobú ehf. • Stangarhyl 3a • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103
YOGA YOGA YOGA
Líkamsæfingar, öndunaræfingar
slökun og hugleiðsla
Sértímar fyrir barnshafandi
og kraftyoga
Allir yoga unnendur velkomnir
www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is

Xylitol
Sætt & sykurlaust
NÁTTÚRULEGT 100% SÆTUEFNI
► Jafn sætt og sykur en með 40% minna af kaloríum
► Hindrar bakteríuvöxt í tönnum og stuðlar því að góðri tannheilsu
► Notað af milljónum um heim allan í matargerð, bakstur og fleira
XyloSweet sætuefni með Xylitol fæst í öllum helstu heilsubúðum
frekari upplýsingar um Xylitol er á www.simnet.is/xylitol



Elín Sigurðardóttir, Rope Yoga kennari, virkjar líkama og sál í Rope Yoga bekknum meðan hundurinn Amor fær sér kríu. Námskeið í Rope Yoga hefjast í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR

# Rope Yoga fyrir líkama og sál

***Í vikunni fara af stað námskeið í Rope Yoga í Sporthúsinu í Kópavogi.***

Sporthúsið í Kópavogi fer af stað með ný námskeið í Rope Yoga í vikunni. Leiðbeinandi á námskeiðinu er Elín Sigurðardóttir, meistarakennari í Rope Yoga og íþróttafræðingur.

Í Rope Yoga eru allir vöðvar líkamans virkjaðir en lögð er áhersla á miðju líkamans, það er mjaðmagrind, mjaðmir, kviðarhol, mjóbakið og þindina, sem losar um bakverki og spennu í hálsi. Einnig er lögð áhersla á innan- og aftanverð læri ásamt rassvöðvum. „Ég hef margoft séð að Rope Yoga getur gert kraftaverk fyrir marga,“ segir Elín. „Iðkendur koma til mín og tjá mér sína upplifun og hversu jákvæð áhrif ástundunin hefur haft á líf þeirra.“

Frekari upplýsingar má fá á www.elin.is.

allt tíska
Alla fimmtudaga



Súperform á fjórum vikum

Námskeiðið Súperform á fjórum vikum hjá Goran Kristófer, íþróttafræðingi, er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu eftir jólin. Ef þú vilt:

- Léttast
- Styrkjast
- Efla ónæmiskerfið
- Bæta meltinguna
- Hormóna jafnvægið
- Andlega vellíðan
- Auka minni og einbeitinguna
- Auka orkuna
- Komast í form
- Bæta heilbrigði

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu, hvernig þú átt að glíma við matar -og sykurþörfina, hvernig þú ferð a því að brenna meira og léttast.

**Fimm tímar í viku – Brennsla, styrking og liðleiki**

- Takmarkaður fjöldi
- Vikulegar mælingar
- Eigið prógramm í tækjasal
- Persónuleg næringarráðgjöf
- Ráðgjöf við matarinnkaup
- Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar
- Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Karlar kl. 7.30
- Konur kl. 6.30, 10.00, 16.30 eða 18.30

**Nýtt námskeið hefst 13. mars nk.**
Skráning er hafin í síma 444 5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is. Námskeið greiðist við skráningu – athugið síðast komust færri að en vildu.

NORDICASPA

**Ertu með slæma meltingu?**

Hefðurðu þá prófað PB8 mest selda asidófílusinn í Bandaríkjunum síðastliðin 9 ár í röð?



Útsölustaðir:
Maður lifandi
Heilsuhúsið - Yggdrasill.
Árbæjarapótek - Rima Apótek.
Laugarnesapótek - Apótek Ólafsvíkur.
Fjarðarkaup - Lyfja Spönginni og á Selfossi.
Heilsubúðin Njálsgötu.

**Ekkert blað í morgun?**

**Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.**

FRÉTTABLAÐIÐ
– stærsti fjölmiðillinn

**Rammíslenskar Speltkökur og Kartöflukökur af Ströndum**
100 ára hefð og ekkert nema hollusta



Þú borðar þær með uppáhalds álegginu, kannski ylvolgar úr ofninum, ristaðar, með hvítlauksolíu, stundum eins og pizzur
... eða eins og Strandamenn, glænýjar með íslensku smjöri.

Fáðu þér Speltköku og Kartöfluköku í næstu matvöruverslun.
Hollara brauð finnst varla.

**Fyrsta flokks íslenskur harðfiskur**




FÆST Í BÓNUS

**allt ferðir**
Alla miðvikudaga og laugardaga




Sigríður Halldóra Matthíasdóttir er einn af eigendum Lífsstíls- og heilsunámskeiða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Námskeið fyrir konur í Kissimee í Orlando

***Lífsstíls- og heilsunámskeið bjóða upp á vikunámskeið fyrir konur í Kissimee í Orlando. Fyrsta námskeiðið verður 21.-28. mars.***

Lífsstíls- og heilsunámskeið er nýtt fyrirtæki sem var stofnað með það að markmiði að konur gætu lært að láta sér líða vel og líta vel út á sama tíma. Námskeiðin verða haldin í Kissimee í Orlando til þess að gefa konum kost á því að skipta alveg um umhverfi á meðan og njóta lífsins út í gegn. „Þetta er langþráður draumur sem við erum að láta rætast,“ segir Sigríður Halldóra Matthíasdóttir, einn af eigendum Lífsstíls- og heilsunámskeiða. Auk Siggu Dóru fara tveir aðrir þjálfarar, Hjördís Ingvarsdóttir og Eygló Linda Hallgrímsdóttir, með konunum til Orlando.

Fimmtán konur komast að á hvert námskeið. „Við viljum ekki vera með of margar konur í einu þar sem við erum bara þrír þjálfarar og við viljum geta dekrað við þær allar,“ segir Sigga Dóra.

Konurnar munu búa í tveimur glæsivillum í Kissimee. „Herbergin eru mjög flott, baðherbergi nánast inni á hverju herbergi og í báðum húsum eru stórar sundlaugar.“

Vel verður tekið á móti öllum konunum þegar þær koma til Orlando. „Konurnar fá hver sína gjafakörfu með innri og ytri næringu ásamt líkamsræktarkorti frá Veggsporti og ýmsum góðum varningi. Við ætlum að fræða þær og næra þær og þjálfa þær. Tekið verður tillit til þarfa hverrar og einnar þar sem þær eru í mismunandi formi. Líkamsræktin verður mjög fjölbreytt en við verðum með dýnur, pilates-bolta, lóð og rope yoga auk þess sem við munum nota sundlaugarnar í húsunum mikið.“



Konurnar munu búa í tveimur glæsilegum húsum í Orlando.



Í báðum húsunum eru stórar sundlaugar.



Þjálfarar Lífsstíls- og heilsunámskeiða.

Skipulögð dagskrá verður frá átta á morgnana til tvö á daginn. „Námskeiðin verða engar hermannabúðir og eftir tvö er frjáls tími en það er margt að gera fyrir konur á þessum slóðum og mikið af verslunum. Ætlunin er að njóta lífsins á heilsusamlegan hátt og við munum fara saman út að borða á hverju kvöldi. Konurnar munu koma endurnærðar heim aftur eftir vikuna.“

Sigríður Arnardóttir sjónvarpskona verður gestur í fyrstu ferðinni og verður með fyrirlestur um sjálfsstyrkingu. „Það er mjög spennandi að fá Sirrý með þar sem hún hefur mikinn áhuga á heilsu og lífsstíl kvenna,“ segir Sigga Dóra.

Hvert námskeið er í eina viku en hægt verður að vera í tvær vikur ef óskað er eftir því. „Sumar konur hafa áhuga á því að taka tvær vikur í einu og þá bjóðum við þeim náttúrlega betri kjör,“ segir Sigga Dóra. Allar upplýsingar um námskeiðin má fá á heimasíðu Lífsstíls- og heilsunámskeiða, www.lifsstillogheilsa.net

emilia@frettabladid.is



Sparkvellir eru öruggur vettvangur fyrir alla aldurshópa til að stunda knattspyrnu.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

# Sparkvöllum heldur áfram að fjölga

***Sparkvellir hafa valdið byltingu á Íslandi, bæði varðandi knattspyrnuiðkun og almenna hreyfingu. Stefnt er að því að þeir verði í það minnsta eitt hundrað hér á landi.***

Sparkvallaátak KSÍ hófst árið 2004. Frá þeim tíma hefur heldur betur verið handagangur í öskjunni því alls hafa 64 sparkvellir verið gerðir vítt og breitt um landið. Átakið hófst er KSÍ hlaut veglegan styrk frá knattspyrnusambandi Evrópu, UEFA, og í kjölfarið styrktu nokkur íslensk stórfyrirtæki verkið. Í samvinnu við ríki og sveitarfélög hefur verið unnið ötullega að fjölgun sparkvallanna. Skylt er að hafa sparkvellina upplýsta og margir þeirra eru upphitaðir. Tilkoma þeirra hefur því gjörbylt allri knattspyrnuiðkun hér á landi. Ekki hafa einungis knattspyrnuiðkendur í yngri aldurshópum nýtt sér sparkvellina heldur hafa krakkar á öllum aldri gert svo. Eru mörg dæmi þess að hópar hafi skipulagt vikulegar æfingar á ákveðnum sparkvöllum.

Birkir Sveinsson, mótastjóri KSÍ, segir að stefnt verði að byggingu um þrjátíu sparkvalla í ár. „Vellir eru komnir í alla landshluta. Þeir staðir sem ekki eru með velli fá líklegast sparkvelli mjög bráðlega en verið er að vinna í umsóknum núna.“ Birkir segir að sambandið hafi einmitt sérstaklega fengið sterk viðbrögð frá þeim sveitarfélögum sem ekki hafi áður verið með aðstöðu til vetrariðkunar.

Birkir segir erfitt að segja til um hvað sparkvellirnir eigi eftir að gefa af sér. Langtímamarkmiðið hafi verið að koma upp eitt hundrað völlum og það markmið sé nú í sjónmáli. „Með þessum hundrað völlum erum við búnir að klára flesta staði landsins og þannig höfum við hjálpað til við að breiða út knattspyrnuna. Auk þess hafa vellirnir stuðlað að almennri hreyfingu í öruggu umhverfi,“ segir Birkir ánægður.



Konur sem leita sér meðferðar við anorexíu á unglingsaldri eiga meiri möguleika á að ná bata en þær sem fá meðferð seinna á ævinni. Fullur bati getur tekið allt að tíu ár frá því meðferð hefst.

# Há dánartíðni anorexíusjúklinga

***Ný rannsókn sem gerð var meðal anorexíusjúklinga yfir tólf ára tímabil sýnir fram á að langtíma batahorfur sjúklinga eru ekki jákvæðar og dánartíðnin há.***

Í nýjasta tölublaði Journal of eating disorders birtust niðurstöður rannsóknar á anorexíusjúkdómum sem staðið hefur yfir í tólf ár. Niðurstöður rannsóknarinnar staðfesta að anorexíusjúklingum er mjög hætt við að deyja af sjúkdómi sínum, bati þeirra taki alllangan tíma og að mikilvægt sé að bæta meðferðina og ná betur til þeirra sem ekki leita sér aðstoðar þar sem langtímabatahorfur við anorexíu eru ekki jákvæðar.

Rannsóknin náði til 103 kvenna sem allar höfðu verið lagðar inn vegna anorexíu, margar hverjar oftar en einu sinni. Þær konur sem meðhöndlaðar voru á unglingsaldri höfðu betri batahorfur en þær sem meðhöndlaðar voru seinna á ævinni.

Almennt gekk anorexíusjúklingum illa að fóta sig fyrstu tvö árin eftir að meðferð hófst. Batinn kom hægt og sígandi á tíu árum. Að tólf árum liðnum voru enn þrjátíu prósent kvennanna, sem rannsóknin náði til, með anorexíu en um helmingur þeirra var með öllu laus við sjúkdóminn. Á þessu tólf ára tímabili létust sjö stúlkur vegna sjúkdómsins.

Nákvæmari tölur úr rannsókninni sýna að 27,5 prósent kvennanna fengu góðan bata, 25,3 prósent sæmilegan en 39,6 prósent sýndu lítinn sem engan bata að tólf árum liðnum. Dánartíðnin var 8,8 prósent.

Frétt fengin af www.persona.is









# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL FÖSTUDAGS 8–18
LAUGARDAG OG SUNNUDAG 11–16

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLASALA ÍSLANDS



Nýir 2006 Disel Hyundai Santa Fe 2.0 Crdi Style 4wd 125 hestöfl, sjálfskiptur, hraðastillir, spólvörn, ABS, tölvustýrð miðstöð með loftkælingu, leður á sætum, stýri og gírhnúð. Glertopplúga, 16" álfelgur, toppbogar, dökkar rúður. Verð 2.930.000. Skoðum skipti.

**Bílasala Íslands**
**Skógarhlíð 10, 110 Rvk.**
**Sími: 510 4900**
**www.bilasalaislands.is**

BÍLASALAN HÖFÐAHÖLLIN
567-4840 og 660-0565
Klettháls 2



FORD EXPLORER 7 MANNA XLT 4.0 Árgerð 2004. Ekinn 20 þ.km. þúsund km. Leður - Lúga. Áhvílandi kr. 2560 þúsund, mánaðarleg afborgun kr. 45 þúsund. Verð kr. 2980.000. Skipti: Ódýrari

**Höfðahöllin**
**Vagnhöfða 9, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

bilaland.is
Bíla land 575 1230



BMW 318I nýskr. 11/2004, 2000cc, 4 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 12.000 þ. Verð 3.090.000 B&L. S. 575 1230.



BMW 530I nýskr. 05/2003, 3000cc, 4 dyra, sjálfskiptur, blár, ekinn 54.000 þ. Verð 3.250.000 B&L. S. 575 1230.



Daihatsu Applause nýskr. 04/1999, 1600cc, 4 dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 82.000 þ. Verð 460.000 B&L. S. 575 1230.

bilaland.is
Bíla land 575 1230



Hyundai Accent nýskr. 06/2002, 1500cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósbrúnn, ekinn 68.000 þ. Verð 720.000 B&L. S. 575 1230.



Hyundai Santa Fe nýskr. 07/2003, 2400cc, 5 dyra, 5 gíra, rauður / brúnn, ekinn 59.000 þ. Verð 1.990.000 B&L. S. 575 1230.



Hyundai Santa Fe nýskr. 07/2003, 2700cc, 5 dyra, sjálfskiptur, grár - tvílitur, ekinn 79.000 þ. Verð 2.190.000 B&L. S. 575 1230.



Hyundai Terracan nýskr. 07/2004, 2900cc, 5 dyra, 5 gíra, hvítur / grár, ekinn 31.000 þ. Verð 3.080.000 B&L. S. 575 1230.



Hyundai Terracan nýskr. 04/2003, 3500cc, 5 dyra, sjálfskiptur, grár - tvílitur, ekinn 79.100 þ. Verð 2.350.000 B&L. S. 575 1230.



Hyundai Tucson nýskr. 10/2004, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósbrúnn, ekinn 15.000 þ. Verð 2.570.000 B&L. S. 575 1230.



Mercedes E280 nýskr. 11/1994, 2800cc, 4 dyra, sjálfskiptur, grár, ekinn 196.000 þ. Verð 790.000 B&L. S. 575 1230.

bilaland.is
Bíla land 575 1230



Renault Laguna nýskr. 04/1999, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, ekinn 117.000 þ. Verð 650.000 B&L. S. 575 1230.



Renault Master nýskr. 07/2002, 2500cc, 6 dyra, 5 gíra, gulur, ekinn 147.000 þ. Verð 1.740.000 B&L. S. 575 1230.



Renault Megane nýskr. 05/1998, 1600cc, 4 dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 121.000 þ. Verð 430.000 B&L. S. 575 1230.



Renault Megane nýskr. 06/2001, 1600cc, 5 dyra, beinskiptur, hvítur, ekinn 107.000 þ. Verð 790.000 B&L. S. 575 1230.



Renault Megane nýskr. 07/1999, 1400cc, 4 dyra, 5 gíra, hvítur, ekinn 107.000 þ. Verð 590.000 B&L. S. 575 1230.



Ssangyong Rexton nýskr. 08/2004, 2700cc, 5 dyra, sjálfskiptur, grár, ekinn 18.000 þ. Verð 3.190.000 B&L. S. 575 1230.



Subaru Impreza nýskr. 07/1996, 2000cc, 5 dyra, 5 gíra, blágrænn, ekinn 156.000 þ. Verð 450.000 B&L. S. 575 1230.

bilaland.is
Bíla land 575 1230



Volkswagen Passat nýskr. 10/1998, 1600cc, 4 dyra, sjálfskiptur, grár, ekinn 146.000 þ. Verð 710.000 B&L. S. 575 1230.

**Bílaland, B & L**
**Grjótháls 1, 110 Rvk.**
**Sími: 575 1230**
**www.bilaland.is**

HÖFÐABÍLAR
...þar sem bílar seljast



VW Golf GTi 1800 Turbo árg. 2000, ek. 105 þ. km, 5 gíra, leður, spoilerkitt, topplúga 18" felgur. Verð 1.450 þús. Bílalán 850 þús.



Toyota Land Cruiser 90 LX 3,0 TD4, 2001, ek. 121 þ.km 5 gíra, 33". Gullfallegur bíll. Verð 2,950 þús.



VW Polo 1400i 1996, ek. 94 þ.km. 5 gíra álfelgur. Gott eintak. Verð 290 þús.



Toyota Corolla 1600 sedan árg.1997, ek. 94 þ.km. Sjálfsk., rafm í rúðum, smurbók. Verð 490 þús.



Nissan Patrol 3,0 Luxury 5/2003 ek. 70 þ.km, sjálfsk., 33", með öllu. Verð 3.290 þús. Bílalán 2.600 þús.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

### Bílar til sölu




Leitin að nýjum bíl hefst á www.islandus.com. Við seljum bíla langt undir markaðsverði, veitum öfluga þjónustu, allt að 5 ára ábyrgð og útvegum bílalán. Ef draumabíllinn þinn er ekki til á vefnum okkar í dag, finnum við hann fljótt með alþjóðlegri bílaleit. Gerðu kjarakaup í Bílabúð eða reyfarakaup á Bíla-Uppboði Islandus.com. Sími þjónustuv. 552 2000 og netspjall við sölumenn er á www.islandus.com.




Toyota RAV4 nýr 2006. Fæst fimm eða sjö manna! Splúnkuný RAV4, ný hönnun 2006. Bjóðum Ameríkutýpu betur búinn en flestar Evróputýpur. 5 eða 7 manna frá kr. 2.990.000. Meiri og öflugri bíl með 2.4 lítra, 166 hestafla vél eða 3.5 lítra, 269 hestafla vél. Toyota Land Cruiser frá kr. 3.750.000! Láttu okkur gera þér gott tilboð. Margir litir og val um búnað. Kíktu á www.islandus.com í dag. Útvegum einnig flestar aðrar gerðir jeppa og fólksbíla frá Evrópu eða Bandaríkjunum. Allt að 5 ára ábyrgð og bílalán. Nýjir og nýlegir bílar langt undir markaðsverði. Þjónustuver sími 552 2000. www.islandus.com



Gand Cherokee '05, ek 39 þ. km. Verð 3.200 þús. Ath skipti. Sími 895 9969.



MMC Lancer, 1300 V. Árg. '97, ssk., sk. '07, raf. í rúðum. Ásett 470 þ. Tilboð 370 þ. stgr. S. 661 8185.

VW Golf Comfortline '98, ek. 110 þ. km. Beinskiptur, steingrár, geislaspilari, gott eintak, reyklaus! Verð 560 þ. Verð ekki heilagt! Uppl. í s. 692 6614 & 865 0233.

Yaris 2001 árg. vvt 1000 vél, beinskiptur, ekinn 74.000 km, samlitir stuðarar. Uppl. í s. 696 9610.

### 0-250 þús.



**Tilboð 60 þús.**
Til sölu MMC Lancer árg. '89, 4WD, ek. 142 þús., ssk. Uppl. í s. 899 4275.



Til sölu Buick Regal Limited árg. '88, þarfnast lagfæringar. Verð ca 50.000. Uppl. í s. 861 3794.



**Toyota Corolla 1996, sjálfskiptur á 130 þús. kr.!!**
Ekinn 184 þ. km, beyglaður stuðari sem verður lagaður af VÍS. Bíllinn fæst á 130 stgr.!! Uppl. í síma 899 1888.

MMC Lancer Station árg. '92 4x4. Gott body, ógangfær. Tilboð óskast. S. 892 1478.

Daihatsu Sirion, '98 árg. Skjálfsk., ek. 114 þús. Verð 180 þús. S. 865 2233.

Til sölu Ford Mondeo árg. '94, ek. 160 þús. 2,0L vél, topplúga, krókur, skoðaður '07. Skipti á mótorhjóli möguleg. Uppl. gefur Kjartan í s. 861 4447.

Volvo 460GLE árg. '94, sjálfsk., fjarstart, þarfnast viðgerðar, verð 50 þús. S. 692 4080.

Nissan Primera 2000 SLX árg. '97, ssk., ek. aðeins 98 þús. S. og v. dekk. Fæst á 250 þús. stgr. Uppl. í s. 844 1823.

Til sölu Nissan Sunny Wagon árg. '94, ek. 160 þús., nýskoðaður, dráttarkrókur. Tilboð. Uppl. í síma 867 6314.

### 250-499 þús.



Til sölu Renault Kangoo. Nýskráður 12/'00, ekinn 90 þús. Verð 450 þús. Sími 892 4683.



Toyota Yaris árg. '99. Góður bíll. Ásett verð 450 þús. Tilboð 370 þús. Uppl. í s. 691 9374.

Toyota Corolla 1,6 árg. '97, ek. 140 þús. 4ra dyra. Verð 320 þús. S. 691 9374.

**Viðhaldsvirkni Ehf**
Málarameistari, múrarar og smiðir geta bætt við sig verkum í málun utan sem innan, steypu-múr-uppsteypu -sprunguviðgerðir -tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna.
Leitið tilboða ykkur að kostnaðarlausu.
Símar 517 0117 og GSM 869 3868 & 861 6512
Fax 5170118. www.vidhaldsvirkni.is
virkni@vidhaldsvirkni.is

**FAGÞAK**
Alhliða lausnir á flötum þökum
Yfir 20 ára reynsla af PVC dúkum
Sími 820 3415
fagthak@fagthak.is

Tveir samhentir smiðir geta bætt við sig verkefnum (inniverkefnum). Upplýsingar í síma 896 0824.

**Móðuhreinsun glerja & háþrýstiþvottur!**
Er komin móða eða raki á milli glerja? Háþrýstiþvottur húseigna allt að 100% hreinsun. Móðuhreinsun, Ólafur í s. 860 1180.

Húsasmiður auglýsir. Þarf að skipta um rennur, opnanleg fög, glerja? Tilboð, tímavinna. S. 553 2171.

**Stopp, Þú þarft ekki að leita lengra.**
Marmari, náttúrusteinflísar og almennar flísalagnir. Einnig almenn múraravinna. Ég er maðurinn sem þú leitar að 18. ára reynsla snögg og góð þjónusta. Uppl. í s. 864 1729.

Eru flísarnar lausar eða brotnar? Er fúinn orðinn ljótur og illa farinn? Hringdu þá í s. 864 1729.

## Stífluþjónusta

FJARLÆGJUM STÍFLUR
úr vöskum, wc-lögnum, baðkerum, niðurföllum, þak & drenlögnum.
RÖRAMYNDAVÉL
DÆLUBÍLL
Valur Helgason ehf
896 1100 - 568 8806
www.stifla.is

Stíflulosun
Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S. 892 7260 & 567 0530.

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 898 0690, 8-23 alla daga.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skrifstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

## Spádómar

ALSPÁ
Miðlun, draumar, ráðgjöf heilun, fyrirbænir, NLP
Símaspá, einkatímar o.m.fl.
908 6440
Finn týnda muni

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

**908 6116**
er spákonan Sirrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímap. í s. 823 6393.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Spái í spil!**
Spái í spil, tek fólk heim, gef góð ráð, ræð einnig drauma. Tímap. í s. 891 8727, Stella.

Er komin til starfa. Óskaspá. María, frá 19-01 alla daga. S. 902 5555.

**Símaspá 908 2200.**
Hvað viltu vita um einkamálin, fjármálin og heilsuna? Bein miðlun og ráðgjöf. Símatími frá kl. 12-15.30 á daginn og frá kl. 18- 01:00 á kvöldin. Laufey spámiðill.

## Iðnaður

Gataplötur, Málmtækni.

Glerslípivélar, glerskerar, bræðsluofnar. Gler-í-gegn.

Járnplötur, Málmtækni.

Járnplötur, Málmtækni.

## Múrarar

FLÍSALAGNIR
MÚRVERK
Iðnmeistarar að störfum
Sími 698 0111

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Önnur þjónusta

Frístandandi sorpstampur úr ryðfríu stáli

HRINGTORG

Ristað rótargrænmeti. Á næstu grösum, og þér líður vel.

Hamborgarabúlla-Tómasar, búlluborgarar. Búlluborgarar, Hamborgarabúlla-Tómasar.

Frábær hádegistilboð, Grillhúsið Tryggvagötu.

Hamborgarabúlla-Tómasar, allir kátir. Hamborgarabúlla-Tómasar.

Á Næstu Grösum. Laugavegi og Faxafeni, og þér líður vel.

Hamborgarabúlla-Tómasar, lífið er dásamlegt. Hamborgarabúlla-Tómasar.

Boozt, góður hádegisverður. Booztbarinn.

Alvöru steikarsamloka, Grillhúsið Tryggvagötu.

Lambagrillsneið Oriental, Grillhúsið Tryggvagötu.

Lambagrillsneið Oriental, Grillhúsið Tryggvagötu.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Árangur með Herbalife! Kaupauki með grunnplani í Mars. Edda Borg S. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan. Herbalife. www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183

**Herbalife!**
Flottur kaupauki m/grunnplani til 11/3. Jonna: 896 0935 & 562 0935. www.heilsufrettir.is/jonna

**Frábær árangur með Herbalife.**
Viltu léttast, þyngjast eða fá aukna orku? Hringdu núna Steina s. 867 3986.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki í mars. Halldóra Bjarna hjúkrunfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019/ 864 8019

**Langar þig að grennast**
Er búin að missa 47 kíló á Herbalife didrix.is/fyrir og eftir/ Hanna K. S. 892 4284.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Við hjálpum þér. www.betriheilsa.is Ásdís s. 846 1248 .

Kraftur og hollusta. Booztbarinn.

## Líkamsrækt

**Einkaþjálfun á netinu.**
Hafðu samband 868 8162. adalgeir@lifsorka.is.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Þjónusta

Rafbylgjumælingar
Ert þú með:
Exem - Þurrk í augum ?
Síþreytu - Vöðvabólgu ?
Verki í fótum og höfði ?
Svefntruflanir ?
Fjarlægum rafbylgjur í tenglum og í jörð.
Klettur ehf
Sími 892 3341 & 581 1564.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



**Sófalist**
Fallegar spænskar sófayfirbreiðslur, rímingasala á eldri áklæðum vegna flutninga. Opið mán.-fim. 15-18 www.sofalist.is s. 553 0444.

## Heimilistæki

Til sölu hvít Ikea eldhúsinnrétting og hvít 3 ára Ariston eldavél, 60 cm br. Selst mjög ódýrt. S. 696 2849.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

vísir

NFS ER Á VISIR.IS

NFS í beinni á VefTV og upptökur þegar þér hentar

Visir.is er stærsta fréttalind landsins. Þar miðla Fréttablaðið og Nýja fréttastofan fréttum allan sólarhringinn og nú er NFS í beinni á VefTV frá morgni til kvölds. Þú færð fréttirnar beint í æð í vinnunni eða heima og upptökur af fréttum dagsins tryggja að þú missir ekki af neinu.

NFS



GRAFÍSKUR

# hönnuður ÓSKAST

*Okkur vantar strax nýjan liðsmann í hönnun og umbrot á Suðurnesjum. Gott vald á InDesign, Illustrator, Photoshop, Acrobat og skyldum forritum nauðsyn. Þekking á hönnunarforritum fyrir netið er kostur. Nánari upplýsingar um starfið gefur Páll Ketilsson, tölvupóstur: þket@vf.is. Upplýsingar ekki gefnar í síma.*

***Víkurfréttir ehf.***
***Grundarvegi 23 • 260 Reykjanesbæ***
***Sími 421 0000 • Tölvupóstur: þket@vf.is***

VÍKUR FRÉTTIR



GRUND
DVALAR- OG HJÚKRUNARHEIMILI
Stofnað 1922

## Aðstoðarmaður sjúkraþjálfara.

Viljum ráða til okkar aðstoðarmanneskju sjúkraþjálfara. Viðkomandi þarf að vera fær í mannlegum samskiptum. Starfsreynsla er æskileg. Starfið veitist frá 1.maí.

## Vilt þú bætast í okkar góða hóp starfsmanna?

Við óskum eftir fólki í aðhlynningu á hinar ýmsu vaktir, bæði heilsdags- og hlutastörf. Sveigjanlegur vinnutími. Einnig vantar starfsmann á næturvaktir.

Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530-6100 virka daga kl. 9:00 til 12:00.

FASTEIGNAKAUP

**Ármúli 15 - Sími: 515 0500 - www.fasteignakaup.is**

## OPIÐ HÚS

## Sólvallagata 54, Reykjavík

Frum



Falleg nýstandsett 2ja herbergja íbúð við Sólvallargötu í Reykjavík. Íbúðin sem er endurnýjuð og hafa lagnir og ofnar verið endurnýjað. Allur frágangur er til fyrirmyndar og er hiti í stétt og sérinngangur. Komið er inní forsofu með flísum á gólfi . Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf og er með sturtuklefa. Stigi er á efrihæð er með kókosteppi á . Rúmgóð stofa með parketi og er með fulningalistum og rósettum afar smekklegt. Eldhús er með nýrri innréttingu. Svefnherbergi er með parketi á gólfi . Sérgeymsla í íbúð. Sameignlegt þvottahús . Stór og fallegur garður. Falleg eign sem er tilbúin til afhendingar. Lyklar á skrifstofu.

***Íbúðin er laus við kaupsamning.***
***Páll Höskuldsson tekur á móti gestum milli kl. 18 - 19 í dag.***

***Sveinn Skúlason hdl. lögg. fasteigansali***

Hollt & Gott

## Bifreiðastjóri

Hollt og Gott ehf. óskar eftir að ráða bifreiðastjóra til starfa.

Nánari upplýsingar veitir Ægir Kópsson í síma 862-9106.

TILKYNNINGAR

## Landsbyggðarvinir í Reykjavík og nágrenni, LBVRN

### Aðalfundur

**í Norræna húsinu, fimmtudaginn 9. mars 2006**
**kl. 17:00 - 20:00**

**Fundarstjóri Þór Vilhjálmsson, f.v hæstaréttardómari**

**Dagskrá**

| | |
|---|---|
| **17:00 - 17:10** | **Fundarsetning - Kosning fundarritara** |
| **17:10 - 17:20** | **Skýrsla stjórnar og umræður** |
| **17:20 - 17:30** | **Reikningar ársins 2005** |
| **17:30 - 17:35** | **Ákvörðun árgjalds** |
| **17:35 - 17:45** | **Kosning stjórnar, varastjórnar og skoðunarmanna** |
| **17:45 - 17:50** | **Starf landssamtakanna Sveinn Á. Jónsson, varaform. Landsbyggðin lifi** |
| **17:50 - 18:10** | **Hlé** |
| **18:10 - 18:20** | **Ávarp ráðherra byggðamála Valgerðar Sverrisdóttur** |
| **18:20 - 18:30** | **Borgin og landsbyggðin Guðmundur St. Ragnarsson, hdl.** |
| **18:30 - 18:40** | **Verkefnið, Unglingalýðræði í sveit og bæ Fríða Vala Ásbjörnsdóttir** |
| **18:40 - 18:45** | **Aðkoma Hí að verkefninu, Unglingalýðræði í sveit og bæ Sigurlína Davíðsdóttir, dósent** |
| **18:45 - 19:05** | **Verðlaunaafhending Valgerður Sverrisdóttir, ráðherra, og Unnur Birna Vilhjálmsdóttir, fegurðardrottning, og verndari verkefnisins, Unglingalýðræði í sveit og bæ** |
| **19:05 - 19:10** | **Ávarp formanns LBVRN - Stefnumótun og starfsáætlun á nýju ári** |
| **19:10 - 19:15** | **Kosning fulltrúa á Aðalfund LBL (20. júní 2006)** |
| | **Önnur mál** |

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
**Yfir 150.000 gestir daglega**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

TILKYNNINGAR

**KÓPAVOGSBÆR**

## AUGLÝSING UM AFGREIÐSLU BÆJARSTJÓRNAR KÓPAVOGS Á AUGLÝSTRI TILLÖGU AÐ DEILISKIPULAGI.

**Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarstjórnar Kópavogs á eftirfarandi deiliskipulagstillögu:**

**Kópavogstún. Deiliskipulag.**
Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 8. nóvember 2005 tillögu að deiliskipulagi Kópavogstúns. Þann 24. maí 2005 samþykkti bæjarstjórnin að kynna tillögu að deiliskipulagi Kópavogstúns. Var tillagan auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 13. júlí til 10. ágúst 2005. Frestur til að skila inn athugasemdum og ábendingum rann út 24. ágúst 2005. Athugasemdir og ábendingar bárust.
Í hinni auglýstu tillögu að deiliskipulagi Kópavogstúns var miðað við að aðrar byggingar en gamli Kópavogsbærinn, Hressingarhælið, leikskólinn Urðarholt og byggingar Sunnuhlíðar yrðu fjarlægðar og í þeirra stað myndi rísa ný byggð,- einbýlishús, parhús og fjölbýlishús alls 325 íbúðir auk 57 þjónustuíbúða. Að lokinni kynningu var tillagan lögð fyrir skipulagsnefnd að nýju 4. október 2005 ásamt framkomnum athugasemdum og ábendingum. Nefndin samþykkti, með tilvísan í framkomnar athugasemdir að fresta skipulagi á ì miðjusvæði Kópavogstúns. Frestunin nær til 4,3 ha lands þar sem fyrirhugaðar voru 122 íbúðir í fjölbýli og 6 einbýlishús eða samtals 128 íbúðir af þeim 325 íbúðum auk 57 þjónustuíbúða sem fyrirhugaðar voru á skipulagssvæðinu. Var jafnframt samþykkt að afmörkun þess svæðis sem frestunin nær til verði færð inn á deiliskipulagsuppdrátt tillögunnar. Þá samþykkti nefndin að:
• Kópavogsbraut 19 (Stubbasel) verði ekki rifið og fyrirkomulagi bílastæða við Leikskólann Urðarholt breytt.
• Þjónustuíbúðir fyrir aldraða við D-götu verði skilgreindar á deiliskipulagsuppdrætti (e, f og g).
• Mörk landareigna Kópavogsbæjar og ríkisins færð inn á deiliskipulagsuppdrátt.
Breytingartillaga skipulagsnefndar er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:2000 ásamt greinargerð, skýringarmyndum og skipulagsskilmálum dags. 29. apríl 2005 og breytt 4. október 2005 var lögð fram til síðari umræðu og samþykkt í bæjarstjórn 8. nóvember 2005 eins og að ofan greinir. Í henni er gert ráð fyrir 197 nýjum íbúðum í 1-2 hæða einbýlishúsum og parhúsum svo og í fjölbýlishúsum sem verða annars vegar 2 hæðir auk kjallara og hins vegar 4 og 5 hæða auk kjallara.
Á hluta fjölbýlishúsanna er jafnframt ráðgerð þakhæð. Þá er í tillögunni miðað við að reistar verði 57 nýjar þjónustuíbúðir sem auðkenndar eru á deiliskipulagsuppdrættinum eins og að ofan greinir. Miðað við um 10 ha nýbyggingarsvæði (14,0 ha - 4,3 ha sem frestunin nær til) verður þéttleiki byggðarinnar um 20 íbúðir á ha (25 íbúðir á ha ef þjónustuíbúðirnar eru meðtaldar) og áætlaður íbúafjöldi á svæðinu miðað við 3 íbúa á íbúð og 1,5 íbúa í þjónustuíbúð er um 690 íbúar. Þá er í tillögunni gert ráð fyrir að aðkoma að svæðinu verði frá Urðarbraut og Kópavogsbraut jafnframt því sem gert er ráð fyrir nýju hringtorgi á Kópavogsbraut norðan Sunnuhlíðar og breytingu á vegtengingu að hringtorgi á Digranesvegi/Borgarholtsbraut í miðbæ Kópavogs með akreinum bæði til suðurs og norðurs.
Enn fremur hafa eftirfarandi breytingar verið gerðar á framlögðum gögnum:
• Í skipulagsskilmálum hefur umfjöllun um hljóðvist verið endurbætt og gerð ítarlegri bæði í almennum ákvæðum og í sérákvæðum. Þá hefur greinargerð Almennu verkfræðistofunnar Hljóðvist í nýju hverfi á Kópavogstúni, verið bætt við skilmálahefti.
• Texti greinargerðar yfirfarinn.
• Helgunarsvæði Hafnarfjarðarvegar sýnt.
• Leiksvæði sýnd á uppdrætti.
• Byggingarreitir í sérskilmálum sérbýlishúsa og fjölbýlishús hafa verið yfirfarðir.
• Lóðamörk Sunnuhlíðar og leikskólans yfirfarin.
• Bílastæði fyrir lóð Hressingarhælisins auðkennd.
Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málsgögnin og gerði ekki athugasemd við að birt yrði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. ofangreind lög. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 7. mars 2006.
Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreinda deiliskipulagsáætlun og afgreiðslu hennar er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

# SJÓNARHORN




Stormur við bryggjuna í Kópavogi.
Fréttablaðið/E.Ól.

## VISSIR ÞÚ...

... að mesti lofthiti sem mælst hefur er 58°C?

... að skyndilegasta hækkun lofthita varð 22. janúar árið 1943 í Suður-Dakóta í Bandaríkjunum þegar lofthitinn hækkaði úr -20°C í 7°C á aðeins tveimur mínútum?

... að mesta lofthitasveifla á einum degi varð árið 1916 þegar lofthitinn lækkaði úr 7°C í -49°C í Montana í Bandaríkjunum?

... að köldustu mannabyggðir eru Oymyakon í Síberíu í Rússlandi þer sem mestur kuldi hefur mælst -68°C?

... að minnsti lofthiti sem mælst hefur er -89,2°C á Suðurskautslandinu hinn 21. júlí 1983?

... að votasti staðurinn á jörðinni er Mawsynram í Meghalaya-héraði á Indlandi þar sem rignir 11.873 millimetra á ári?

... að að jafnaði rignir 350 daga á ári á Wai-´ale-´ale-fjalli á Hawai eyjum en þar er meðalársúrkoma um 10.000 millimetrar?

... að mesta sólarhringsúrkoma sem mælst hefur er 1.870 millimetrar á eynni Reunion á Indlandshafi en það jafngildir því að um 18.700 tonn af regni hafi fallið á hvern hektara landsins?

... að tvisvar sinnum hafa regndropar mælst 8,6 millimetrar í þvermál?

... að 92 manns týndu lífi í haglléli í Bangladess árið 1986 þar sem þyngstu höglin voru sögð vera um eitt kíló að þyngd?

... að mesta manntjón í haglléli varð á Indlandi árið 1888 þegar 246 manns fórust?

... að árið 1849 féll sex metra langur ísklumpur af himnum ofan á Bretlandi? Líklegasta skýringin á þessu er talin vera að haglkorn hafi bráðnað saman í eldingu.

# HVUNNDAGURINN



Ólafur Magnússon í vinnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## *Mestur tíminn fer í fjölskyldufyrirtækið*

Ólafur Magnússon er framkvæmdastjóri nýstofnaðs fyrirtækis, Mjólku, sem sérhæfir sig í framleiðslu mjólkurafurða án ríkisstyrkja. „Ég vakna oftast rétt fyrir sjö og fæ mér smá morgunhressingu. Svo kemur maður öllum í skólann og mætir í vinnunna upp úr átta," segir Ólafur. Vinnudagurinn hefst á eiginlegum fjölskyldufundum þegar starfsmenn fara yfir daginn. „Mjólka er hálfgert fjölskyldufyrirtæki og til að mynda voru þrír ættliðir með aldursbil uppá 66 ár sem stóðu við framleiðslubandið síðasta laugardag. Pabbi, sem er 72 ára, ég og dóttir mín sem er sex ára," segir Ólafur. Ólafur er mikið á faraldsfæti því það þarf að halda góðu sambandi við viðskiptavinina. „Vinnudagurinn er langur enda hefst svona lagað ekki öðruvísi," segir Ólafur. „Núna erum við líka að breyta húsnæði og taka í notkun nýja pökkunarlínu þannig að það er nóg að gera. Ég er ekki kominn heim fyrr en tíu eða ellefu á kvöldin en ég reyni alltaf að taka sunnudaga frá fyrir fjölskylduna."

Rekstrarverkfræðistofan
Annar hf
Suðurlandsbr. 46 • Sími 568 1020 • Annar.is
Eignaskiptayfirlýsingar fyrir atvinnu- og íbúðahúsnæði

GÆÐAHÚS FRÁ HÚS & HÖNNUN
Íbúðarhús · Sumarhús / Íslensk reynsla · Þitt öryggi
Hús & Hönnun ehf
FAGMENNSKA · GÆÐI · HAGSTÆTT VERÐ
Láttu drauminn rætast!
Kynntu þér málið og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
Suðurlandsbraut 16 · Sími 517 4200 · www.husoghonnun.is




FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

allt matur
Alla föstudaga

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.489 **+0,37%** **Fjöldi viðskipta:** 429 **Velta:** 4.232 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Icelandic Group** | 3,38% | **Vinnslustöðin** | 4,76% |
| **Dagsbrún** | 1,94% | **Flaga** | 1,30% |
| **Straum-Burðarás** | 1,57% | **Alfesca** | 1,24% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 57,00 +0,70% ... Alfesca 3,99 -1,20% ... Atorka 6,05 +0,00% ... Bakkavör 51,80 +0,00% ... Dagsbrún 6,83 +1,90% ... FL Group 25,90 -0,80% ... Flaga 3,80 -1,30% ... Íslandsbanki 20,20 +0,00% ... KB banki 931,00 +0,30% ... Kögun 66,50 +0,00% ... Landsbankinn 28,70 +0,70% ... Marel 68,30 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,70 +0,00% ... Straumur-Burðarás 19,0 +1,60% ... Össur 111,00 -0,50%

**viðskipti**

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Geta tvöfaldað stofnfé SPRON

## Raunávöxtun nafnverðs stofnfjárbréfa í SPRON 55 prósent á síðasta ári.

Á aðalfundi SPRON var samþykkt tillaga frá stjórn SPRON um að hún fái heimild til að auka stofnfé um allt að 130 prósent. Innborgað stofnfé var um 3.961 milljónir í árslok 2005 en gæti farið í 9,1 milljarð nýti stjórn heimild sína að fullu. Á síðasta ári var stofnfé sparisjóðsins sexfaldað. Hildur Petersen stjórnarformaður vék máli sínu að stofnfjármarkaði SPRON, sem hefur verið starfræktur frá 2004, en yfir 33 þúsund bréf hafa skipt um hendur frá stofnun hans.



**HILDUR PETERSEN, STJÓRNARFORMAÐUR SPRON** Viðskipti með stofnfé sparisjóðsins hafa tekist vel og verið blómleg.

„Ég leyfi mér að fullyrða að hér hafi vel tekist til. Strax í upphafi urðu mikil viðskipti með stofnfjárbréf og gátu nú þeir stofnfjáreigendur sem það vildu selt sín bréf og aðrir sem hug höfðu á að fjárfesta í stofnfjárbréfum gert það,“ sagði Hildur.

Í máli Hildar kom einnig fram að arðsemi eiginfjár hjá SPRON hefði á síðasta ári verið sú mesta meðal lánastofnana en arðsemin var yfir 61 prósenti. Raunávöxtun af nafnverði stofnfjárbréfa SPRON nam 55 prósentum á síðasta ári. Samþykkt var að greiða fimmtíu prósenta arð til eigenda auk þess sem stofnfé var hækkað um fimm prósent. Stjórn sparisjóðsins var endurkjörin.

**- eþa**

# Minni hagnaður Landsvirkjunar

Hagnaður af rekstri Landsvirkjunar nam tæpum 6,29 milljörðum króna á síðasta ári en var 7,19 milljarðar króna árið 2004. Í árslok námu heildareignir fyrirtækisins 182 milljörðum króna og var eiginfjárhlutfall 31,9 prósent. Rekstrarhagnaður hækkaði um rúman milljarð króna miðað við árið 2004. Afskriftir eru 443 milljónum krónum lægri en árið á undan en fyrirtækið hefur í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur breytt um aðferð við meðferð á undirbúningskostnaði virkjana í ársreikningi. ■

# Hagnaður MP dregst saman

Hagnaður MP fjárfestingarbanka var 613 milljónir króna árið 2005 samanborið við rúman einn milljarð ári áður. Var arðsemi eiginfjár 34 prósent í fyrra.

Hreinar vaxtatekjur voru neikvæðar um tæpar níu milljónir króna en aðrar rekstrartekjur námu 971 milljón.

Hreinar rekstrartekjur voru því um 963 milljónir króna og drógust saman um þriðjung milli ára. Munar mestu að gengishagnaður dróst saman um 670 milljónir króna.

Rekstrarkostnaður var 288 milljónir og jókst um tólf prósent.

Eignir bankans voru 25 milljarðar í árslok og hækkuðu um 105 prósent. Eigið fé nam 3.347 milljónum.

Stærstu eigendur bankans eru Margeir Pétursson og félög í eigu hans með 31 prósent hlutafjár, bræðurnir Sigurður Gísli og Jón Pálmasynir eiga samanlagt 27 prósent og SPV um fjórtán prósent.

**- eþa**



**FRÁ FUNDI STJÓRNAR STRAUMS - BURÐARÁSS** Magnús Kristinsson styrkir stöðu sína í Straumi eftir að hafa óvænt verið vikið úr sæti varaformanns.

# Styrkir stöðu sína í Straumi

Magnús Kristinsson, sem nýverið var óvænt felldur úr embætti varaformanns Straums-Burðaráss, hefur styrkt stöðu sína með kaupum á 35,5 milljón hlutum í félaginu fyrir tæpar 588 milljónir króna. Félög í eigu Magnúsar eiga eftir kaupin rúmlega fjórtán prósenta hlut í Straumi - Burðarási.

**- hhs**


Íslandsbanki og HR bjóða þér á

*fjármálanámskeiðið*
*Peningarnir þínir*



*Láttu þá vinna með þér*

ÍSLANDSBANKI

Námskeiðið veitir heildstæða yfirsýn yfir fjármálin. Meðal annars er fjallað um sparnað, húsnæðiskaup, gengisáhættu, tryggingar, fjárfestingar í verðbréfum og lífeyrissparnað. Leitast verður við að veita ráðleggingar og innsýn í flest það sem snýr að fjármálum fjölskyldunnar.

**Leiðbeinandi er Þór Clausen, viðskiptafræðingur og forstöðumaður Símenntar Háskólans í Reykjavík, og Gunnar Baldvinsson, forstöðumaður lífeyrissviðs Íslandsbanka.**

*Námskeiðið stendur yfir í þrjár klukkustundir.*
*Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.*

**Skráðu þig á isb.is eða í síma 599 6350. Fyrstir koma – fyrstir fá.**

*Hvaða tími hentar þér?*

*Þriðjudagur 7. mars* — *kl. 16–19*
*Fimmtudagur 9. mars* — *kl. 16–19*

Námskeiðin eru haldin í Háskólanum í Reykjavík

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4137



STANLEY KUBRICK (1928-1999) LÉST ÞENNAN DAG.

*„Ég lærði aldrei neitt í skólanum og las ekki bók mér til skemmtunar fyrr en ég var nítján ára gamall.“*

LEIKSTJÓRINN STANLEY KUBRICK FÆRÐI OKKUR MARGA GULLMOLA KVIKMYNDALISTARINNAR EFTIR AÐ HANN VARÐ 19 ÁRA.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 7. MARS 1969

# *„Móðir Ísraels“ sest við stjórnvölinn*

Á þessum degi árið 1969 var Golda Meir kjörin í embætti forsætisráðherra Ísraels, fyrst kvenna. Hún var þá orðin sjötíu ára og var búin að draga sig í hlé frá stjórnmálum þegar skyndilega var óskað eftir henni í embættið, en forveri hennar, Levi Eshkol, lést skyndilega úr hjartaáfalli viku fyrr.

Golda Meir var fædd í Kænugarði í Úkraínu árið 1898. Þegar hún var átta ára fluttist hún með foreldrum sínum til Bandaríkjanna þar sem hún gekk í skóla. Árið 1921 fluttist hún svo til Palestínu ásamt manni sínum. Hún var ein tuttugu og fjögurra einstaklinga sem skrifuðu undir stofnskrá Ísraelsríkis og önnur tveggja kvenna.

Frá 1969 var Meir forsætisráðherra í fimm ár og stjórnaði Ísraelsríki með harðri hendi á erfiðum tímum. Sérstaklega voru árin fyrir uppsögn hennar erfið en 1972 voru ísraelskir keppendur á Ólympíuleikunum í München myrtir á hrottalegan hátt. Upp úr því fyrirskipaði Meir að harkalega yrði tekið á allri mótspyrnu gegn ríkinu sem orsakaði síðan Yom Kippur stríðið svokallaða árið 1973. Þótt stríðið hafi tekið fljótt af urðu afleiðingar þess Meir erfiðar og hún neyddist til að segja af sér í apríl 1974.



## MERKISATBURÐIR

**1913** Sjötíu símastaurar milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar brotna í stormi. Einnig skemmist loftnet Loftskeytastöðvar.

**1944** Þrjú erlend skip stranda milli Veiðióss og Nýjaóss í Vestur-Skaftafellssýslu. Fjórir farast en 39 komast til byggða.

**1973** Bangladess kýs í fyrsta sinn leiðtoga á lýðræðislegan hátt. Sheikh Mujib Rahman sigrar í kosningunum.

**1986** Landsliðið í handknattleik lendir í sjötta sæti á heimsmeistaramótinu í Sviss og tryggir sér sæti á Ólympíuleikunum 1988.

**1996** Tímaritið Séð og heyrt hefur göngu sína. Í fyrsta tölublaðinu var meðal annars rætt við biskupshjónin.

## ANDLÁT

**Aðalheiður Hannesdóttir**, Gullsmára 9, Kópavogi, er látin.

**Elín Sigríður Gústafsdóttir** lést á lungnadeild Landspítala Landakoti fimmtudaginn 2. mars.

**Guðmundur Helgi Jónasson** lést á gjörgæsludeild Landspítala - háskólasjúkrahúss fimmtudaginn 2. mars.

**Hansína Hannesdóttir**, Hlaðbrekku 12, lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi fimmtudaginn 2. mars.

**Haraldur Sigurjónsson**, Eyjabakka 26, Reykjavík, lést á líknardeild Landakotsspítala miðvikudaginn 1. mars.

**Hjálmur Sigurjón Sigurðsson**, Mánabraut 5, Skagaströnd, lést á heimili sínu fimmtudaginn 2. mars.

**Hulda Hannesdóttir**, Ljósheimum 20, Reykjavík, lést miðvikudaginn 1. mars.

**Jóhanna Einarsdóttir** (Nanný), Flókagötu 69, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 3. mars.

**Karl Níelsson** lést á Hrafnistu miðvikudaginn 1. mars.

**Kári S. Kristinsson**, Birkilundi 4, Akureyri, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri miðvikudaginn 22. febrúar.

## JARÐARFARIR

13.00 **Dagbjört Árnadóttir Siemsen**, Skaftahlíð 34, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.




✝

*Þökkum samúð og vinsemd við andlát og útför föður okkar*

**Indriða Ingimundarsonar**

Garðhúsum 12, Reykjavík.

Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Halldór I. Indriðason**
**Einar Ólafur Indriðason**
**og aðrir aðstandendur og vinir.**



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Jónsson**

vélfræðingur, Dalbraut 20, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 9. mars klukkan 13.00. Blóm eru vinsamlegast afþökkuð en þeir sem vilja minnast hans láti Hjartavernd njóta þess.

**Ingunn Erla Stefánsdóttir**
**Jón Örn Guðmundsson**
**Ragnheiður Guðmundsdóttir** **Eiríkur Þorgeirsson**
**Guðbjörg Guðmundsdóttir** **Sigurður Torfi Jónsson**
**Stefán Már Guðmundsson**
**Guðmundur Ingi Guðmundsson** **Anna Margrét Björgvinsdóttir**



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Guðmundur Guðmundsson**

lést að heimili sínu Hlíf ll á Ísafirði laugardaginn 4. mars. Útför hans fer fram frá Ísafjarðarkirkju þann 11. mars kl. 14.

**Rebekka Jónsdóttir**
**G. Ásdís Guðmundsdóttir** **Jón Baldvin Jóhannesson**
**Halldór H. Guðmundsson** **Þórdís Guðmundsdóttir**
**Guðríður G. Guðmundsdóttir** **Róbert Mellk**
**Friðgerður Guðmundsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



✝

*Innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát eiginkonu minnar, móður okkar, dóttur, systur og mágkonu*

**Önnu Maríu Gunnarsdóttur**

Herningvej 86, Álaborg, Danmörku.

**Niels Möller Jensen**
**Nina, Emil og Jakob Nielsbörn**
**Gunnar Árnason**
**Kjartan Gunnarsson** **Hrefna Sölvadóttir**
**Þorgerður Gunnarsdóttir** **Ásgeir G. Sigurðsson**


SÉRA BIRGIR ÁSGEIRSSON: NÝR PRESTUR Í HALLGRÍMSKIRKJU

# Mun ekki skorta verkefni

„Ég hlakka mikið til að hefja þjónustuna í þessari yndislegu kirkju sem Hallgrímskirkja er,“ segir séra Birgir Ásgeirsson um nýja starfið, en valnefnd Hallgrímsprestakalls valdi hann í embætti prests í þessari stærstu kirkju landsins.

„Þetta er náttúrlega afskaplega eftirsóknarvert verkefni,“ segir hann um að þjóna við Hallgrímskirkju. Hann skynjar sérstöðu kirkjunnar meðal landsmanna og kallar hana landskirkju og þjóðarhelgidóm vegna þess hversu mikinn og veglegan sess hún skipar í hugum margra Íslendinga. „Kirkjan er náttúrlega byggð í minningu Hallgríms Péturssonar. Hallgrímur er það stór persóna í íslensku trúarlífi og sögu að hver einasti maður á eitthvað frá honum í sjálfum sér,“ segir hann.

Hlutverk Hallgrímskirkju er líka margþætt því starfið innandyra byggir á fleiru en að þjóna söfnuðinum. „Starfsfólkið í kirkjunni hefur byggt upp mjög myndarlegt og athyglisvert starf sem snertir list,“ segir séra Birgir og nefnir tónlistina sérstaklega. Hann segir að sem prestur í kirkjunni komi starfssvið hans ekki beint inn á listiðkunina í kirkjunni en segist þó vera afskaplega ánægður með að kirkjan hafi leyft listgreinum að blómstra innan sinna veggja. „Bæði hef ég áhuga á því og svo tel ég að trúin og listin fari ákaflega vel saman. Þetta styður hvort annað,“ segir hann.

Þrátt fyrir þetta mikla listastarf gleymir séra Birgir ekki að Hallgrímskirkja er sóknarkirkja fyrir þá sem eiga heima í sókninni og undirstrikar að þeim eigi að þjóna vel. „Ég geng þarna inn sem þjónandi prestur og í venjuleg störf sem heyra undir það,“ segir hann. „Þarna er stór söfnuður sem hefur hlúð vel að þessari miklu kirkju,“ bætir hann við og segist hlakka mikið til að hefja störf með því góða fólki sem þegar starfi í kirkjunni.



**SÉRA BIRGIR ÁSGEIRSSON** Er ánægður með listina sem blómstrar í Hallgrímskirkju sem hann telur að fari mjög vel saman við trúariðkun.

Aðspurður um breyttar vinnuaðstæður segist séra Birgir búast við því að vinnudagurinn verði dálítið öðruvísi. „Það eru þó svona fastir liðir sem heyra undir presta sem eru alls staðar svipaðir,“ segir hann. Áhersla á helgihaldið sé vissulega meiri í nýju starfi en séra Birgir hefur sinnt starfi sjúkrahúsprests á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Hann viðurkennir að alltaf sé viss söknuður til staðar þegar fólk færi sig til og hann sé þar engin undantekning. „Maður sér eftir ákveðnum viðfangsefnum og samstarfshópnum sem maður hefur verið mest tengdur,“ segir hann en bætir við að það sé þó bara hluti af því að velja að færa sig til.

Að sama skapi hlakkar séra Birgir mikið til að koma inn í nýtt starf með nýjum viðfangsefnum og samstarfsfólki. „Ég vona bara að ég geti orðið að góðu liði,“ segir hann fullur tilhlökkunar. Aðspurður um áherslur í komandi starfi vill hann sem minnst segja. „Ég geri mér grein fyrir að ég geng inn í ákaflega góðan samstarfshóp og þar verða til margar hugmyndir sem þarf að útfæra og koma í framkvæmd,“ segir hann. Í öllu falli er mjög ljóst í huga séra Birgis að verkefnin mun ekki skorta í Hallgrímskirkju. ■

## AFMÆLI



**Jakob L. Kristinsson** dósent í eiturefnafræði er 63 ára.



**Aðalsteinn Ingólfsson** listfræðingur er 58 ára.



**Halldór Runólfsson** yfirdýralæknir er 58 ára.



**Helgi Þorgils Friðjónsson** myndlistarmaður er 53 ára.



**VATNSGUÐINN HEIÐRAÐUR** Þessi ungi drengur kveikir á kerti í hofi guðsins Bok Kai í tilefni þess að hátíð til heiðurs guðinum er nú á enda. Hofið er í bænum Marysville í Kaliforníu og er hátíðin haldin í 126. skipti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Úrval af húsgögnum
á vaxtalausum kjörum
Vaxtalaust tilboð! aðeins 1.500* kr á mán. í 10 mánuði Verð 15.000,-
Borð 2640
gegnheil eik
48x48x70
Vaxtalaust tilboð! aðeins 1.999* kr á mán. í 10 mánuði Verð 19.990,-
Sófaborð
135x42x70
Sófaborð
70x42x70
Vaxtalaust tilboð! aðeins 1.499* kr á mán. í 10 mánuði Verð 14.990,-
Vaxtalaust tilboð! aðeins 5.000* kr á mán. í 24 mánuði Verð 120.000,-
Vaxtalaust tilboð! aðeins 2.000* kr á mán. í 10 mánuði Verð 20.000,-
Borð
gegnheil eik
53x35x76
Vaxtalaust tilboð! aðeins 1.999* kr á mán. í 10 mánuði Verð 19.990,-
Sófaborð
70x40x70
Sófaborð
135x40x70
Vaxtalaust tilboð! aðeins 1.499* kr á mán. í 10 mánuði Verð 14.990,-
Borðstofuskápur
gegnheil eik
200x61x215
Eingöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri
Vaxtalaust tilboð! aðeins 7.000* kr á mán. í 24 mánuði Verð 168.000,-
Leðursófasett 3+1+1 Dany
Vaxtalaust tilboð! aðeins 7.000* kr á mán. í 24 mánuði Verð 168.000,-
Leðursófasett 3+1+1 M6217
Vaxtalaust tilboð! aðeins 6.000* kr á mán. í 24 mánuði Verð 144.000,-
Hornsófi 2+h+2 Bycast
Vaxtalaust tilboð! aðeins 9.000* kr á mán. í 24 mánuði Verð 216.000,-
Leðursófasett 3+1+1 Chesterfield
Vaxtalaust tilboð! aðeins 7.000* kr á mán. í 24 mánuði Verð 168.000,-
Leðursófasett 3+1+1 3178
Vaxtalaust tilboð! aðeins 6.500* kr á mán. í 24 mánuði Verð 156.000,-
Púðahornsófi 2+h+2 Paris
Vaxtalaust tilboð! aðeins 9.900* kr á mán. í 24 mánuði Verð 237.600,-
Leðursófasett 3+1+1 3002
Vaxtalaust tilboð! aðeins 7.000* kr á mán. í 24 mánuði Verð 168.000,-
Leðursófasett 3+1+1 3057
Vaxtalaust tilboð! aðeins 7.000* kr á mán. í 24 mánuði Verð 168.000,-
Leðurhornsófi 2+h+2 3130
*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.
Gildir til 13. mars eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

AMERICAN IDOL
MÁNUDAGA KL 21:00



SKEMMTILEG
VIKA Á SIRKUS

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

AMERICAN DAD
ÞRIÐJUDAGA KL 21:00



MY NAME IS EARL
MIÐVIKUDAGA KL 21:00



X-FILES
FIMMTUDAGA 21:45



IDOL EXTRA LIVE
FÖSTUDAGA KL 22:00





## STUÐ MILLI STRÍÐA Clooney

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** REYNIR AÐ SLEPPA BILLEGA.



Ég er þreyttur og andlaus. Náði tveggja tíma svefni eftir að hafa hangið yfir beinni útsendingu frá Óskarsverðlaununum. Hef gengið á svefngalsa, kaffi og ginsengi síðan og næ ekki að hugsa hálfa hugsun.

Svefn er sennilega ekki jafn ofmetinn og ég hef hingað til talið mér trú um. Einhver spekingurinn sagði einhvern tíma að það væri undarlegt að fólk óttaðist dauðann en léti sig samt hafa það að eyða drjúgum hluta ævinnar í svefn. Það er auðvitað lítill tími til að sofa í þessu sturlaða samfélagi okkar og ég tel mig í það minnsta ekki geta séð af meira en fimm tímum í svefn á sólarhring. Meiri tími er ekki aflögu nema auðvitað ef draumar manns færu að verða betri en góðar Óskarsmyndir en það hefur ekki gerst oft hjá mér í seinni tíð.

Ofnotaðasta og ódýrasta leið andlausra pistlahöfunda til þess að fylla autt pláss er að skrifa langloku um hversu andlausir þeir eru. Hversu erfitt það sé að koma einhverju á blað og BINGÓ! skyndilega er plássið fullt. Mig hefur lengi langað til þess að prufa þetta og hélt að tækifærið væri loksins komið en þá finn ég mig skyndilega knúinn til þess að eyða nokkrum orðum í George Clooney, sem er án efa flottasti gaurinn í Hollywood í dag. Maðurinn er kynþokkafyllri en andskotinn, töffið lekur af honum og við þetta bætist svo að hann er klár, pólitískur og meira að segja í réttu liði og hefur nýlega tekið þátt í að gera tvær umdeildar myndir; Syrian og Good Night, and Good Luck.

Hann fékk eina verðlaunastyttu á sunnudaginn og skyggði á allt og alla í Kodakhöllinni. Svalur maður hann Clooney sem er kominn ljósárum frá vemmilegum barnalækninum sem hann lék í ER, lifandi sönnun þess að það er aldrei of seint að blómstra. Úff, hvað þetta er ódýr pistill en samt á ég ennþá þann aumingjalegasta um angist hinnar auðu síðu inni. ■

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# STJÖRNUVEISLA
## Í MARS




KOMIN ÚT | KOMIN ÚT | KOMIN ÚT | KOMIN ÚT | 8. MARS




9. MARS | 15. MARS | 16. MARS | 22. MARS | 23. MARS




23. MARS | 23. MARS | 29. MARS | 30. MARS | 30. MARS

**VIDEOHÖLLIN**
*Á þínu bandi*

**BÓNUSVÍDEÓ**
*Leigan í þínu hverfi*

**!** **Kl. 20.00**
*Kvikmyndasafn Íslands sýnir* ***Húsið*** *eftir* ***Egil Eðvarðsson*** *frá 1983 með* ***Lilju Þórisdóttur*** *og* ***Jóhanni Sigurðarsyni*** *í aðalhlutverkum. Ungt par fær inni í gömlu húsi í Reykjavík og verður þess fljótlega vart að húsinu fylgir eitthvað sem er þeim yfirsterkara. Forsaga hússins tekur völdin.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Ástardúettar í Óperunni

Hjónin Einar Th. Guðmundsson barítónsöngvari og Katharina Th. Guðmundsson sópran koma fram á hádegistónleikum í Íslensku óperunni í dag ásamt Kurt Kopecky píanóleikara. Þau ætla að flytja ástardúetta og mansöngva.

Einar er fastráðin við Volksoper í Vínarborg og búa þau hjónin þar öllu jafna en þau eru stödd hér á landi vegna þess að Einar syngur hlutverk Alidoro í Öskubusku sem er á fjölum Óperunnar um þessar mundir.

Á efnisskrá tónleikanna er meðal annars dúett Súsönnu og greifans úr Brúðkaupi Fígarós, aría Leporellos úr Don Giovanni og aría Despinu úr Cosi fan tutte.

Á komandi hausti mun Einar



syngja hlutverk Leporello í Don Giovanni í Volksoper á sérstakri Mozart-hátíð sem haldin verður á næstu leiktíð í Vínarborg og víðar í tilefni af því að 250 ár eru frá fæðingu tónskáldsins. Vorið 2003 var honum boðin fastráðning við Volksoper, þjóðaróperuna í Vínarborg, þar sem hann starfar enn í dag.

Tónleikarnir hefjast klukkan 12.15 og standa yfir í um það bil 40 mínútur. Tilvalið er fyrir þá sem búa eða starfa í miðbænum að taka sér frí frá önnum dagsins og hlýða á ljúfa tóna í Óperunni í hádeginu. Hægt er að kaupa samlokur í anddyri fyrir eða eftir tónleika svo enginn ætti að þurfa að fara svangur út.

## > Eki missa af ...

... tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið sem haldnir eru í tilefni af áttræðisafmæli **Jóns Nordal**. Fluttir verða valdir konsertar eftir tónskáldið.

... sýningunni **Essens** á Kjarvalsstöðum þar sem sýnt er úrval margra helstu verka **Jóhannesar Kjarvals**. Sýningunni fer að ljúka.

... **Ævari Erni Jósepssyni**, sem les úr nýjustu skáldsögu sinni, Blóðberg, á Skáldaspírukvöldi í Iðu við Lækjargötu í kvöld.





FÖRUM TIL FJALLA

Í VINNUFERÐ OG STEFNUMÓTUN
BORGARLEIKHÚSIÐ LOKAÐ
ÞRIÐJUDAGINN 7. MARS
hægt er að kaupa miða á leiksýningar á vefsíðunni www.borgarleikhus.is
sem er alltaf opin




Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is


# Heimur svefns og kyrrðar

**Sofandi líkamar eru viðfangsefni Höllu Gunnarsdóttur á sýningu hennar í Listasafninu á Akureyri.**

„Mig langaði til að búa til verk um svefninn,“ segir Halla Gunnarsdóttir myndlistarmaður. „Mér finnst svefn svo áhugavert viðfangsefni. Þetta er partur af lífinu og eitthvað sem við þekkjum, en mér hefur ekki fundist mikið fjallað um svefn í listaverkum.“

Núna um helgina opnaði hún í Listasafninu á Akureyri sýningu sína, Svefnfarar, þar sem viðfangsefni hennar er svefninn. Sýningin er innsetning með skúlptúrum, eftirmyndum af sofandi líkömum sem hanga allir í lofti sýningarsalarins en í mismunandi hæð.

„Þetta átti líka að fjalla um kyrrðina og þögnina. Mig langaði til að búa til rými þar sem gestirnir verða áhorfendur að einhverju sem er kannski svolítið prívat stund. Þögnin er svo prívat hlutur.“

Halla vinnur verkin fyrst í leir en steypir þau svo í gifs. Þau eru hol innan og þess vegna ekki jafn þung og þau líta út fyrir að vera.

„Módelin lágu á plexíglerborði sem ég smíðaði svo ég gat séð undir líkamana. Þau hanga í loftinu en það lítur út fyrir að þau liggi á einhverju.“

Halla lauk MFA-gráðu frá The New York Academy of Art árið 2003 og er þetta hennar fyrsta sýning á Íslandi. Hún hefur verið búsett í New York undanfarin tíu ár en dvaldist þar á undan við nám á Ítalíu.

„Ég byrjaði þar í skóla sem var sniðinn eftir gömlu frönsku akademíunni og kennir realisma. Mig langaði til þess að læra þessa gömlu tækni, en svo vaknaði fljótt áhuginn á því að fara í skúlptúrinn og einn af fáum skólum sem kennir þar er í New York.“

Þetta er lítill skóli. Halla var í aðeins átta manna bekk í skúlptúrdeildinni og áherslan var öll á mannslíkamann og anatómíuna.

„Þetta var mjög sérstakur skóli að því leyti, en ég hef alla tíð aðallega unnið með mannslíkamann. Mér finnst hann vera ótæmandi uppspretta innblásturs.“

Næst verður Halla með sýningu í Brussel í maí þar sem hún sýnir málverk. Í september verður hún svo með sýningu í Turpentine Gallery í Ingólfsstræti í Reykjavík, þar sem hún sýnir einnig skúlptúra, en þeir verða minni í sniðum.

„Það verður meiri fantasía um samblöndu af dýrum og mönnum.“



**HALLA GUNNARSDÓTTIR** Listakonan ásamt einum svefnfara sinna, sem hún sýnir í Listasafninu á Akureyri. PEDROMYNDIR


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

TÚSKILDINGSÓPERAN
**Aukasýningar í mars:** Sun. 12/3 örfá sæti laus, sun. 19/3 nokkur sæti laus, sun. 26/3 nokkur sæti laus. **Allra síðustu sýningar.**

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
**Aukasýning sun. 12/3 kl. 13:00** örfá sæti laus. **Allra síðasta sýning.**

VIRKJUNIN
3. sýn. fim. 9/3 nokkur sæti laus, 4. sýn. fös. 10/3 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 11/3 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 16/3 nokkur sæti laus, 7. sýn. fös. 17/3 nokkur sæti laus, 8. sýn. lau. 18/3, 9. sýn. fös. 24/3, 10. sýn. lau. 25/3. **Aðeins þessar 10 sýningar.**

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI
Þri. 7/3 **uppselt**, mið. 8/3 **uppselt**, lau. 11/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 12/3 **uppselt**, mið. 15/3 **uppselt**, lau. 18/3 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 **uppselt**, mið. 22/3 **uppselt**, fim. 23/3 örfá sæti laus, lau. 25/3 kl. 17:00 **uppselt**.

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU
**Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður**
Sun. 12/3 kl. 18:00 **uppselt**.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR
Fim 9/3 **uppselt**, fös. 10/3 **uppselt**, lau. 11/3 **uppselt**, fim. 16/3 nokkur sæti laus, fös. 17/3 nokkur sæti laus, lau. 18/3.
**Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í mars og apríl.**

LEIKHÚSKJALLARINN
**Jassklúbburinn Múlinn - Kvartettinn Skófílar -** Mið. 8/3 kl. 21:00.
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.




**FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP** Leikhópurinn frá Akureyri ætlar að sýna þetta vinsæla leikrit í Borgarleikhúsinu í vor.

# Brúðkaupið suður

Gamanleikritið Fullkomið brúðkaup, sem sýnt hefur verið hjá Leikfélagi Akureyrar í vetur, verður sýnt í Borgarleikhúsinu og hefjast sýningar þar í lok apríl.

Fullkomið brúðkaup hefur slegið öll met hjá LA og er aðsóknarmesta sýning í sögu leikhússins. Sýningin hætti fyrir fullu húsi á Akureyri nú í febrúar til að rýma til fyrir næstu frumsýningu leikhússins, Litlu hryllingsbúðinni.

Fullkomið brúðkaup er vel skrifaður gamanleikur, hraður, fullur af misskilningi, framhjáhaldi og ást. Að morgni brúðkaupsdags vaknar brúðguminn með konu sér við hlið sem hann hefur aldrei séð fyrr. Í framhaldinu flækist hann inn í atburðarás sem hann ræður ekkert við.

Leikritið er eftir Robin Hawdon, leikstjóri er Magnús Geir Þórðarson en þýðingu gerði Örn Árnason. Leikarar eru Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Maríann Clara Lúthersdóttir, Esther Talía Casey og Þráinn Karlsson. ■

# Útrás og ímyndir

Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingur heldur í dag erindi í hádegisfundaröð Sagnfræðingafélags Íslands, „Hvað er útrás?“ Erindið heitir „Útrás og ímyndir“ og mun Sumarliði velta fyrir sér spurningum um þjóðareðli og þjóðarímyndir.

Umfjöllunin mun einkum miðast við Ísland og í tengslum við efnið verður drepið á hvernig hugmyndir um Íslendinga og sjálfsmyndir þeirra hafa þróast. Eru þær ef til vill svipaðar við upphaf 21. aldar og fyrir 100-200 árum síðan eða eru þær gerólíkar? Og hvernig tengjast þessar hugmyndir um þjóðareðli Íslendinga sambandi landsmanna við umheiminn og útrás á ýmsum sviðum?

Hádegisfundurinn verður að venju í Þjóðminjasafni Íslands og hefst klukkan 12.10.



**SUMARLIÐI ÍSLEIFSSON** Fjallar um ímyndir og útrás á hádegisfundi sagnfræðinga.



**VIÐTALIÐ** Sýningin kemur verulega á óvart og snertir áhorfandann án þess að vera væmin eða í predikunartón.

# Hlið við hlið

## LEIKHÚS

DRAUMASMIÐJAN/HAFNARFJARÐAR-LEIKHÚSIÐ

**Viðtalið**

**Höfundar:** Laila Margrét Arnþórsdóttir og Margrét Pétursdóttir

**Leikarar:** Soffía Jakobsdóttir/Elsa Guðbjörg Björnsdóttir/Árný Guðmundsdóttir/Berglind Stefánsdóttir/Tinna Hrafnsdóttir

Leikmynd og búningar: Helga Rún Pálsdóttir/Tónlist: Pétur Grétarsson/Ljós: Garðar Borgþórsson/Myndvinnsla: Jóhannes Tryggvason/Hljóðfæraleikarar: Eyjólfur B. Alfreðsson og Frank Aarnink/Leikstjóri: Margrét Pétursdóttir

**Niðurstaða:** Þetta er sýning sem snertir mann djúpt án þess að vera á nokkurn hátt væmin eða í predikunartón.

Samskipti móður og dóttur er inntakið í þessari mjög svo athyglisverðu og fallegu sýningu Draumasmiðjunnar. Sýningin er Döff-leikhús sem er leikhús fyrir heyrnarlausa. Það er að segja, hún er flutt á tveimur málum, talmáli og táknmáli. Verkið segir frá heyrnarlausu leikkonunni Ingunni sem er að gera það gott úti í hinum stóra heimi. Hún er í heimsókn á Íslandi og hefur verið boðuð í blaðaviðtal. Hin skelegga heyrandi móðir hennar, Sigrún, mætir á svæðið til þess að allt gangi upp á íslenska húsmóðurvísu og á meðan beðið er eftir blaðakonunni, mætir táknmálstúlkur á svæðið.

Í ljós koma tveir heimar, móður og dóttur, sem aldrei hafa mæst, aldrei hafa ferðast hlið við hlið í gegnum lífið. Á milli þeirra er regindjúp, þar sem Ingunn er ekki talandi, Sigrún kann ekki táknmál. Móðirin hefur ekki gert sér far um að læra táknmál, heldur dregið ályktanir sem einatt eru rangar - en hefur sér eitt og annað til afsökunar. Með hjálp túlksins eru þær í rauninni að tala saman í fyrsta sinn - og ýmislegt kemur á daginn.

Á milli þess sem þær mæðgur tala saman, segja þær söguna hvor frá sinni hlið, frá angist sinni og þeim leiðum sem þær hafa farið til að takast á við og sætta sig við ástand sem ekki varð breytt.

Með hlutverk Ingunnar fara Elsa Guðbjörg Björnsdóttir (táknmál) og Tinna Hrafnsdóttir (talmál). Báðar koma þær mjög vel til skila þeirri einangrun sem Ingunn hefur búið við í sinni eigin fjölskyldu, uppnáminu yfir því að móðirin skuli aldrei gera sér far um að hlusta og skilja. Í hlutverkum móðurinnar eru Soffía Jakobsdóttir (talmál) og Berglind Stefánsdóttir (táknmál). Soffía fer á kostum í hlutverki þessarar dugmiklu konu sem hefur fengið misvísandi skilaboð um hvað sé best frá því dóttir hennar fæddist, hamast við að vera glöð og sátt, mætir með tertu sem hún nánast treður ofan í viðstadda en vill helst flýja af hólmi þegar kemur að kjarna málsins. Samleikur hennar og Berglindar er með miklum ágætum. Túlkinn leikur Árný Guðmundsdóttir og ferst það vel úr hendi.

Útlit sýningarinnar er einfalt, sófahorn í stofu og myndvarpi notaður til að undirstrika hvað í fortíðinni er verið að tala um, lýsing björt til að táknmálið sé áhorfendum skýrt, búningar látlausir og fallegir. Leikstjórnin er unnin af nákvæmni og ekki hægt annað en óska Draumasmiðjunni til hamingju með framtakið.

Viðtalið er sýning sem kom verulega á óvart. Þótt það fjalli um einangrun Ingunnar innan fjölskyldunnar er óhætt að segja að það komi mjög rækilega til skila þeirri einangrun sem heyrnarlausir búa við í samfélagsfjölskyldunni. Þetta er sýning sem snertir mann djúpt án þess að vera á nokkurn hátt væmin eða í predikunartón. Það ætti að skylda öll grunnskólabörn til að sjá hana svo þau skilji það strax að heyrandi og heyrnarlausir lifa ekki í tveimur aðskildum heimum, heldur hlið við hlið í einum og sama heiminum. Flott vinna.

**Súsanna Svavarsdóttir**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

4 5 6 **7** 8 9 10

**Þriðjudagur**

### KVIKMYNDIR

20.00 Kvikmyndasafn Íslands sýnir **Húsið** eftir **Egil Eðvarðsson** frá 1983 með **Lilju Þórisdóttur** og **Jóhanni Sigurðarsyni** í aðalhlutverkum.

### TÓNLEIKAR

12.15 **Einar Th. Guðmundsson** barítón og **Katharina Th. Guðmundsson** sópran flytja ástardúetta og mansöngva á hádegistónleikum. **Kurt Kopecky** leikur á píanó.

### SKEMMTANIR

21.00 **Tangósveit lýðveldisins** heldur tangókvöld í Iðnó. Að venju er boðið upp á leiðsögn í hinum funheita dansi frá klukkan 20 en um klukkan 21 stígur Tangósveit lýðveldins á svið og leikur til klukkan 23.

### FYRIRLESTRAR

12.00 **Ágúst Þór Árnason** fjallar um tengslin milli lögvæðingar og svokallaðrar réttlætisvæðingar á Lögfræðitorgi Háskólans á Akureyri, sem haldið er í stofu L201 á Sólborg.

12.10 **Sumarliði Ísleifsson** sagnfræðingur heldur erindi í Þjóðminjasafninu í hádegisfundaröð Sagnfræðingafélags Íslands, "Hvað er útrás?" Erindið heitir "Útrás og ímyndir" og þar veltir Sumarliði fyrir sér spurningum um þjóðareðli og þjóðarímyndir.

17.00 **Birkir Einarsson** landslagsarkitekt flytur fyrirlestur í LHÍ, Skipholti 1,stofu 113, þar sem hann fjallar um kastalahverfið Haverleij st-Hertogenbosch í Hollandi.

20.00 **Ævar Örn Jósepsson** les hann úr nýjustu skáldsögu sinni, Blóðberg, á Skáldaspírukvöldi í Iðu við Lækjargötu.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


IÐNÓ

*Leikfélagið Snúður og Snælda sýnir leikritið*

GLÆPIR OG GÓÐVERK

Byggð á verki Antons Delmer, "Don´t utter a note"
Leikstjóri: Bjarni Ingvarsson
leikgerð: Sigrún Valbergsdóttir

Sýningar í IÐNÓ

8. sýning mið. 8. mars kl. 14.00
9. sýning sun. 12 mars Uppselt
10. sýning mið. 15. mars kl. 14.00
11. sýning sun. 19. mars kl. 14.00
12. sýning mið. 22. mars kl. 14.00
13. sýning mið. 26. mars kl. 14.00
Sýningar eru miðvikudaga og sunnudaga kl. 14.00

Miðapantanir í Iðnó s. 562 9700 og við innganginn
www.midi.is
Miðaverð kr. 1.200



HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen
Fös. 10. mars. kl. 20
Lau. 18. mars. kl. 20
SÝNINGUM LÝKUR Í MARS!

EF
eftir Valgeir Skagfjörð/
Einar Má Guðmundsson
Mán. 6. mars. kl. 09.00 UPPSELT
Þri. 7. mars. kl. 09.00 UPPSELT
Mið. 8. Mars. kl. 09.00 UPPSELT

VIÐTALIÐ
eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur
lau. 11. mars kl. 20
sun.12. mars kl. 20
fös. 17. mars kl. 20
sun. 19. mars kl. 20
fös. 24. mars kl. 20
sun. 26. mars kl. 20

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is



vísir
NFS ER Á VÍSIR.IS
NFS





allt
tíska
Alla fimmtudaga









ÖSKUBUSKA

ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI
SÍÐUSTU SÝNINGAR
9. sýn. fös. 10. mars kl. 20 - NOKKUR SÆTI LAUS
10. sýn. lau. 11. mars kl. 20 - NOKKUR SÆTI LAUS - LOKASÝNING
KYNNING FYRIR SÝNINGU Í BOÐI VINAFÉLAGSINS - KL.19.15
ÁSTARDÚETTAR OG MANSÖNGVAR - HÁDEGISTÓNLEIKAR 7. MARS KL. 12.15
Einar Th. Guðmundsson, barítón, Katharina Th. Guðmundsson, sópran og Kurt Kopecky, píanó.
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
MasterCard-hafar fá 20% afslátt af miðaverði á hádegistónleika
ÍSLENSKA ÓPERAN










fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Arnold Schwarzenegger bauð í partí

„Þetta hefur gengið vonum framar, við áttum aldrei von á þessu þegar við fórum af stað með myndina," segir Skúli Malmquist hjá kvikmyndafyrirtækinu Zik-Zak, sem framleiðir stuttmynd Rúnars Rúnarssonar, Síðasta bæinn. Myndin var tilnefnd til Óskarsverðlauna í flokki leikinna stuttmynda en laut í lægra haldi fyrir írsku myndinn Six Shooter, með Brendan Gleeson í aðalhlutverki. „Því var spáð að hún og Síðasti bærinn ættu mesta möguleika á að vinna," segir Skúli og kveðst fráleitt súr yfir að hafa misst af styttunni.

Rúnar var viðstaddur hátíðina ásamt Þóri Sigurjónssyni, félaga Skúla hjá Zik-Zak. Skúli heyrði í þeim á sunnudagskvöld og var ekki annað að heyra en þeir væru kampakátir. Hvorki hefur heyrst né spurst til þeirra síðan, sem má kannski skrifa á fagnaðarhöldin að keppninni lokinni. „Ég veit að strax eftir hátíðina var öllum sem voru tilnefndir boðið í veislu hjá ríkisstjóranum í Kaliforníu, það er að segja hjá Arnold Schwarzenegger, en ég heyrði ekki í þeim svo seint og veit ekki hvort þeir fóru þangað. En ég býst við að það hafi verið skálað."



**SKÚLI MALMQUIST** Heyrði ekki betur en Rúnar og Þórir væru kampakátir fyrir hátíðina í Hollywood.

Skúli segir að tilnefningin hafi þegar opnað Síðasta bænum margar dyr. „Við höfum gert býsna stóra samninga við dreifingaraðila í Bandaríkjunum; myndin hefur verið sýnd í bíóhúsum í tvær vikur og verður sýnd áfram, hún fór í dreifingu á iTunes og er á topp 40 þar og verður svo sýnd á nokkrum kapalstöðvum. Það er varla hægt að biðja um meira." -bs



**MICHELLE WILLIAMS** Án efa sú flottasta þetta kvöld. Hún geislaði í sinnepsgulum Veru Wang kjól og með dumbrauðan varalit við.



**JESSICA ALBA** Hún var glæsileg í Versace-kjól.



**Á BLEIKA TÍMABILINU** Madonna hefur oft verið smartari til fara. Sniðið á kjólnum er svo sem ekki svo slæmt en liturinn er alveg voðalegur.



**TÍSKUSLYS** Charlize Theron var ekki alveg að gera sig í þessum kjól úr smiðju John Galliano fyrir Dior. Efnið og sniðið passa hreinlega ekki saman og svo er litavalið afleitt.



**VEL HEPPNUÐ** Keira Knightley klæddist Veru Wang kjól og var með gamalt Bulgari hálsmen við. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



**SELMA BLAIR** Hún var eins og gamaldags kvikmyndastjarna.



**MISCHA BARTON** The OC leikkonan var töff í svörtum og hvítum kjól.



**ZOOEY DESCHANEL** Þessi flotta leikkona mætti í Vanity Fair partíið eftir verðlaunin og var mjög töff í sætum kjól og svörtum sokkabuxum við. Eins og klippt út úr nýliðnum tískuvikum.

# LÍTIÐ UM TÍSKUSLYS

Kjólarnir voru með látlausara móti á 78.Óskarsverðlaunahátíðinni. Gyllti liturinn var töluvert áberandi í bland við ljósar rómantískar blúndur. Jessica Alba var í kjól sem minnti helst á Óskarsstyttuna sjálfa, Jennifer Lopez var eins og Dísa ljósálfur í grasgrænum síðkjól úr einhvers konar silkiefni og Michelle Williams bar af í ljóskarrýgulum síðkjól sem var sérlega fallega sniðinn. Allt of margar fóru hins vegar „öruggu leiðina" og klæddust svörtum síðkjólum. Sandra Bullock var ein af þeim, mætti í svörtum hlýralausum „prom-kjól" sem var lítið spennandi. Það sem bjargaði henni var þó sætu eplakinnarnar en hún gætti þess vel að spara ekki kinnalitinn. Það sama má segja um Jennifer Aniston sem var ósköp sæt en kjóllinn var allt of hefðbundinn.

Sú sem þótti alls ekki vera að gera það gott var Charlize Theron en kjóllinn hennar þótti minna á ljótan skúlptúr og á öxl hennar var stærðarinnar slaufa sem féll ekki í kram tískuspekúlanta. Í Vanity Fair-partíið mættu fleiri tískudrottningar og þar á meðal Selma Blair, sem var í fallegum gamaldags blúndukjól en keyrði yfirum með því að vera líka með gamaldags hárgreiðslu sem minnti of mikið á Ditu Von Teese, það er aldrei flott að herma. Einnig var þarna Mischa Barton sem var í svörtum og hvítum kjól sem var sennilega umdeildur. Madonna var ekkert flott í ljósbleikum stelpukjól og með sína hrikalegu vöðva en Zooey Deschanel var hins vegar ekkert að stressa sig á því að vera mjög fín og var í staðinn hrikalega töff í stuttum babydoll kjól og svörtum sokkabuxum og skóm.

martamaria@frettabladid.is og hilda@frettabladid.is



**REESE WITHERSPOON** Leikkonan hreppti Óskarinn í sínum flokki og var glæsileg í gömlum kjól úr smiðju Christian Dior.



**RACHEL WEISS** Var friskleg þrátt fyrir að vera komin sjö mánuði á leið.

**TÓK ENGA ÁHÆTTU** Jennifer Aniston hefur oft verið flottari.



**GULLI SLEGIN** Donatella Versace var óvenju glæsileg og notaði gyllta litinn á réttan máta, hæfilega mikið ekki of litið.

**RÓMANTÍSK** Uma Thurman klæddist kjól frá Versace.

**DÍSA LJÓSÁLFUR** Jennifer Lopez í „vintage"-kjól frá hönnuðinum Jean Desses. Kjóllinn er ógurlega vel sniðinn með fallegri áferð.

# Óvæntur árekstur á Óskarsverðlaunum

Það kom flestum í opna skjöldu að kvikmyndin Crash skyldi hreppa Óskarsverðlaunin sem besta myndin þegar þessi eftirsóttu verðlaun voru afhent í 78. skipti aðfaranótt mánudagsins. Almennt höfðu leikir sem lærðir veðjað á að Brokeback Mountain yrði fyrir valinu og umræðan um verðlaunin í Bandaríkjunum eftir þessa niðurstöðu hverfist meira og minna öll um það að Hollywood hafi hafnað samkynhneigðum, en eins og alþjóð veit fjallar myndin um ástarsamband tveggja kúreka.

### Óvenjujöfn dreifing

Ang Lee hreppti verðlaunin fyrir bestu leikstjórn fyrir Brokeback Mountain. Fyrir fram var talið að sú mynd myndi sópa að sér verðlaunum en aldrei þessu vant var enginn afgerandi sigurvegari og dreifing helstu verðlauna á milli mynda kom skemmtilega á óvart. Þannig fengu Memoirs of a Geisha, Brokeback Mountain, Crash og King Kong allar þrenn verðlaun. Memoirs of a Geisha var verðlaunuð fyrir búninga, kvikmyndatöku og listræna stjórnun. Brokeback Mountain fékk auk leikstjóraverðlaunanna styttur fyrir bestu tónlistina og besta handrit unnið upp úr áður útgefnu efni. Crash var sem fyrr segir valin besta myndin en hreppti einnig verðlaun fyrir klippingu og besta frumsamda handritið. Verðlaun King Kong voru fyrir tæknibrellur, hljóðblöndun og hljóðklippingu.



PHILIP SEYMOUR HOFFMAN OG REESE WITHERSPOON Fengu verðlaunin sem besti leikarinn og leikkonan, hann fyrir Capote og hún fyrir Walk the Line. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



ANG LEE Var vel að verðlaunum fyrir leikstjórn kominn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Spádómar rættust

Önnur verðlaun í helstu flokkum voru í takt við spádóma og þannig var Philip Seymour Hoffman verðlaunaður sem besti leikarinn í aðalhlutverki fyrir Capote og Reese Witherspoon fékk styttu sem besta leikkonan í aðalhlutverki fyrir frammistöðu sína í Walk the Line. Það er helst að það hafi komið á óvart að George Clooney skyldi hreppa verðlaunin sem besti leikarinn í aukahlutverki fyrir Syriana. Breska leikkonan Rachel Weisz fékk síðan Óskar sem besta leikkonan í aukahlutverki fyrir The Constant Gardener.



ROBERT ALTMAN Þessi aldni meistari fékk heiðursóskar fyrir framlag sitt til kvikmyndanna. Leikkonurnar Meryl Streep og Lily Tomlin afhentu honum styttuna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Írskt gamalmenni lagði það íslenska

Íslendingar fylgdust þó óvenjuspenntir með að þessu sinni þar sem stuttmyndin Síðasti bærinn eftir Rúnar Rúnarsson var tilnefnd í flokki leikinna stuttmynda. Það er síður en svo daglegt brauð að Íslendingar komist þetta langt en aðeins Friðrik Þór Friðriksson og Sjón hafa áður náð þessum merka áfanga. Síðasti bærinn hreppti þó ekki verðlaun þrátt fyrir að hafa ýmislegt með sér og varð undir í baráttunni við Six Shooter.

### Stewart skilaði sínu

Jon Stewart, stjórnandi The Daily Show, stóð sig þó vel í hlutverki kynnisins og stýrði framhjá forarpyttum óþærilegra leiðinda. Hann stendur vitaskuld í skugga Billy Crystal, sem hefur verið ástsælasti Óskarsverðlaunakynnirinn á síðari árum, en stenst samanburðinn betur en flestir forverar hans enda nýtur hann þess að nokkuð er liðið frá því Crystal tók verkið að sér síðast.

Stewart tók góða spretti og hitti í mark þegar hann sagði að Björk Guðmundsdóttir hefði ætlað að mæta en Dick Cheney, varaforseti Bandaríkjanna, hefði skotið hana þegar hún var að máta kjólinn sinn. Flestum ætti að vera það í fersku minni þegar Björk mætti í svanslíki þegar Dancer in the Dark keppti til verðlaunanna. Þá vakti það einnig lukku þegar Stewart skaut á George Clooney og sagði að hann endaði öll stefnumót sín á orðunum „góða nótt og gangi þér þér vel“.

thorarinn@frettabladid.is

## HELSTU VERÐLAUN

**BESTA MYND:**
Crash
**BESTI LEIKSTJÓRI:**
Ang Lee (Brokeback Mountain)
**BESTI LEIKARI Í AÐALHLUTVERKI:**
Philip Seymour Hoffman (Capote)
**BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI:**
Reese Witherspoon (Walk the Line)
**BESTI LEIKARI Í AUKAHLUTVERKI:**
George Clooney (Syriana)
**BESTA LEIKKONA Í AUKAHLUTVERKI:**
Rachel Weisz (The Constant Gardener)
**BESTA FRUMSAMDA HANDRIT:**
Crash
**BESTA HANDRIT BYGGT Á ÁÐUR BIRTU EFNI:**
Brokeback Mountain
**BESTA TEIKNIMYND:**
Wallace & Gromit - The Curse of the Were-Rabbit
**BESTA HEIMILDARMYND:**
March of the Penguins
**BESTU TÆKNIBRELLUR:**
King Kong
**BESTA KVIKMYNDATAKA:**
Memoirs of a Geisha
**BESTA ERLENDA MYND:**
Tsotsi (Suður-Afríka)





ÚTSÖLUSTAÐIR SLOGGITILBOÐ MAXI:

HAGKAUP SMÁRALIND
HAGKAUP SKEIFUNNI
HAGKAUP KRINGLUNNI
HAGKAUP SPÖNGINNI
HAGKAUP GARÐABÆ
HAGKAUP EIÐSTORGI
HAGKAUP AKUREYRI
NETTÓ, AKUREYRI
NETTO, MJÓDD
NETTÓ, AKRANESI
NÓATUN SELFOSSI
FJARÐARKAUP HAFNAFIRÐI
ÚRVAL NJARÐVÍK
ÚRVAL HAFNAFIRÐI
ÚRVAL EIGILSSTÖÐUM
ÚRVAL HRÍSALUNDI
ÚRVAL HÚSAVÍK
ÚRVAL DALVIK
ÚRVAL ÓLAFSFIRÐI
ÚRVAL ÍSAFIRÐI
ÚRVAL SIGLUFIRÐI
ÚRVAL BORGARNESI
ÚRVAL, BLÖNDUÓSI
STRAX, FÁSKRÚÐSFIRÐI
KAUPFÉLAG V-HÚNV.
AG V-HÚN HVAMMST.
KAUPFÉLAG SKAGF.
SAUÐÁRKR. KAUPFÉLAG
STEINGRÍMSFJARÐAR,
HÓLMAV.
KAUPFÉLAG STEINGRÍMFJAR.
DRANGSN.
LÆKURINN NESKAUPSTAÐ
EFNALAUG DÓRU, HÖFN
HEIMAHORNIÐ,
STYKKISHÓLMI
LYFJA, PATRÓ.
PALOMA GRINDAVIK
FATABÚÐIN ÍSAFIRÐI
VERSLUNN RANGÁ, SKIPAS.
56
H-SEL LAUGAVATNI
ÞÍN VERSLUN, SELJABRAUT
RVK.
PLÚS MARKAÐURINN,
HÁTÚNI 106
GAMLA BÚÐIN, HVOLSVELLI
DALAKJÖR BÚÐARDAL
KASSINN ÓLAFSVÍK
RAFLOST, DJÚPAVOGI
BJARNI EIRÍKS, BOLUNGARVÍK
EINAR ÓLAFSS, AKRANESI
KRÓNAN REYÐARFIRÐI
KRÓNAN BÍLDSHÖFÐA
KRÓNAN SELFOSSI
KRÓNAN JAFNASELI
KRÓNAN HVALEYRARBRAUT
KRÓNAN LÁGHOLTSVEGI
KRÓNAN SKEIFUNNI
KRÓNAN MOSÓ
KRÓNAN VESTMANNAEYJUM
KJARVAL KLAUSTUR
KJARVAL VÍK
KJARVAL HVOLSVELLI
KJARVAL HELLU
11.11 HÖFN
EFNALAUG VOPNAFJARÐAR




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| PINK PANTHER | kl. 3.45, 5.50, 8 og 10.10 |
| CONTANT GARDENER | kl. 8 og 10.45 B.I. 16 ÁRA |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.40 og 5.50 |
| UNDERWORLD | kl. 8 B.I. 16 ÁRA SÍÐUSTU SÝNINGAR |
| ZATHURA m/íslensku tali | kl. 3.40 og 5.50 B.I. 10 ÁRA |
| ZATHURA m/ensku tali | kl. 5.50 B.I. 10 ÁRA SÍÐUSTU SÝNINGAR |
| WALK THE LINE | kl. 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| SÝND Í Í LÚXUS | kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| FUN WITH DICK AND JANE | kl. 3.40 og 10.10 SÍÐUSTU SÝNINGAR |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| CAPOTE | kl. 5.30, 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| TRANSAMERICA | kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 14 ÁRA |
| WALK THE LINE | kl. 6 og 9 B.I. 12 ÁRA |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 6 og 9 B.I. 12 ÁRA |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| PINK PANTHER | kl. 6, 8 og 10 |
| NANNY MCPHEE | kl. 6 |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 8 B.I. 12 ÁRA |
| CONSTANT GARDENER | kl. 10.25 B.I. 16 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað




# Spilar á Hróarskeldu

Hljómsveitin Guns N´ Roses mun spila á Hróarskelduhátíðinni í Danmörku í sumar. Lítið hefur heyrst til sveitarinnar á undanförnum árum en talið er að hún muni gefa út hina langþráðu plötu Chinese Democracy á næstunni. Guns N´ Roses ætlaði að spila á Hróarskeldu 2001 en hætti við.


**AXL ROSE** Söngvari Guns N´Roses mætir til leiks á Hróarskelduhátíðina í ár. MYND/REUTERS

Aðrir listamenn sem hafa boðað komu sína á hátíðina í ár eru Sigur Rós, Franz Ferdinand, Tool, Kanye West, Deftones, Morrissey, Placebo, Roger Waters og The Streets.




# Illgresi í Afríku

**KVIKMYNDIR**

**[UMFJÖLLUN]**

Kvikmyndin The Constant Gardener byggir á samnefndri skáldsögu John Le Carré og fjallar um hjónin Justin og Tessu Quayle (Fiennes og Weisz) sem búa í Kenýa. Þau eru ólíkt par - jafnvel ólíklegt; Justin er góðhjartaður og dagfarsprúður erindreki bresku utanríkisþjónustunnar og hefur yndi af garðyrkju. Tessa er hins vegar skapheitur róttæklingur sem ekkert aumt má sjá.

Þegar Tessa finnst myrt á ferðalagi um óbyggðir Kenýa bendir margt til þess að samferðamaður hennar og hugsanlegur ástmaður hafi verið að verki. Justin telur hins vegar að ekki séu öll kurl komin til grafar og byrjar að rannsaka morðið upp á eigin spýtur. Eftir því sem hann hættir sér lengra kemst hann að því að hann er sjálfur í lífshættu og flæktur í vef spillingar þar sem hagsmunir stórra lyfjafyrirtækja og háttsettra manna í breska stjórnkerfinu eru að veði.

Þetta er fyrsta mynd brasilíska leikstjórans Fernando Meirelles á ensku, en hann vakti rækilega athygli fyrir hina eftirminnilegu Borg Guðs fyrir nokkrum árum. Báðar eiga þessar myndir það sameiginlegt að gerast í gróðrarstíu örbirgðar og ömurleika. The Constant Gardener er löng mynd og framvindan að mörgu leyti hæg; hún hefst á morðinu en dágóðum kafla er varið í nauðsynlegt endurlit til að bregða birtu á forsögu málsins. Sagan er hins vegar hlaðin og spennan magnast upp eftir því sem á líður. Meirelles beitir líka ýmsum meðulum til að keyra söguna áfram, til dæmis hröðum klippingum, og sér til þess að sagan haldi alltaf dampi.

Í leikhópnum er valinn maður í hverju rúmi. Þótt Ralph Fiennes sé fjölhæfur leikari er hann í essinu sínu sem settleg séntilmenni á borð við breska erindrekann. Það er ekki allra að ljá slíkum persónum dýpt en Fiennes fer létt með



**THE CONSTANT GARDENER**

LEIKSTJÓRI: FERNANDO MEIRELLES

**Aðalhlutverk:** Ralph Fiennes, Rachel Weisz, Danny Huston og Bill Nighy.
**Niðurstaða:** Þrátt fyrir hæga framvindu heldur The Constant Gardener alltaf dampi. Fernando Meirelles hefur gert spennandi og kraftmikla mynd sem er til þess fallin að vekja áhorfendur til umhugsunar.

það. Rachel Weisz er yndisleg sem Tessa - réttlætiskenndin uppmáluð með tilheyrandi ákaflyndi - og vel að Óskarsverðlaununum komin. Danny Huston er sérlega ógeðfelldur í hlutverki sínu sem möppudýr sem horfir í þá átt sem því er skipað og Bill Nighy er dæmigerður Bill Nighy, sem er alls ekki slæmt í sjálfu sér.

Þá er tilkomumikið landslag Kenýa nýtt út í ystu æsar, án þess að farið sé yfir strikið. Dregin er upp mynd af landi hrikalegra andstæðna, þar sem morðgátan er aðeins eitt af nokkrum leiðarstefjum, því The Constant Gardener er ekki síst pólitísk ástandslýsing á afskiptum heimi. Myndin lýsir vondri og andstyggilegri veröld þar sem mannslíf mega missa sín fyrir rétta - þó endilega ekki háa - upphæð; þjökuðum heimshluta sem á sér fáa áhrifamikla málsvara nema kannski velmeinandi, en sinnulausa, diplómata á borð við Justin Quayle.

Meirelles hefur tekist að búa til áhrifa- og kraftmikla mynd með hægum en öruggum stíganda. Hann stígur sem betur fer aldrei í predikunarstólinn en engu að síður vekur hann áhorfandann rækilega til umhugsunar.

**Bergsteinn Sigurðsson**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

David Beckham sagðist í götublaðinu The Sun finna fyrir nærveru yfirnáttúrulegs krafts. Fyrirliði enska landsliðsins í knattspyrnu finnur fyrir einhverju afli sem fylgist með hverju skrefi jarðarbúa. „Þessi tilfinning veitir mér stuðning," sagði Beckham og dásamaði líferni knattspyrnumannsins. „Ég er mjög þakklátur því líf atvinnumannsins er það besta og fallegasta sem til er," útskýrði hann. Beckham-hjónin eru sögð vera ákafir fylgjendur Kabbalah-safnaðarins og deila þeim áhuga með poppdrottningunum Madonnu og Britney Spears.



Pete Doherty er enn og aftur kominn í meðferð. Nú er það reyndar ekki vegna fíkniefnamála heldur segir The Sun söngvarann þjást af þunglyndi. Doherty hefur ekki átt sjö dagana sæla en gula pressan tók fantatökum eftir nokkur velvalin mistök. Snerist breska þjóðin gegn Doherty eftir að hann skildi Kate Moss eftir í vondum málum þegar blöðin birtu myndir af henni með kókaín. Doherty mætir í tíma hjá Homerton-spítalanum og segist The Sun hafa heimildir fyrir því að hann kenni ströngu uppeldi föður síns um öll sín mistök en sá er foringi í breska hernum.



Tom Hanks, Bono og Brad Pitt eru meðal þeirra stjarna sem ætla að veita baráttunni gegn alnæmi stuðning. Ætla stjörnurnar að klæðast hvítu fyrir nýja heimasíðu sem hleypt verður af stokkunum undir nafninu one.org. Nafngiftin er varla tilviljun því írsku risarnir í U2 sungu samnefnt lag um sjúkdóminn sem flestir héldu vafalaust að væri ljúfsár ástarballaða. Stjörnurnar smella fingrum á þriggja sekúndna fresti en þá deyr einhver úr alnæmi.



Tilboðsverð 12.999 kr.



Fljótvirkasti miðaprentarinn

- Miðar á bréf, pakka, bréfabindi o.fl.
- Á CD/DVD diska, miðar úr plasti
- Prentar miða úr Word-, Excel- og Outlook
- Prentar merkiborða bæði á pappír og plast, stærðir eftir vali, allt að eins meters langa
- Allt að 62mm breidd
- 50 miðar á mínútu*
- USB tenging
- Windows hugbúnaður
- Sjálfvirk klipping
- Heilar lengjur eða staðlaðar

*Staðlaðir póstfangamiðar

Umboðsaðili:
Rafport
Nýbýlavegi 14, Kópavogi. Sími 554 4443. Fax 554 4102.
rafport@rafport.is www.rafport.is
Umboðsmenn um land allt

brother At your side. QL-550

Augl. Þórhildar 1390.43




| | | |
|---|---|---|
| SYRIANA | KL. 6-8-10:40 | B.I. 16 |
| SYRIANA VIP | KL. 4:45-8-10:40 | |
| BLÓÐBÖND | KL. 4-6-8-10:10 | |
| CASANOVA | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | |
| NORTH COUNTRY | KL. 8 | B.I. 12 |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 4-6 | |
| DERAILED | KL. 10:40 | B.I. 16 |
| MUNICH | KL. 9 | B.I. 16 |
| OLIVER TWIST | KL. 3:30 | B.I. 12 |
| KING KONG | KL. 4 | B.I. 12 |

ÁLFABAKKI S: 587-8900




| | | |
|---|---|---|
| UNDERWORLD 2 | KL. 8-10:10 | B.I. 16 |
| CASANOVA | KL. 8-10:10 | |

| | |
|---|---|
| BLÓÐBÖND | KL. 6-8-10 |
| PRIDE & PREJUDICE | KL. 5:45-8-10:15 |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 6 |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170




| | | |
|---|---|---|
| THE PINK PANTHER | KL. 6-8-10:10 | |
| BLÓÐBÖND | KL. 6-8-10:10 | |
| UNDERWORLD 2 | KL. 10:30 | B.I. 16 |
| DERAILED | KL. 8:15 | B.I. 16 |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 6 | |

KRINGLAN S: 588-0800




| | | |
|---|---|---|
| SYRIANA | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 6-8-10 | |
| CASANOVA | KL. 8:10-10:30 | |
| NORTH COUNTRY | KL. 5:40 | B.I. 12 |
| MUNICH | KL. 5:50-9 | B.I. 16 |
| PRIDE & PREJUDICE | KL. 5:45-8:15 | |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


## FRÉTTIR AF FÓLKI



Hin breska Jade Goody hefur ákveðnar skoðanir á leikkonunni Keiru Knightley og skrifaði nýlega í blaðapistli að brjóstin á Knightley væru eins og tvær aspirínt-öflur á strauborði. „Hún er alveg hrikalega flatbrjósta en ætli hún sé ekki flottust þannig. Mér finnst ekki að hún ætti að láta stækka þau því hún liti örugglega furðulega út með stór brjóst," sagði Goody.



Sienna Miller virðist hafa algjörlega slitið samskiptum við Jude Law en hún skilaði honum nýlega hundunum sem hann gaf henni í fyrra. Hundarnir heita Porgy og Bess en þau kölluðu þá börnin sín. Sienna lét barnfóstru Jude fá hvolpana og sagðist vera of upptekin til að geta séð um þá. „Fóstran vissi ekki hvað hún átti að gera en gat ekki annað en tekið hundana inn," sagði heimildarmaður.



Britney Spears fór með fimm mánaða gamlan son sinn til Hawaii nýlega. Hún dvaldi á Maui, sem er eftirlætiseyjan hennar, og núna langar hana að kaupa þar hús. „Maui er einn af uppáhaldsstöðum Britney í heiminum og hún vonar að það hafi góð áhrif á samband hennar og Kevins," sagði heimildarmaður tímaritsins The Sun.

George Clooney segist vera vonlaus í samböndum. „Mér hefur mistekist hrapallega í öllum samböndum. Það er alltaf ég sem er vandamálið. Ég er ekki maður í að skrifa bækur um sambönd - Hvernig á að deita - eftir George Clooney," sagði leikarinn og hló. „Ég ætti að halda mig við að leikstýra, það hentar mér betur."






FIXONI

Barnafatadagar í Fjarðarkaupum

FK FJARÐARKAUP



## Hannes í formanninn

Hannes Sigurbjörn Jónsson, varaformaður KKÍ, hefur ákveðið að bjóða sig fram í formannskjöri sambandsins á næsta ársþingi en Ólafur Rafnsson hyggst láta af störfum þar sem hann ætlar í forsetaframboð hjá ÍSÍ. Hannes er eini frambjóðandinn enn sem komið er.

# sport

sport@frettabladid.is

BIKARMEISTARAR VALS: LANDLAUST LIÐ SEM ÆFIR ÚTI UM ALLA BORG

# *Þýðir ekkert að væla yfir þessu*



Bikarmeistarar Vals í knattspyrnu eiga ekki sjö dagana sæla þessa dagana. Liðið er landlaust sökum byggingarframkvæmda á Valssvæðinu og þess vegna þarf liðið að leita að æfingasvæðum út um alla borg og jafnvel hjá félögum sem Valur er í beinni samkeppni við. Æfingavikan hjá Val er því ansi skrautleg en hún byrjar klukkan 6.30 á mánudagsmorgnum í líkamsræktarstöðinni Hreyfingu. Síðar um kvöldið er æft á félagssvæði Fram.

Á þriðjudögum er „miðnæturæfing“ í Egilshöll sem byrjar klukkan hálftíu og leikmenn eru því að skila sér heim um miðnæturleytið. Sökum þess hversu seint þessi æfing er þá er gefið frí á miðvikudeginum en klukkan 6.30 á fimmtudagsmorgun er aftur æfing í Hreyfingu.

Rétt eins og á mánudögum fylgir kvöldæfing í kjölfarið en hún fer fram á KR-velli. Á föstudögum er hvíld og svo er æfing á laugardegi.

„Svona er bara landslagið hjá okkur og mér dettur ekki í hug að væla yfir þessu. Menn hafa lent í öðru eins, og við tökum því sem að höndum ber,“ sagði harðjaxlinn Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, sem sagðist hafa lent í álíka ástandi þegar hann var með Þrótt á sínum tíma og félagið flutti upp í Laugardal.

Það segir sig sjálft að slíkur undirbúningur er enginn draumur fyrir þjálfara enda æfingaálagið mjög dreift. „Við mætum tilbúnir til leiks sama hvernig undirbúningurinn verður,“ sagði Willum Þór, sem er nokkuð bjartsýnn á að endurheimta Garðar Gunnlaugsson fyrir sumarið en hann fór sem kunnugt er til Skotlands þar sem hann er á mála hjá Dunfermline.

## > Gunnar Þór hjá Lyn

Gunnar Þór Gunnarsson, vinstri bakvörðurinn hjá Fram, er staddur hjá norska úrvalsdeildarliðinu Lyn þar sem hann verður til reynslu út vikuna. Gunnar Þór fór til Noregs á sunnudaginn eftir að félagið lýsti yfir áhuga á að skoða leikmanninn betur. Þetta er í annað sinn á skömmum tíma sem Gunnar Þór fer til reynslu til liðs á Norðurlöndunum en áður hafði hann verið hjá Öster í Svíþjóð. Öster gerði í kjölfarið tilboð í Gunnar Þór sem forráðamenn Fram höfnuðu á þeim forsendum að tilboðið hefði verið „hlægilega lágt“.





Í BARÁTTU VIÐ LIONEL RITCHIE Danielle Lloyd er eftirsótt af Teddy Sheringham og söngvaranum Lionel Ritchie. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Teddy Sheringham:

## Á eftir ungfrú Bretlandi

**FÓTBOLTI** Hin fertuga markamaskína Teddy Sheringham er ekki dauð úr öllum æðum. Þrátt fyrir háan aldur er hann að leika vel fyrir West Ham og er búinn að framlengja samning sinn við félagið um eitt ár. Hann lætur einnig til sín taka utan vallar þar sem hann reynir stíft við Ungfrú Bretland þessa dagana.

Sheringham var dómari í fegurðarsamkeppninni og hefur sést á stefnumótum með hinni 22 ára gömlu Danielle Lloyd síðan en hann lét strax til skarar skríða eftir keppnina. - hbg



ÓLÆTI Mourinho og Robson lendir saman. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Chelsea og WBA:

## Klöguð til aganefndar

**FÓTBOLTI** Mark Halsey, dómari leiks Chelsea og WBA, hefur klagað bæði félög til enska knattspyrnusambandsins vegna atvika í leik liðanna um helgina.

Halsey segir leikmenn Chelsea hafa veist að sér, Mourinho hafa hegðað sér ósæmilega á hliðarlínunni og liðið hafi mætt of seint til leiks í síðari hálfleik. WBA er klagað vegna slæmrar hegðunar Bryans Robson, stjóra WBA, en það sló í brýnu á milli Mourinhos og Robsons á hliðarlínunni og mátti litlu muna að upp úr syði. - hbg

# Laug til um þyngdina

**Sverrir Björnsson kom til landsins síðasta sumar allt of þungur og í engu formi. Með vilja og dugnaði hefur hann komið sér í form og það er ekki síst frábærum varnarleik hans að þakka að Fram situr í öðru sæti DHL-deildarinnar.**

**HANDBOLTI** Spútniklið vetrarins í handboltanum er án nokkurs vafa Fram. Þetta unga og skemmtilega lið hefur blómstrað undir stjórn Guðmundar Guðmundssonar í sumar og hefur verið hreint frábært að fylgjast með framförunum sem margir leikmanna liðsins hafa tekið undir hans stjórn. Liðið hefur sýnt undanfarið að það mun berjast um Íslandsmeistaratitilinn allt til enda mótsins en þeir voru ekki margir sem höfðu trú á því fyrir veturinn. Liðið er á toppnum sem stendur og hefur því örlögin í eigin hendi.

Ein af stjörnum liðsins er Akureyringurinn Sverrir Björnsson sem hefur bundið vörn Fram-liðsins saman með miklum myndarbrag og séð til þess að liðið saknar fyrirliða síns frá síðustu leiktíð, Guðlaugs Arnarssonar, minna en ella. Sverrir hafði lítið leikið handbolta í tæp þrjú ár þar sem hann var nánast meiddur allt síðasta árið sitt áður en hann hélt utan til Danmerkur og síðar Bandaríkjanna í nám. Hann ætlaði sér í fyrstu að spila samhliða námi í Danmörku en ekkert varð af því. „Hungrið var einfaldlega ekki til staðar lengur. Það var líka ágætt að sjá að það var líf eftir boltann og ég kunni því ágætlega,“ sagði Sverrir léttur en hann fór aftur að sprikla er hann kom til Bandaríkjanna, eins fáranlega og það nú hljómar.

„Ég var hluti af 25 manna hópi sem æfði einu sinni til tvisvar í viku. Þetta voru meira og minna Evrópubúar sem höfðu kynnst handbolta og höfðu gaman af því að leika sér. Þetta voru nú engir snillingar en samt mjög skemmtilegt að spila með þeim,“ sagði Sverrir, sem var búsettur í Boston. Álíka hópar frá New York og New Jersey voru einnig að æfa og liðin hittust síðan reglulega og spiluðu „túrneringu“ yfir helgi.

Sverrir kom síðan heim til Íslands á ný síðasta sumar og var þá hvorki í góðu líkamlegu formi né leikformi. Hann missti af öllu undirbúningstímabilinu þar sem hann byrjaði ekki að æfa fyrr en í september og varð því að spýta vel í lófana.



LYKILMENN FAGNA Sverrir fagnar hér með markverðinum Egidijus Petkevicius en þessir fyrrverandi leikmenn KA hafa farið mikinn með Fram í vetur. Sverrir hefur bundið vörnina saman og Petkevicius varið vel fyrir aftan hana. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„KA vildi líka fá mig en svo fékk ég fína vinnu í Íslandsbanka og ákvað því að vera í bænum. Ég frétti af því að Guðmundur hefði áhuga á að fá mig til Fram, sem kom mér reyndar svolítið á óvart. Í kjölfarið vaknaði verulegur áhugi á að byrja aftur af fullum krafti,“ sagði Sverrir, sem byrjaði að hreyfa sig yfir sumarið þannig að hann var ekki alveg á byrjunarreit í september.

„Það kom samt skemmtilegt atvik fyrir fljótlega eftir að ég byrjaði. Þá var sendur póstur til mín þar sem var beðið um persónulegar upplýsingar. Ég laug þá því hvað ég væri þungur og munaði alveg rúmum tug á þeirri tölu sem ég gaf upp og þeirri sem var raunveruleg,“ sagði Sverrir og hló dátt enda komin í gott form í dag.

Sverrir lék við góðan orðstír hjá KA og Aftureldingu áður en hann fór út. Þá ekki síður sem sóknarmaður en sem varnarmaður en hjá Fram hafa tækifærin í sóknarleiknum verið af skornum skammti. Hann hefur leikið þeim mun betur í vörninni og kvartar ekki yfir hlutskipti sínu.

„Ég er mjög sáttur enda finnst mér mjög gaman að taka á því í vörninni. Ég hef líka ábyrgðarhlutverk í vörninni sem ég kann vel við. Það er gaman að því að Guðmundur skuli bera traust til mín og ég hef gert mitt besta til að endurgjalda traustið,“ sagði Sverrir, sem hefur fulla trú á því að Fram geti farið alla leið. „Það hafa allir gaman af því sem við erum að gera og við trúum því að við getum lagt hvaða lið sem er. Það er ekkert leyndarmál að við stefnum á titilinn úr því sem komið er.“

henry@frettabladid.is

## ÚR SPORTINU

Raul Bravo, varnarmaður Real Madrid, kveðst hafa fengið það hlutverk að stöðva Thierry Henry hjá Arsenal í leik liðanna á miðvikudaginn. Henry fór afar illa með varnarmenn Real í fyrri leiknum, en þá spilaði Bravo ekki eins og það hefur reyndast oftar verið í vetur. En þjálfarinn Juan Ramon Lopez Caro telur að Bravo búi yfir hraðanum sem varnarmenn þurfa að hafa til að hafa eitthvað í Henry að gera. „Ég er mjög þakklátur fyrir það traust sem hann sýnir mér og ætla að launa honum það með því að spila vel.“



Brasilíski sóknarmaðurinn Ronaldo kemur aftur inn í leikmannahópinn hjá Real eftir að hafa verið skilinn eftir í kuldanum gegn Atletico Madrid í spænsku deildinni á laugardag fyrir að leggja sig ekki nægilega fram. Ronaldo fær nú annað tækifæri og mun Fernando Martin, nýr forseti Real, vonast til þess að þessi aðvörun til Brasilúmannsins verði til þess að hann skori mörk gegn Arsenal.

Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, segir að Benfica hafi ekkert sýnt í fyrri leik liðanna í sextánliða úrslitum Meistaradeildarinnar sem Liverpool muni ekki ráða við á Anfield. Gerrard er sigurviss fyrir síðari leikinn á miðvikudaginn og segir að andrúmsloftið á leikvanginum muni verða leikmönnum Benfica um megn. „Við höfum verið að spila vel að undanförnu og með hjálp áhorfenda er ég viss um að við förum áfram.“



Robbie Fowler, sóknarmaður Liverpool, segist ætla að skora í leiknum gegn Benfica, en það hefur ekki gerst síðan hann kom aftur til liðsins frá Man. City í lok janúar. „Heppnin hlýtur að fara að falla með mér og öðrum framherjum liðsins og ég vona að það verði á miðvikudaginn,“ sagði Fowler í gær.



Lyon á við mikil meiðslavandræði að stríða fyrir síðari leikinn gegn PSV í kvöld og er allt útlit fyrir að fjórir fastamenn verði frá, en liðið spilar á heimavelli í kvöld eftir 1-0 sigur í Hollandi í fyrri leiknum.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

4 5 6 **7** 8 9 10

**Þriðjudagur**

### LEIKIR

- 19.15 **Valur** og **HK** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 20.00 **Fram** og **Stjarnan** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta.

### SJÓNVARP

- 19.00 **Upphitun með Guðna Bergs** á Sýn.
- 19.30 **Barcelona-Chelsea** á Sýn. Juventus-W. Bremen á Sýn Extra og Villarreal-Rangers á Sýn Extra2.
- 21.35 **Meistaramörk** á Sýn.

Ekkert gerst í málefnum aðstoðarlandsliðsþjálfara í handbolta:

# Ekki fastráðinn aðstoðarmaður?

**HANDBOLTI** Ekki liggur enn fyrir hver verður ráðinn aðstoðarlandsliðsþjálfari með Alfreð Gíslasyni. Reyndar er enn á huldu hvort það verði ráðinn aðstoðarlandsliðsþjálfari yfir höfuð og að því er Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, segir kemur vel til greina að ráða einstakling í hvert verkefni fyrir sig. Þar af leiðandi er líklegt að maður verði ráðinn eingöngu til að aðstoða Alfreð í leikjunum gegn Svíum. Eftir þá leiki yrði framhaldið skoðað á ný.



GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON Aðstoðar hann vin sinn Alfreð?

Nöfn þeirra Geirs Sveinssonar, Dags Sigurðssonar og Guðmundar Guðmundssonar hafa helst verið nefnd í þessu sambandi. Margir telja líklegt að Guðmundur Guðmundssonar, fyrrum landsliðsþjálfari og núverandi þjálfari Fram, komi til með að vera við hlið Alfreðs í Globenhöllinni 11. júní næstkomandi en Guðmundur sagði við Fréttablaðið í gær að slík beiðni hefði ekki borist til hans. Ef hún kæmi væri alls óvíst hvað hann segði. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er málið á algjöru byrjunarstigi og frétta ekki að vænta á næstu dögum. - hbg

Mick McCarthy:

## Rekinn frá Sunderland

**FÓTBOLTI** Hið óumflýjanlega átti sér stað í gær þegar Sunderland rak stjórann sinn, Mick McCarthy, úr starfi en hann hefur stýrt liðinu í þrjú ár.

Hvorki hefur gengið né rekið hjá liðinu í vetur, það er langneðst í úrvalsdeildinni og svo gott sem fallið. Sunderland mun ráða bráðabirgðastjóra út tímabilið en framtíðarstjóri verður ráðinn í sumar. - hbg

Jose Mourinho er hataður af stuðningsmönnum Barcelona:

# Hrækt að Mourinho á flugvellinum

**FÓTBOLTI** Jose Mourinho og lærisveinar hans hjá Chelsa fengu óblíðar móttökur frá stuðningsmönnum Barcelona þegar þeir mættu til borgarinnar í gærmorgun. Mourinho varð fyrir aðkasti frá fjölmörgum blóðheitum stuðningsmönnum Barca sem samankomnir voru á flugvellinum og kölluðu þeir hann öllum illum nöfnum.

Mourinho brást við með því að glotta til stuðningsmannana og klappa fyrir þeim, með þeim afleiðingum að allt var við það að sjóða upp úr. Hrækt var á rútu liðsins en hún komst þó undan áður en illa fór.

„Þetta var rosalegt. En Mourinho haggaðist ekki og gat í raun ekki verið meira sama um þessi hróp og þessar hrákur,“ sagði myndatökumaður frá Chelsea-sjónvarpsstöðinni sem varð vitni að uppákomunni.

Mourinho sjálfur segir lítið mál að höndla svona uppákomur. „Ég fer fyrstur út úr flugstöðinni og tek svona á mig. Það er mitt hlutverk og ég er maður til að mæta svona aðstæðum,“ sagði Mourinho.

Ef Chelsea ætlar áfram í keppninni þarf liðið á sigri að halda í kvöld auk þess sem það þarf að skora í það minnsta tvö mörk, en fyrri leiknum lauk með 2-1 sigri Barcelona á Stamford Bridge. Mjög líklegt er að Eiður Smári Guðjohnsen verði í byrjunarliði Chelsea en Michael Essien er í leikbanni auk þess sem Frank Lampard er tæpur þó svo að mjög líklegt sé að hann spili.

„Við höfum allir óbilandi trú á því að við getum komist áfram. Ég er handviss um að við skorum og ef við náum því snemma held ég að leikmenn Barcelona fari á taugum. Þetta er langt frá því að vera búið,“ segir Claude Makelele, miðjumaður Chelsea. Félagi hans Hernan Crespo er ekki jafn bjartsýnn og segir liðið einfaldlega þurfa á kraftaverki að halda. „Barcelona er mun líklegra, en liðið hefur tapað á heimavelli í vetur og getur vel gert það aftur. Við þurfum að trúa á sjálfa okkur og trúa því að við getum framkallað kraftaverk,“ segir Crespo. - vig



**Á ÆFINGU Í GÆR** Leikmenn Chelsea bregða á leik á Nou Camp í gær. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



**LEIKARASKAPUR?** Hér sést brotið sem skipti sköpum í fyrri leiknum fyrir tveimur vikum. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Lionel Messi:

## Ætlar að þagga í Mourinho

**FÓTBOLTI** Lionel Messi, Argentínumaðurinn ungi í liði Barcelona sem stal senunni í fyrri leik liðanna í Meistaradeildinni fyrir tveimur vikum, segist ætla að þagga niður í Jose Mourinho, stjóra Chelsea, í eitt skipti fyrir öll í leiknum í kvöld. Mourinho sakaði Messi um leikaraskap þegar Asier Del Horno var rekinn af velli í fyrri leiknum en Messi hefur síðan þvertekið fyrir það.

„Ég vill spila minn besta leik á ferlinum og þagga niður í Mourinho og leikmönnum hans í eitt skipti fyrir öll,“ sagði Messi í gær og sparaði ekki yfirlýsingarnar. „Þeir segja að ég sé leikari. Þeir hafa rangt fyrir sér. Ég er atvinnumaður í fótbolta en ekki leikari. Hann hefði vitað hið sanna ef hann hefði séð marblettina á fótunum á mér eftir fyrri leikinn,“ bætti Messi við.

Deco, samherji Messi hjá Barcelona, segir persónu Mourinho umbreytast fyrir stórleiki á borð við þann í kvöld, en Deco lék undir stjórn hans hjá Porto fyrir tveimur árum. „Hann er ekki þessi miskunnarlausi og hrokafulli maður á æfingasvæðinu. En þetta er hans aðferð við að koma andstæðingunum úr jafnvægi og hann á fullan rétt á henni. Þetta er hluti af undirbúningnum,“ segir Deco. - vig

Frank Rijkaard, stjóri Barca:

## Biður um frið

**FÓTBOLTI** Frank Rijkaard, knattspyrnustjóri Barcelona, hefur biðlað til stuðningsmanna félagsins um að sýna stillingu og frið á meðan leik liðsins við Chelsea stendur yfir í kvöld. Þá segir hann að sýna eigi Jose Mourinho virðingu eftir að hafa stigið sín fyrstu skref sem þjálfari hjá Barcelona.

„Móttökurnar sem hann fékk á flugvellinum voru ekki góðar. Ég vona að þeir sem stóðu að þessari uppákomu sjái að sér og bjóði Mourinho og leikmenn hans velkomna í leikinn með dynjandi lófaklappi,“ segir Rijkaard. - vig

Wigan og Man. Utd.:

## Sjálfsmark á síðustu stundu

**FÓTBOLTI** Manchester United komst í 2. sæti ensku úrvalsdeildarinnar í gærkvöldi eftir 2-1 sigur gegn Wigan á útivelli. Slysalegt sjálfsmark frá Pascal Chimbonda á 92. mínútu tryggði Man. Utd. sigurinn en liðið var annars stálheppið að tapa ekki í gær því heimamenn í Wigan voru mun betri aðilinn í leiknum. Man. Utd. er nú tveimur stigum á undan Liverpool sem er í þriðja sætinu.

Austurríski varnarmaðurinn Paul Scharner kom heimamönnum yfir á 59. mínútu eftir hornspyrnu en Portúgalinn Cristiano Ronaldo jafnaði metin tæpum stundarfjórðungi síðar eftir að hafa fengið sendingu frá Ruud van Nistelrooy, en hann byrjaði á varamannabekknum í gær - rétt eins og í úrslitaleik deildabikarsins fyrir skemmstu. Sjálfsmark frá Pascal Chimbonda réð svo úrslitum en þá fékk hann skot frá Louis Saha í sig á markteig. - vig



## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Fluoridation is the most monstrously conceived and dangerous communist plot we have ever had to face.“**

Svar: Gen. Jack D. Ripper úr kvikmyndinni Dr. Strangelove or: How I Learned to Stop Worrying and Love the Bomb frá árinu 1964.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ: BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR FAGNAR TÍSKUÞÆTTI Á RÚV.**

## *Survivor tískunnar*

Loksins loksins, þökk sé Ríkisútvarpinu er þátturinn Project Runway kominn til Íslands. Gjörsamlega allir tískuþælarar úti í heimi eru að missa sig yfir þessum þætti og ég hef lesið ófá kommentin á mörgum tískubloggum netsins. Var orðin hálf vonlítil um að þátturinn myndi ná til Íslands en hoppaði hæð mína í síðustu viku þegar ég sá hann á dagskránni. Þarna keppast ungir fatahönnuðir við að hanna sem fallegastar flíkur og halda sér í þættinum. Survivor tískunnar. Miðvikudagar eru nýju uppáhaldsdagarnir mínir og fyrsti þátturinn lofaði aldeilis góðu.

Þá var hópurinn sendur út í matvörubúð og mátti einungis nota efni þaðan í að skapa partíkjól. Útkoman var misjafnlega kræsileg. Nammikjóllinn vakti ekki mikla hrifningu dómnefndarinnar á meðan diskamottukjóllinn og maíshýðiskjóllinn vöktu mikla lukku. Og já, á meðan ég man þá var Patricia Field gestadómari í fyrsta þættinum. Patricia Field sem skapaði stíl Carrie Bradshaw og vinkvenna í Sex and the City! Ég réði mér ekki fyrir kæti. Ég er hálfpartinn leið yfir því að hún verði ekki í hverjum einasta þætti með sitt logandi rauða hár og sína rámu rödd.

Krúttlegi homminn hann Austin fór hrikalega í taugarnar á mér í byrjun þáttarins en vann á og varð dúllulegur undir lokin þegar maíshýðið hans hafði þornað og kjóllinn gjörbreyttist. Dómnefndin var þó sátt við þá áhættu sem hann tók þegar hann ákvað að nota svona breytilegt efni í kjólinn. Hann lenti í fyrsta sæti í þessum þætti og átti það vel skilið. Get ekki beðið eftir að sjá hvað hann gerir í þættinum á morgun.




**PROJECT RUNWAY** Austin sigraði í síðasta þætti og það verður spennandi að sjá hvað gerist á morgun.



▶ 20.30 *Gaman*

GILMORE GIRLS



▶ 20.50 *Spenna*

LAS VEGAS



▶ 22.15 *Spenna*

SUPERNATURAL



▶ 20.30 *Lífstíll*

HEIL OG SÆL



▶ 19.30 *Fótbolti*

BARCELONA – CHELSEA

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Allt um dýrin (25:25)

**18.30 Gló magnaða (41:52)** (Kim Possible)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.30 Mæðgurnar (1:22)** (Gilmore Girls, Ser. V) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar á unglingsaldri.
**21.15 Græna herbergið (2:6)** Þáttaröð þar sem Jónas Ingimundarson píanóleikari og Sigrún Hjálmtýsdóttir söngkona fjalla um tónlist og leika tóndæmi.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Njósnadeildin (10:10)** (Spooks) Breskur sakamálaflokkur.

**23.20** Króníkan (16:20) **0.20** Kastljós **1.25** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.15** The Only Way To Go **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement **13.30** Veggfóður **14.15** LAX **15.00** Amazing Race 5 **16.00** Töframaðurinn **16.20** He Man **16.45** Shin Chan **17.05** Töfrastígvélin **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons 15

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður** Fréttir, íþróttir og veður frá fréttastofu NFS í samtengdri og opinni dagskrá Stöðvar 2, NFS og Sirkuss.
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Strákarnir**
**20.05 Fear Factor (29:31)**
▶ **20.50 Las Vegas** Búið er að opna spilavítið á ný eftir endurbætur.
**21.35 Prison Break (6:22)** Michael tekst að loka fyrir loftræstinguna í fangelsinu en veldur óviljandi meiriháttar uppþoti meðal meðfanga sinna. B. börnum.
**22.20 My Life in Film (3:6)** Eftir að hafa fallið á ökuprófi fimm sinnum ákveður Art að leggja allt undir.
**22.50 Twenty Four (6:24)**

**23.35** Idol – Stjörnuleit **1.10** Idol – Stjörnuleit **1.40** Nip/Tuck **2.30** High Noon (B. börnum) **4.00** New Rose Hotel (Str. b. börnum) **5.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 My Name is Earl Nr. 8 (e)**
**20.00 Friends (12:24)**
**20.30 Idol extra 2005/2006** Í Idol Extra er að finna allt það sem þig langar til að vita um Idol Stjörnuleitina.
**21.00 American Dad (2:16)** Frá höfundum Family Guy kemur ný teiknimyndasería um mann sem gerir allt til þess að vernda landið sitt.
**21.30 Reunion (8:13)**
▶ **22.15 Supernatural (4:22)** Bræðurnir Sam og Dean hafa frá barnæsku hjálpað föður þeirra að finna illu öflin sem myrtu móður þeirra.

**23.00** Laguna Beach (12:17) **23.25** Sirkus RVK (18:30) (e) **23.55** Friends (12:24) **0.20** Idol extra 2005/2006 (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Innlit / útlit (e)

**16.05** The O.C. (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Cheers**
**19.25 Fasteignasjónvarpið**
**19.35 All of Us (e)**
**20.00 How Clean is Your House**
▶ **20.30 Heil og sæl** Heil og sæl er nýr íslenskur matreiðsluþáttur á Skjá einum sem tekur til sýninga á næstunni. Aðaláherslan er lögð á að kenna fólki að lifa eftir 10 grunnreglum í mataræði, sem geta leitt til stórbættrar heilsu og aukinnar orku.
**21.00 Innlit / útlit** Innlit útlit hefur skapað sér sess sem vandaður hönnunar- og lífsstílsþáttur þjóðarinnar.
**22.00 Close to Home**
**22.50 Sex and the City – 4. þáttaröð**

**23.20** Jay Leno **0.05** Survivor: Panama (e) **1.00** Cheers (e) **1.25** Fasteignasjónvarpið (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

besta sætið

**17.30** Gillette World Cup 2006 **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 UEFA Champions League** Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeild Evrópu.
**19.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs**
▶ **1 9.30 UEFA Champions League** (Barcelona – Chelsea) Bein útsending frá Barcelona – Chelsea í 16 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu.
**21.35 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaramörk 2) Knattspyrnusérfræðingarnir Guðni Bergsson og Heimir Karlsson fara yfir gang mála í Meistaradeildinni.
**22.05 UEFA Champions League** Útsending frá leik Juventus og Werder Bremen í 16 liða úrslitum.

**23.55** UEFA Champions League. Villarreai - Rangers, endursýning frá Sýn Extra 2 kl. 19.35 í dag. **1.45** Meistaradeildin með Guðna Bergs

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** You Wish! **8.00** What a Girl Wants **10.00** The Haunted Mansion **12.00** Under the Tuscan Sun **14.00** You Wish! **16.00** What a Girl Wants **18.00** The Haunted Mansion **20.00** Óskarsverðlaunin 2006: Upphitun Í beinni útsendingu (e). **22.30 Under the Tuscan Sun** (Undir Toscanasólu) **0.20** In America (Bönnuð börnum) **2.05** Dead Funny (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Highway (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Fashion Police **14.00** Live from the Red Carpet **16.00** Live 2006 Academy Awards Post Show **18.00** Rich Kids: Cattle Drive **19.00** E! News **19.30** Girls of the Playboy Mansion **20.00** Awards Fashion Police **21.00** Live from the Red Carpet **23.00** Awards Fashion Police **0.00** E! News **0.30** Gastineau Girls **1.00** Celebrity Soup **1.30** Wild On Tara **2.00** Live from the Red Carpet

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**7.00** Að leikslokum (e) **8.00** Að leikslokum (e) **14.00** West Ham – Everton frá 04.03 **16.00** WBA – Chelsea frá 04.03 **18.00** Þrumuskot (e) **19.00** Að leikslokum (e) **20.00** Liverpool – Charlton frá 04.03 **22.00** Tottenham – Blackburn frá 04.03
**0.00** Þrumuskot (e) **1.00** Dagskrárlok





BARÁTTAN VIÐ YFIRNÁTTURLEG ILL ÖFL

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Barcelona - Chelsea **Sýn**, kl. 19:30
Juventus - Werder Bremen **Sýn Extra**, kl. 19:30
Villarreal - Rangers **Sýn Extra 2**, kl. 19:30

### *Meistaradeildin á Sýn*



Stóra spurning kvöldsins í Meistaradeildinni í knattspyrnu er hvort Eiður Smári Guðjohnsen og félagar hans í Englandsmeisturum Chelsea nái að snúa vörn í sókn fyrir framan hundrað þúsund bandóða katalónska knattspyrnuunnendur á Sýn í kvöld. Það er því deginum ljósara að lífróður liðsins verður þrautinni þyngri á Nývangi þar sem það verður að vinna með tveggja marka mun eða einu marki og fleiri mörkum skoruðum. Á meðan sýnir Sýn EXTRA Juventus - Werder Bremen og Sýn EXTRA 2 Villarreal - Rangers sem verða ekki síður spennandi viðureignir fyrir margra hluta sakir.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | 7 | | | 9 | |
| | | | | 4 | | 1 | | 3 |
| | 1 | | | | 8 | | | |
| 2 | 3 | | 5 | | | | | |
| 8 | | 9 | | | | 7 | | 5 |
| | | | | | 3 | | 2 | 6 |
| | | | 8 | | | | 7 | |
| 4 | | 6 | | 5 | | | | |
| | 5 | | | 3 | | | 6 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 4 | 1 | 7 | 5 | 6 | 9 | 8 |
| 9 | 7 | 8 | 6 | 4 | 2 | 1 | 5 | 3 |
| 6 | 1 | 5 | 3 | 9 | 8 | 2 | 4 | 7 |
| 2 | 3 | 7 | 5 | 6 | 9 | 4 | 8 | 1 |
| 8 | 6 | 9 | 2 | 1 | 4 | 7 | 3 | 5 |
| 5 | 4 | 1 | 7 | 8 | 3 | 9 | 2 | 6 |
| 1 | 9 | 3 | 8 | 2 | 6 | 5 | 7 | 4 |
| 4 | 8 | 6 | 9 | 5 | 7 | 3 | 1 | 2 |
| 7 | 5 | 2 | 4 | 3 | 1 | 8 | 6 | 9 |



▶ **7.00**
*Fréttir*

ÍSLAND Í BÍTIÐ

**NFS**

▶**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi

**18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður
**19.45** **Brot úr dagskrá**
**20.00** **Fréttir**
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **48 Hours** (48 stundir)(48 Hours 2005-2006)Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.03** Laufskálinn **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Hugsað heim. Heimsending-heimþrá. Með Elísabet Brekkan **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir

**18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Kvöldtónar **20.40** Kjarval, menningarsagan og samtíminn **21.25** Er ofbeldi fyndið? **22.15** Lestur Passíusálma **23.10** Til allra átta

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert **22.00** Fréttir **22.10** Rokkland

### BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying






## HRÓSIÐ

*...fær Stöð 2 fyrir að endurvekja Prúðuleikarana.*

## AÐ MÍNU SKAPI: VICTOR KRISTMANNSSON FIMLEIKAKAPPI

# *Rapp, spennumyndir og fimleikar*



**TÓNLISTIN**
Ég hlusta mest á rapp og rokk en á eiginlega enga sérstaka uppáhaldstónlistarmenn eða -hljómsveitir. Ég er frekar opinn fyrir tónlist af þessu tagi. Þær útvarpsstöðvar sem ég er hrifnastur af eru til dæmis X-ið, Xfm og Fm 95,7.

**BÓKIN**
Ég les eiginlega aldrei bækur og er meira fyrir að horfa á sjónvarpið í frístundum mínum. Ég glugga þó af og til í skólabækur eins og gengur og gerist.

**BÍÓMYNDIN**
Ég er mest fyrir spennumyndir og þá standa myndirnar Fight Club og Boondock Saints upp úr. Ég held ekkert upp á sérstaka leikara en ef þeir eru í spennumyndageiranum er mjög líklegt að þeir höfði til mín.

**BORGIN**
Nýlega dvaldi ég í Melbourne í Ástralíu og heillaðist af þeirri borg. Mannlífið er lifandi og fólkið er ótrúlega almennilegt og vingjarnlegt. Ég var að taka þátt í HM og gekk það bara ótrúlega vel.

**BÚÐIN**
Þær sem ég held mest upp á eru búðirnar Brim og Smash. Þegar ég kaupi mér föt fer ég ítrekað í þessar tvær búðir og nánast eingöngu. Fötin sem fást í þessum búðum höfða til mín og passa vel í minn fatastíl.

**VERKEFNIÐ**
Núna er ég nýkominn af HM og við taka stanslausar æfingar fyrir EM og næsta HM. Ég æfi tvisvar á dag svo það gefst lítill tími í nokkuð annað þessa dagana. Þetta er stíft prógram en mér finnst þetta skemmtilegt.



**LÁRÉTT**
2 selur 6 stefna 8 dæling 9 forskeyti 11 í röð 12 krapi 14 sykurlögur 16 borðaði 17 spíra 18 höld 20 bardagi 21 tigna.

**LÓÐRÉTT**
1 teikniblek 3 í röð 4 hlutavelta 5 beita 7 fjarskiptatæki 10 mánuður 13 augnhár 15 fálma 16 svif 19 klukkan.

**LAUSN:**
**LÁRÉTT:** 2 urta, 6 út, 8 sog, 9 sam, 11 mn, 12 slabb, 14 síróp, 16 át, 17 ála, 18 tök, 20 at, 21 aðla.
**LÓÐRÉTT:** 1 túss, 3 rs, 4 tombóla, 5 agn, 7 talstöð, 10 maí, 13 brá, 15 pata, 16 áta, 19 kl.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Íslandsbanka.
2. Björn Borg.
3. AZ Alkmaar.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



**HARALDUR ÓLAFSSON** Haraldur er hættur í bili að stoppa upp fugla. Mun hann þess í stað einbeita sér að fiskunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN J. KRISTJÁNSSON

## HARALDUR ÓLAFSSON UPPSTOPPARI: HEFUR VAÐIÐ FYRIR NEÐAN SIG

# Hættur vegna fuglaflensu

Akureyringurinn og uppstopparinn Haraldur Ólafsson ætlar að hætta að stoppa upp fugla af ótta við hina skæðu fuglaflensu.

Þess í stað ætlar hann að einbeita sér að því að stoppa upp fiska eins og hann hefur gert með góðum árangri undanfarin ár. Meðal annars var hann kjörinn heimsmeistari atvinnumanna, fyrir lax frá Bíldudal sem hann stoppaði upp og fór með á HM sem var haldið í Illinois í Bandaríkjunum um síðustu páska. Myndlistarmaðurinn Örn Ingi Gíslason fylgdi Haraldi eftir í ferðinni og tók upp heimildarmynd um ævintýrið. Verður hún væntanlega frumsýnd í sjónvarpi með vorinu.

„Það má segja að ég sé hættur í bili. Eftir hinn átjánda næsta mánaðar ætla ég að sjá til hvernig landið liggur. Það er engin skelfing í gangi og kollegar mínir í Skandinavíu ætla að halda áfram að taka inn fugla með vissum varúðarráðstöfunum,“ segir Haraldur. „Það er aldrei of varlega farið og alveg eins gott að bíða í nokkra mánuði. Það getur alveg verið að sama staða komi upp eftir ár þegar við fáum aftur farfuglana til okkar. Það gæti orðið enn verra, hver veit?“ segir hann.

Haraldur byrjaði fyrir alvöru að stoppa upp dýr fyrir níu árum. „Fyrir tólf til þrettán árum var þetta áhugamál en svo hætti ég að æfa og keppa í ólympískum lyftingum og þá varð til tími sem maður vissi ekki alveg hvað maður ætti að gera við,“ segir hann. „Ég hafði áhuga á veiðum og svo leiddi þetta hvert af öðru. Ég var búinn að keppa í lyftingum í tólf til fimmtán ár og fannst ágætt að halda bara áfram að keppa í þessu þó þetta væri allt, allt öðruvísi.“

Haraldur segir góðan möguleika á að hann byrji aftur að stoppa upp fugla þegar fram líða stundir. „Ég er ekkert voðalega svartsýnn hvað framtíðina snertir hvað varðar þetta fugladót. Það er alveg nóg að baða þá upp úr 45% alkóhóli eða iðnaðarspíra og svo er málið dautt. Fuglarnir komast heldur ekki yfir hafið ef þeir eru orðnir veikir en þetta sýnir að fólk er hugsandi. Allur vari er góður og það er um að gera að fara varlega,“ segir Haraldur, sem er einn af um það bil tíu uppstoppurum hér á landi.

Er hann þegar byrjaður að búa sig undir næsta heimsmeistaramót, sem verður haldið í Reno í Nevada í haust.

freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Spjallvefurinn www.malefnin.com hefur verið einn helsti griðastaður kverúlanta á netinu á síðustu árum. Flest innlegg þeirra sem þar skrifa í skjóli nafnleyndar munu þó stangast á við nafn vefjarins og munu seint teljast málefnaleg en vefurinn virðist hafa náð að fylla býsna vel það skarð sem innhringiþátturinn Þjóðarsálin skildi eftir sig á Rás 2. Eigandi Málefnanna, **Stefán Helgi Kristinsson**, hefur nú brugðið á það ráð að loka vefnum tímabundið, væntanlega vegna ítrekaðra ærumeiðinga sem málverjarnir svokölluðu hafa birt þar um nafngreinda einstaklinga. „Ég hef ákveðið að loka malefnin.com um óákveðinn tíma vegna aðstæðna sem hafa komið upp,“ segir Stefán í tilkynningu sem birtist gestum Málefnanna. Hann bætir því við að sér þyki „ægilega leiðinlegt að þurfa að gera þetta en mér virðist sem það sé eina leiðin eins og lagaumhverfið á Íslandi er í dag.“ Þá lætur hann þess getið að vefurinn sé til sölu.

Reynir Traustason, ritstjóri Mannlífs, er líklega einn þeirra sem gráta ákvörðun Stefáns þurrum tárum en hann hóf á dögunum ákafa herferð gegn „nafnlausum rógberum“ á netinu. Þá hugsar keppinautur Stefáns, **Hrafnkell Daníelsson** sem rekur svipaðan vef undir léninu alvaran.com, sér væntanlega gott til glóðarinnar enda getur hann nú látið sig dreyma um aukna umferð um Alvöruna. Sjálfur hrökklaðist Hrafnkell af Málefnunum eftir að hafa lent upp á kant við spjallfélaga sína þar. Þá má ekki gleyma því að sprækustu málverjarnir stigu margir hver sín fyrstu skref á spjallvef Vísis en yfirgáfu hann vegna meintrar ritskoðunar. Innherjaspjall Vísis er þó enn uppi og því hæg heimatökin fyrir nöldurþyrsta að snúa aftur til föðurhúsanna.



- þþ





# Margt breyst á þremur árum

Hinn 18. mars verða sýndar í Háskólabíói heimildarmyndirnar Ég er arabi og 1001 nótt sem fjalla báðar um stríðið í Írak og þátttöku Íslendinga í því.

Ég er arabi var sýnd fyrir þremur árum í Háskólabíói á kvikmyndahátíðinni Shorts and Docs en 1001 nótt er sjálfstætt framhald hennar, sem þeir Ari Alexander kvikmyndagerðarmaður og Sigurður Guðmundsson myndlistarmaður eru að leggja lokahönd á þessa dagana.

Ari segir að myndin Ég er arabi hafi ekki fengist sýnd í sjónvarpi hér á landi vegna þess að hún hafi þótt of róttæk og ekki fallið að dagskrárstefnu sjónvarpsstöðvanna. „Myndin fékk ekki mikla umfjöllun á sínum tíma. Umræðan eins og hún var í öllum fjölmiðlum var eins og þetta væri hið eina rétta þótt meirihluti Íslendinga, áttatíu prósent, væri á móti stríðinu í könnun Gallups,“ segir Ari. „Fólk má bara hafa vissar skoðanir í þessu þjóðfélagi en þessi mynd beinist ekki að persónu Halldórs eða Davíðs.“

Að sögn Ara byggir 1001 nótt á myndefni sem hann hefur tekið af netinu og er nafnið vísun í að 1001 nótt sé liðin síðan stríðið hófst. „Á þessum þremur árum hefur ótrúlega margt breyst. Ég hef fengið auðveldan aðgang að efni þar sem amerískir hermenn og arabar taka myndir af hermönnum að drepa fólk,“ segir hann.

Myndirnar tvær verða sýndar hvor á eftir annarri og tekur sýning þeirra alls um það bil 45 mínútur.

- fb



**ARI ALEXANDER** Kvikmyndagerðarmaðurinn Ari Alexander sýnir á næstunni tvær heimildarmyndir í Háskólabíói ásamt myndlistarmanninum Sigurði Guðmundssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



PÍANÓ
af öllum stærðum og gerðum
YAMAHA
Yamaha píanó.
Yamaha píanó og flyglar
með og án SILENT búnaðar.
Veldu gæði – veldu Yamaha!
Samick píanó.
Mest seldu píanó á Íslandi!
Fáanleg í svörtu, hnotu og mahoný.
Verð frá 357.000 kr.
Goodway píanó.
Fáanleg í svörtu, hnotu og mahoný.
Verð frá 199.000 kr.
15 mán. Vaxtalausar greiðslur.
ESTONIA
Estonia flyglar.
Handsmíðuð gæðahljóðfæri.
STEINWAY & SONS
Steinway & Sons
Fyrir þá sem vilja aðeins það besta.
Til sýnis í verslun okkar.
Mesta úrval landsins á einum stað!
HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
Leifur Magnússon
Suðurlandsbraut 32 • 108 Reykjavík • 591 5350

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



**BAKÞANKAR**

KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR

## *Hvurslags eiginlega er þetta?*

Íslenskir ráðsmenn - ráðnir og kjörnir til að reka heimilið, rækta garðinn, matbúa möguleikana, hvetja heimilisfólkið til dáða og gera því kleift að sinna hugðarefnum sínum af metnaði og krafti kunna misvel til heimilisverka. Ál og meira ál er lausnin - einföld eins og skyndibiti og rennur ljúflega ofan í langsvelta landsbyggðina sem búið er að sjúga lífsgleðina úr með kvótabraski og vögguvísum um möguleikaskortinn.

**FÖRUFÓLK** á betlibrók í skýjakljúfum Nýju Jórvíkur kemur heim og hótar lýðnum. Hótar honum að allt fari fjandans til, allir verði atvinnulausir og éti það sem úti frýs ef ekki verði fleiri álver, hótar að ef álrisarnir fái ekki það sem þeir vilja - stækkun og stuð - þá fari þeir og skilji eftir sig rjúkandi rúst, hótar að ef ekki verði virkjað fyrir stóriðju á umhverfisvænu paradísareyjunni í norðri muni aðrir jarðarbúar grafa heimsbyggðina í kolaskít. Og þá hljómar þetta svona: Þeir sem ekki vilja álvæða um allar trissur bera ábyrgð á stórfelldri mengun um víða veröld um alla framtíð, bera ábyrgð á því að álversmógúlarnir fari í fússi af því að þeir fengu ekki nákvæmlega það sem þeir vildu, bera ábyrgð á að hér verði allir komnir í moldarkofa með hor út á kinn að naga skósóla í hallæri innan örfárra ára ef ekki verði ál og meira ál.

**HVURSLAGS** pólitík er þetta eiginlega? spyrja einhverjir og slá sér á lær. Ætlast fólk til þess að vera tekið alvarlega með svona röksemdafærslu? Já, það ætlast til þess og verður að ósk sinni. Einfaldur og hraðsoðinn hræðsluáróður er eitt af öflugustu vopnum veraldarsögunnar þegar halda á sauðsvörtum í skefjum á milli kosninga - næstum jafn öflugt vopn og hótanir. Komið með aðrar hugmyndir, sagði maður að norðan um daginn. Það er núna sem við viljum fá þær. Við hlið hans sat sveitungi sem byggir atvinnustarfsemi sína á einni lítilli hugmynd um syndandi hvali í sjó og kom plássinu á kortið.

**LITLA** íslenska fjölskyldan á hjara veraldar leggur nú af stað í langferð. Nestið er ekki fjölbreytt í bakpokanum - ál og meira ál - og leiðsögumennirnir í ferðinni verða erlendir álrisar. Í pokanum eru líka vonir um undanþágur og aukaskammta af mengunarkvótanum frá Kyoto.

www.volkswagen.is




Svo er hann líka með ASR spólvörn, sóllúgu, 16” álfelgur, armpúða milli framsæta, samlit á listum og hurðum, leðurstýri, 6 öryggispúða, ISOFIX festingar fyrir barnabílstóla, rafrænt hraðatengt aflstýri, Volkswagen hljómtæki og geislaspilara, 8 hátalara, fjarstýrðar samlæsingar, rafdrifna og hitaða útispegla, vindskeið að aftan, þokuljós í framstuðara og rafdrifnar rúður.

**Golf Idol 1.950.000 kr.**

Aus Liebe zum Automobil

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is




4,35%
VEXTIR

**FRJÁLS ÍBÚÐALÁN**

Okkar markmið er að veita framúrskarandi þjónustu á sanngjörnum kjörum. Komdu til okkar í **Lágmúla 6**, hringdu í **540 5000** eða sendu okkur póst á **frjalsi@frjalsi.is**. Við viljum að heima sé best!

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN